22



Stöndum áfallið af okkur

24



Virðist vera að rofa til í skógræktinni

26-27



Svæðisgarðurinn Snæfellsnes


# Bændablaðið

12. tölublað 2015 • Fimmtudagur 25. júní • Blað nr. 445 • 21. árg. • Upplag 32.000




Framtakssamar systur:

## Stofnuðu eigin húsdýragarð

### – hafa nú nóg að gera

**Systurnar Sara Bjarnadóttir, þrettán ára og Linda Bjarnadóttir, sextán ára, ákváðu að stofna húsdýragarð heima hjá sér á Hraðastöðum í Mosfellsdal fyrir tveimur árum.**

Þær vantaði einfaldlega sumarvinnu, en nú taka þær á móti fjöldanum öllum af gestum á hverju sumri. Vonast þær til að húsdýragarðurinn sé kominn til að vera.

Það er ýmislegt sem þær systur bjóða upp á þegar kemur að sveitaheimsóknunum og fyrir utan leikskóla- og skólahópana koma starfsmannahópar til þeirra og einnig er í boði að halda afmælisveislur á staðnum þannig að fjölbreytnin er í fyrirrúmi. /ehg

*– Sjá nánar bls. 7*

**Systurnar Linda Bjarnadóttir, sextán ára og Sara Bjarnadóttir, þrettán ára, hafa rekið dýragarð heima hjá sér að Hraðastöðum í Mosfellsdal síðustu tvö árin og eykst aðsókn á hverju ári.** Mynd / ehg

**Evrópskum mengunarkvótum sullað saman við hreinleikaímynd íslenskrar raforku samkvæmt tilskipun ESB:**

# Í boði er kjarnorkumenguð raforka eða að kaupa syndaaflausnarbréf

### – íslenskir garðyrkjubændur og aðrir verða að kaupa sig frá mengunarþættinum vilji þeir fá vottorð um notkun á „hreinni orku“

**Ísland og Íslendingar hafa lengi stært sig af framleiðslu á hreinni endurnýjanlegri raforku. Því skýtur það skökku við að á reikningum orkufyrirtækjanna sé tekið fram að meirihluti af orkunni sé framleiddur með kjarnorku, olíu, kolum og gasi.**

Þótt ýmislegt sé gert á Íslandi á bak við tjöldin þá verður að telja nær útilokað að einhvers staðar hafi verið reist kjarnorkuver án þess að nokkur hafi tekið eftir því. Slíkt mætti þó ætla ef rýnt er í upprunaupplýsingar í raforkureikninga landsmanna. Reyndar mun skýringin á þessari skilgreiningu á uppruna orkunnar vera sala íslenskra orkufyrirtækja á grænum vottorðum til útlanda sem hófst 2011. Í þessum viðskiptum er m.a. skilgreint hlutfall kjarnorkuframleiðslunnar í viðkomandi landi og vegna þessarar sölu hefur sams konar skilgreiningum verið bætt inn í á sölu á raforku hér á landi.

Orkuveita Reykjavíkur var t.d. komin með þá skýringu á sínum reikningum 2012 að endurnýjanleg orka stæði undir um 89% af rafmagninu og jarðefnaeldsneyti stæði fyrir sex prósentum. Þau fimm prósent sem eftir eru komi frá kjarnorku. Árið 2012 var kjarnorkuhlutinn kominn í 16% og jarðefnaeldsneyti í 21%. Árið 2013 var kjarnorkuhlutfallið svo komið í 24% og jarðefnaeldsneytið í 37%. Vegna aukinnar raforkuframleiðslu með vatnsafli og heldur minni sölu hreinleikavottorða minnkaði kjarnorkuhlutfallið í 23% árið 2014.

Vegna þessarar útlistunar á samsetningu orkunnar er útilokað að t.d. íslensk gróðurhús geti fengið það vottað að þau séu að nota 100% endurnýjanlega orku við sína framleiðslu – nema þá gegn umtalsverðri þóknun.

Sveinn A. Sæland, fyrrverandi formaður Sambands garðyrkjubænda, sem rekur garðyrkjustöðina Espiflöt með fjölskyldu sinni, staðfesti þetta í samtali við Bændablaðið. Hann segist hafa fengið tilboð frá Orku náttúrunnar (ON), dótturfélagi Orkuveitu Reykjavíkur, um að garðyrkjubændur sem þar eiga viðskipti gætu keypt sig frá þessari óhreinu orku og fengið stimpil um að þeir notuðu aðeins hreina orku.

*Hægt að fá hreinleikavottorð fyrir 5,1 eyri á kílówattstund*

„Okkur var boðið að kaupa okkur frá þessari vitleysu fyrir sem nemur 5,1 eyri á kílówattstund. Þannig gætum við keypt kjarnorku og jarðefnaeldsneytið út af reikningum hjá okkur og fengið rafrænt „logo“ inn á heimasíðuna sem segir að við séum að kaupa hreina orku. Ég var bara ekki tilbúinn að taka þátt í svona skrípaleik.“

Þetta getur numið um 4,2 milljónum króna á ári hjá allri garðyrkjunni sem kaupir árlega um 82 milljónir kílówattstunda. Sagði Sveinn að í samtali við fulltrúa ON hafi komið fram að öllum öðrum Íslendingum væri einnig boðið upp á sömu „kostakjör“ á hreinleikanum. Það er að segja svo lengi sem hreinleikavottorðin seldust ekki upp.

*Bíta höfuðið af skömminni*

„Mér fannst að þarna væru menn að bíta höfuðið af skömminni. Við sem höfum verið að berja okkur á brjóst í gegnum tíðina að við séum með svo æðislega flotta atvinnugrein og með hreina orku og vatn og enga koltvísýringsmengun. Nú er okkur sagt að þetta sé allt koldrullugt. Svo leyfa menn sér að bjóða okkur að borga okkur frá þessu,“ segir Sveinn.

Einn góður maður setti fram þá samlíkingu að þetta væri eins og einhver kæmi og skiti á tröppurnar hjá manni, bankaði svo á útidyrnar og byði húsráðanda að borga viðkomanda fyrir að þrífa upp skítinn eftir sig.

*Boðið upp á sjálfsblekkingarskatt*

Sala á grænum vottorðum til útlanda hefur valdið því að í raun er opinberlega verið að ljúga til um uppruna orkuframleiðslunnar á Íslandi. Það sem verra er, að í skjóli þessara skilgreininga eru orkufyrirtækin farin að stilla framleiðendum á borð við garðyrkjubændur og aðra upp við vegg. Er þeim nú boðið að kaupa sig frá þessari kjarnorku-, olíu-, gas- og kolaskilgreiningu til að fá vottun fyrir notkun á 100% hreinni raforku. Þeim er sem sagt gert að borga eins konar sjálfsblekkingarskatt til orkufyrirtækjanna eða kaupa syndaaflausnarbréf til að fá vottun fyrir notkun á hreinni orku sem hér er framleidd. /HKr.

*– Sjá fréttaskýringu á bls. 20–21*

Fréttir

Slow Food®

## Piero Sardo frá Slow Food kemur til landsins

**Piero Sardo, framkvæmdastjóri stofnunar um líffræðilegan fjölbreytileika hjá Slow Food-hreyfingunni, verður á Íslandi dagana 7.–11. júlí.**

Af því tilefni munu Bændasamtökin efna til málþings þann 9. júlí sem mun standa frá klukkan 9–11, í salnum Esju II á Hótel Sögu.

*Einn af áhrifameiri mönnum*

Piero Sardo er einn af áhrifameiri mönnum í heiminum þegar kemur að líffræðilegum fjölbreytileika í verki. Stofnunin sem hann vinnur hjá sér um öll þau tæki sem Slow Food-deildir um heim allan geta notað til að varðveita fjölbreytileika í matvælaframleiðslu í gegnum smáframleiðendur. Meðal þeirra tækja eru Bragðörkin, sem telur 2.500 skráningar og þar af 12 á Íslandi (sem er met á Norðurlöndum), og Presidia þegar afurðin er talin markaðsvæn og lífvænleg. Hér á landi hefur íslenska geitin verið tilnefnd og hefur hún verið samþykkt, ásamt hefðbundnu íslensku skyri. Piero Sardo kemur hingað til lands til að staðfesta þessar skráningar í Presidia sem tengjast verndun vöruheita.




Jarðvegsvernd:

## Rannsakað á Íslandi

**Landgræðslan er þátttakandi í evrópsku rannsóknarverkefni – RECARE sem snýst um það hvernig auka megi jarðvegsvernd og bæta jarðvegsgæði gegnum öflugt samstarf með hagsmunaaðilum.**

Alls taka 27 Evrópulönd þátt í verkefninu og þar af leggja 17 þeirra til rannsóknasvæði, Ísland er þar á meðal. Íslenska rannsóknin fer fram á svæði innan Hekluskógaverkefnisins og nýtur góðs af fjölbreyttum uppgræðsluaðferðum og sterku samfélagsneti þess verkefnis.

Á dögunum var haldinn vinnufundur á vegum RECARE-verkefnisins í Gunnarsholti þar sem gestir frá tíu löndum báru saman bækur sínar og samræmdu vinnuaðferðir innan verkefnisins með því að rýna í íslenska rannsóknarsvæðið.

Þátttakendur á vinnufundinum fóru um Hekluskógasvæðið og skoðuðu mismunandi uppgræðsluaðferðir og ræddu við hagsmunaaðila innan svæðisins. Öllum fannst áhugavert að heyra af elju allra þeirra sjálfboðaliða sem koma að landbótavinnu og stunda hana af væntumþykju fyrir landinu umfram allt.

RECARE-verkefnið hófst í nóvember árið 2013 og er til fimm ára. /VH

### Enn er margt á huldu um ærdauðann óvenjulega:

# Ýmsar tilgátur en engar haldfastar niðurstöður

### – hvatt til að allir sauðfjárbændur svari könnun Landssamtaka sauðfjárbænda

**Sem kunnugt er af fréttum undanfarinna vikna hefur talsvert borið á óvenjulegum ærdauða víðs vegar á landinu. Um talsverð afföll er að ræða í sumum tilvikum. Landssamtök sauðfjárbænda og Matvælastofnun vinna nú hörðum höndum að því að leita skýringa á þessum ærdauða og leita eftir aðstoð bænda til að kanna umfang og útbreiðslu með skrásetningu í gegnum Bændatorg, sem finna má undir vef Bændasamtaka Íslands (bondi.is). Auk þess hefur ítarleg spurningakönnun verið send út til allra sauðfjárbænda.**



Sigurður Sigurðarson. Mynd / VH



Þórarinn Ingi Pétursson. Mynd / TB

Sigurður Sigurðarson, dýralæknir og fyrrverandi yfirdýralæknir, má teljast með þeim reynslumeiri í því að fást við veikt sauðfé enda með um fjörutíu ára starfsreynslu að baki. „Af því sem ég hef séð og frétt af er ekkert sem bendir til þess að þarna geti verið um sjúkdóm að ræða eða eitrun – og allra síst frá Holuhrauni því það hefur borið mest á þessum dauðsföllum í hvað mestri fjarlægð frá gosstöðvunum," segir Sigurður Sigurðarson dýralæknir.

*Samverkandi þættir hafa gert útslagið*

„Mínar tilgátur, auðvitað með fyrirvara því ég hef ekki grandskoðað þetta, eru þær að þarna sé um að ræða samverkandi þættir sem séu valdur að þessu. Í fyrsta lagi eru hey mjög léleg frá fyrra ári, kuldinn í vor hefur haft áhrif og svo eru menn að rýja kindur – en það ætti alls ekki að gera vegna þess hvað þær eru í lélegum holdum. Fóstrin hafa forgang af því sem skepnurnar fá í sig af næringu og því verður of lítið eftir handa kindunum. Svo hefur fita markvisst verið ræktuð úr stofninum á kostnað vöðva, en hún er skjöldur líkamans gegn kulda. Þegar bændur fóru að bregðast við þessu með því að gefa fóðurbæti þá veit ég til þess að í það minnsta einhverjar tegundir af fóðurbæti eru orðnar lakari próteingjafar en áður fyrr, þar sem nú er meira um að notað sé soja í stað fiskimjöls – og það getur skipt máli," segir Sigurður sem hefur krufið nokkrar kindur og borið saman bækur sínar við aðra dýralækna og fengið ágætan hljómgrunn fyrir þessum tilgátum.

„Ég hef aðeins heimsótt bændur og kíkt á aðstæður, en það hefur ekki verið mikið þar sem ég er hættur störfum og hef því þann fyrirvara á þessu að ég er ekki að vinna að fullu í þessu. Ég hef þó langa reynslu af því að eiga við sauðfjársjúkdóma og held að reynslan telji eitthvað. Í því sem ég krufði var til dæmis ekkert sem benti til þess að um smitsjúkdóm gæti verið að ræða," segir Sigurður.

Hann bætir því við að það sé heldur ekki til bóta – þegar svona mál koma upp – að ekki sé nein almennileg forðagæsla lengur til staðar í landinu.

*Hvorki næringarskortur né kuldi*

„Það er engin niðurstaða komin enn í málið. Við erum bara enn að vinna hörðum höndum að því að safna gögnum og senda sýni til rannsókna í samvinnu við Matvælastofnun," segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda (LS). „Það er búið að taka blóðsýni á töluvert mörgum bæjum og talsvert verið krufið líka. Það er ljóst að það er eitthvað meira að en einungis of lélegt fóður sé að ræða. Ég get ekki heldur verið sammála því að kuldi og lélegt fóður geti verið ástæðan. Ég rökstyð það þannig að stærsti hlutinn af þessum ám sem hafa drepist, drápust fyrir burð – og því hefur kuldi ekki áhrif á það. Það er líka athyglisvert að þegar bændur brugðust við þeim aðstæðum sem komu upp með því að hlú að þeim með betri fóðrun og aðbúnaði, þá svöruðu ærnar því illa eða alls ekkert. Það er samt alveg rétt hjá Sigurði að einhverjar ær hafa drepist úr kulda,til dæmis í þessum hvelli sem kom í byrjun júní," segir Þórarinn.

„Ég þekki orðið þetta ástand ágætlega – enda hef ég lent sjálfur í þessu. Ég get sagt að í mínum tilvikum hafi ærnar ekki drepist úr næringarskorti og ekki úr kulda, því í öllum tilvikum hafa ærnar verið inni sem drápust. Mjög margir reyndu að grípa inn í strax í byrjun með því að taka þessar ær frá og fóðra þær sér; á lýsi, fóðurbæti, jafnvel betra heyi og fleiru. Einhverjir eru með niðurstöður heyrannsókna og geta því séð efnainnihaldið. Það sem er hins vegar sammerkt með þessum ám sem hafa drepist er að þær hafi ekki svarað betri fóðrun og aðbúnaði. Þá hlýtur eitthvað meira að vera að. Við erum með dæmi af bæjum sem liggja hlið við hlið og eru með svipaða búskaparhætti, þar sem á öðrum bænum hafa 10–15 prósent af ánum drepist yfir veturinn, en á hinum ekki neitt. Það er líka merkilegt að oft á tíðum eru þær ær sem hafa lifað af – á þessum bæjum sem hafa lent illa í þessu – oft í toppstandi," segir Þórarinn.

Hann segir að áfram verði safnað gögnum – í það minnsta út vikuna – til að hægt verði að komast til botns í þessu sem allra fyrst. Það sé afar mikilvægt að bændur veiti upplýsingar um sín bú svo hægt sé að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir. Eitthvað sé um að bændur hafi byrjað á því að svara könnuninni inni á Bændatorginu en ekki klárað. Mikilvægt sé að það sé gert.

*Ríflega 200 bændur svarað á Bændatorginu*

Að sögn Svavars Halldórssonar, framkvæmdastjóra LS, höfðu 245 bændur svarað könnuninni í gærmorgun á Bændatorginu. Hjá þeim hafa um 2.998 ær drepist og þar af 1.500 óbornar. Til samanburðar drápust 1.435 ær á heilu ári þar á undan (haust 2013 til hausts 2014) hjá þessum 245 bændum. Þetta er 101% aukning, jafnvel þótt tímabilið sé styttra. Sé farið ári lengra aftur í tímann (haust 2012 til hausts 2013) sést að þá drápust 1.153 dýr. Aukningin miðað við það er 160%.

Tekin hafa verið 35 blóðsýni úr veikum kindum á Norðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum. Að auki voru sjö kindur krufnar á Keldum. Áður höfðu Keldur fengið sex ær til krufningar frá bændum svo í heildina höfðu þrettán ær verið krufnar í byrjun þessarar viku. Enn bólar ekkert á skýrum svörum.

Matvælastofnun hefur valið tíu fjárbú til rannsókna og sýnatöku. Tekin verða blóðsýni, auk þess sem velja á veikburða ær til krufningar. Um 20 sýni verða tekin á hverjum bæ, tíu úr sauðfé sem sýnir einkenni og önnur tíu úr sýnilega heilbrigðu fé.

Rannsóknin er nú að fullu í höndum Matvælastofnunar í náinni samvinnu við LS. Könnuninni á Bændatorginu verður lokað á miðnætti sunnudaginn 28. júní. /smh

### Verkfalli dýralækna lokið – hvað nú?

# Ástand sem ekki má koma upp aftur

### – segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands

**Verkfall dýralækna stóð í tæpar tíu vikur. Það hafði víðtæk áhrif og ekki síst á bændur. Um tíma máttu þeir hvorki slátra né setja kjöt á markað þannig að bæði velferð dýra og hagur bænda var í húfi.**

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að svona ástand megi ekki koma upp aftur.

„Næstu skref af hálfu Bændasamtakanna er að fara yfir afleiðingar verkfallsins og ræða þær við stjórnvöld og dýralækna til að skoða hvað við getum gert til að koma í veg fyrir að svona gerist aftur," segir Sindri.

*Ekki boðlegt ástand*

„Ég ber fulla virðingu fyrir verkfallsréttinum og réttindum fólks til að berjast fyrir bættum kjörum. Þegar kemur að velferð dýra í dýrahaldi sem hefur þann tilgang að framleiða matvöru verður starfsemin að ganga eftir með ákveðnum hætti.



Sindri Sigurgeirsson. Mynd / VH

Eldi dýra til matvælaframleiðslu er ekki eins og átöppunarverksmiðja fyrir vatn þar sem er hægt að skrúfa fyrir framleiðsluna og loka. Eðli matvælaframleiðslu er þannig að hún verður að ganga sem mest hnökralaust og það er ekki boðlegt að ein stétt geti sett hana í svona mikið uppnám."

Sindri segir því nauðsynlegt að fara yfir málið með öllum aðilum og skoða hvort hægt sé að gera þær breytingar sem leiði til þess að verkfallsaðgerðir sem þessar hafi ekki áhrif á velferð dýra og afkomu bænda sem eru þriðji aðili að málinu og hafa ekki með samningana að gera.

*Hissa á að svona ástand komi upp*

Að sögn Sindra höfðu Bændasamtökin samband við systursamtök sín á Norðurlöndunum og leituðu upplýsinga um hvernig þau hefðu brugðist við í svipuðum tilfellum.

„Þar þekktu menn ekki dæmi um svona langt verkfall og að viðlíka vandamál hefði komið upp. Menn nefndu dæmi um tveggja daga verkfall en ekkert í líkingu við það sem var að ljúka hér og voru hreinlega hissa á því að svona ástand gæti komið upp."

*Ólíklegt að það verði krafist skaðabóta*

Heyrst hafa raddir sem vilja skoða möguleika bænda á að krefjast skaðabóta frá dýralæknum vegna aðgerðanna.

Sindri segist ekki búast við að farið verði út í slíkar aðgerðir. „Það hafa nokkrir aðilar, t.d. sláturleyfishafar, ámálgað að þeir vildu láta kanna réttarstöðu sína. En eftir að samkomulag náðist í verkfallinu um ákveðna markaðssetningu afurða þá drógu menn heldur í land með það." /VH



FRUM - www.frum.is

# Vertu víðsýnn veldu CLAAS

## CLAAS framleiðir 40 gerðir dráttarvéla á bilinu 72-530 hestöfl.

CLAAS er þýskt fjölskyldufyrirtæki stofnað árið 1913 og er einn stærsti framleiðandi landbúnaðartækja í heiminum.



- CLAAS ATOS 220-350
- 76-109 hestöfl
- Fæst 3ja og 4ra strokka
- Breitt úrval gírskiptinga
- Smart stop og Dynamic steering



- CLAAS ARION 410-460
- 90-140 hestöfl
- Panoramic hús
- 16/16 gíra skipting
- Ein stjórnstöng fyrir ámoksturstæki, beisli og gírskiptingu



- CLAAS ARION 530-650
- 140-184 hestöfl
- Hexactiv gírskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 110 l LS vökvaflæði
- Byggð á hálfgrind



- CLAAS AXION 810-850
- 215-264 hestöfl
- Hexactiv gírskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- Fagblaðamenn frá 20 Evrópulöndum völdu CLAAS Axion 800 vél ársins 2014

CLAAS

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is

### Húnaþing vestra:

# Stórhætta skapast af slæmu ástandi vega

**Byggðarráð Húnaþings vestra furðar sig á tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018 sem lögð var fram á Alþingi af innanríkisráðherra fyrir skömmu.**

Í fundargerð byggðarráðs segir að ekki sé að sjá af áætluninni að til standi að setja nokkurt fjármagn til vegaframkvæmda í Húnaþingi vestra. Víða í sveitarfélaginu sé ástand vega orðið þannig að stór hætta stafi af.

Byggðarráð nefnir Vatnsnesveg sem dæmi, en um þann veg fari gríðarlegur fjöldi bíla á degi hverjum árið um kring og umferð ferðamanna hafi aukist þar jafnt og þétt. Einnig eru nefnd gatnamót þjóðvegar 1 við Laugarbakka þar sem mildi sé að ekki hafi orðið stórslys. Þá nefnir byggðarráð að stofn og tengivegir í sveitarfélaginu séu víða í mjög slæmu ástandi. Þetta séu einungis örfá dæmi af fjölmörgum.

Byggðarráð lýsir einnig furðu sinni yfir vinnubrögðum samgöngunefndar sem boðaði til fundar í Reykjavík til umræðna um áætlunina með minna en sólarhrings fyrirvara í gegnum landshlutasamtökin. /MÞÞ

### Mikilvægt að skrá áfram tjón af völdum álfta og gæsa:

# Vinna við aðgerðar-áætlun að hefjast

**Á vegum Bændasamtaka Íslands og Umhverfisstofnunar var haldin ráðstefna í Gunnarsholti þann 10. apríl síðastliðinn þar sem upplýsingar voru kynntar sem bændur höfðu skráð um tjón af völdum álfta og gæsa. Kom þar í ljós að tjón á síðasta ári var afar umfangsmikið.**

Í framhaldinu gaf fulltrúi umhverfisráðuneytisins út að skipaður yrði aðgerðarhópur á vegum stjórnvalda til að vinna að tillögum um aðgerðir til að bregðast við vandanum. Að sögn Jóns Baldurs Lorange, sem hefur m.a. unnið í þessum málum fyrir hönd Bændasamtakanna, þá er vinna með stjórnvöldum að aðgerðaráætlun að komast í gang. „Tjónaskýrslur frá bændum í fyrra sýndu fram á verulegt tjón sem gerir kornbændum mjög erfitt fyrir á sumum svæðum landsins. Tilkynningar um tjón sem bændur skráðu á Bændatorgið í fyrra hafa verið mikilvæg gögn til að þrýsta á stjórnvöld um aðgerðir. Það skiptir því öllu máli að bændur haldi áfram að skrá tjón á þessu ári á Bændatorginu. Upplýsingar um tjón fara til Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands til skoðunar og úrvinnslu. Bændasamtökin hvetja bændur til að skrá allt tjón af völdum fugla samviskusamlega svo það geti orðið grundvöllur að aðgerðaáætlun í samvinnu við stjórnvöld.“

Til þess að hægt sé að skrá tjón á spildum þurfa þær að vera skráðar í JÖRÐ, skýrsluhaldskerfið í jarðrækt, en einnig þarf stafrænt túnkort að vera til staðar.

Í upplýsingum sem skráðar eru þarf eftirfarandi að koma fram: umfang tjóns, tegund fugla sem valda tjóni, tímabil sem tilkynnt tjón á við um, hvaða forvörnum var beitt og mat á kostnaði við forvarnir. Þá eru bændur hvattir til að taka myndir sem sýna fram á tjónið og senda með tjónatilkynningu. Nánari upplýsingar veita búnaðarsambönd og Jón Baldur Lorange hjá Búnaðarstofu. /smh



Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS, og Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri BÍ, undirrita samninginn. Mynd / HKr.

# Nýr kjarasamningur BÍ og Starfsgreinasambandsins

**Þann 22. júní var undirritaður nýr kjarasamningur á milli Bændasamtaka Íslands og Starfsgreinasambandsins. Samningurinn byggist á aðalkjarasamningi SGS og Samtaka atvinnulífsins sem samið var um fyrir skemmstu.**

Nær samningurinn yfir starfsfólk sem vinnur almenn landbúnaðarstörf. Sá samningur var einmitt samþykktur í almennri atkvæðagreiðslu SGS sama dag og samingurinn við BÍ var undirritaður. Launabreytingar eru með sama hætti og í aðalkjarasamningi sem og gildistíminn, en hann er til ársloka 2018.

Einu sértæku breytingarnar eru annars vegar þær að samningurinn er ekki lengur bundinn við landbúnaðarstörf á lögbýlum. Það er einkum gert til að skýra stöðu starfsmanna á garðyrkjubýlum en sum þeirra eru ekki lögbýli. Hins vegar var samið um hækkun á frádrætti vegna fæðis- og húsnæðiskostnaðar starfsmanna.

Samningurinn var staðfestur af stjórn BÍ þann 24. júní og er aðgengilegur á bondi.is.



Alvarlegustu merki sýkingar af bakteríunni MRSA CC398 eru kýli á húð, blóðeitrun og jafnvel dauði.

### MRSA CC398 finnst í kjöti í verslunum í Bretlandi:

# Notkun sýklalyfja í landbúnaði tifandi tímasprengja

**Rannsóknir í Bretlandi sýna að baktería sem kallast MRSA CC398 og er ónæm fyrir sýklalyfjum finnst í svínakjöti í verslunum þar í landi. Bakterían hefur borist í menn og valdið alvarlegum sýkingum. Sýkingin er alvarlegt vandamál á dönskum svínabúum.**

CC398 afbrigðið MRSA bakteríunnar er þekkt í svínabúum víða í Evrópu og er verulegt vandamál í Danmörku. Bakterían smitast milli dýra sem alin eru þröngt og til skamms tíma voru sýklalyf notuð í baráttunni við hana. Nú er svo komið að CC398 afbrigðið er ónæmt fyrir sýklalyfjum.

Fyrir um það bil ári sagði Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði og yfirlæknir sýklafræðideildar Háskóla Íslands, í samtali við Bændablaðið að notkun sýklalyfja í landbúnaði tengist einu alvarlegasta lýðheilsuvandamáli samtímans.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin, Evrópusambandið og Smitvarnamiðstöð Bandaríkjanna hafa lýst því yfir að sýklalyfjaónæmi sé ein mesta ógnin við lýðheilsu í heiminum í dag. Þrátt fyrir það eru sýklalyf víða notuð sem vaxtarhvati í landbúnaði og fram eru komnar ofurbakteríur sem geta borist í menn og eru ónæmar fyrir öllum sýklalyfjum sem eru á markaði í dag.

Talið er mögulegt að um miðja þessa öld muni fleira fólk látast á ári af völdum sýklalyfjaónæmis en sjúkdómum.

*Berst með fólki og hráu kjöti*

Þrátt fyrir að yfirvöld í Bretlandi haldi því enn fram að almenningur þurfi ekki að hafa áhyggjur af sýkingu vegna bakteríunnar hefur komið í ljós að hún smitast hæglega í fólki og getur valdið alvarlegri sýkingu og jafnvel dauða. Fólk getur einnig borið í sér bakteríuna án þess að sýkjast en á sama tíma sýkt aðra. Algengasta smitleið bakteríunnar er þegar fólk meðhöndlar hrátt svínakjöt eða þá að hún berst manna á meðal frá starfsfólki á svínabúum.

Alvarlegustu merki sýkingar eru kýli á húð, blóðeitrun og jafnvel dauði.

*2/3 danskar svínabúa sýkt*

Rannsóknir í Danmörku sýna að þar sé CC398 að finna á um 2/3 allra svínabúa í landinu og að bakterían breiðist hratt út. Árið 2013 greindust 648 Danir sýktir af CC398 en ári síðar 2014 var sú tala komin í 1271. Af þeim hafa tveir látist af völdum sýkingarinnar.



Notkun á sýklalyfjum sem vaxtarhvata bönnuð í Evrópu en þrátt fyrir það er hún algeng enda lyfin auðkeypt á Netinu.



Því miður er aðbúnaður dýra á verksmiðjubúum ekki alltaf til fyrirmyndar.

Í fyrra fannst bakterían í naflastreng tveggja nýfæddra barna í Skotlandi sem bendir til að CC398 geti borist frá móður til barns á meðgöngu.

Danir flytja út mikið af svínakjöti og 90% af sýkta kjötinu sem fannst í verslunum á Bretlandseyjum var upprunnið frá Danmörku. Aðrar rannsóknir hafa sýnt að bakterían finnist einnig í breskum svínabúum.

*Vandamál sem hverfur ekki*

Sýklafræðingar í Danmörku segja ástandið þar í landi vera faraldur sem kominn er úr böndunum og að aðrar þjóðir eigi að líta á það sem víti til varnaðar. „Vandamálið hverfur ekki þrátt fyrir að menn loki augunum fyrir því.“

Karl G. Kristinsson orðaði þetta í fyrra á þennan hátt:

„Bakteríur hafa gríðarlega aðlögunarhæfni. Þær hafa einn litning og geta fjölgað sér mjög hratt. Aðlögunarhæfnin felst meðal annars í því að þær geta flutt gen á milli sín. Ef ónæmi þróast í einni bakteríu getur það auðveldlega flust yfir í aðra og í dag eru komnar fram bakteríur sem eru ónæmar fyrir nánast öllum sýklalyfjum sem eru á markaði.“

Danir flytja út gríðarlegt magn af svínakjöti og eins og einn danskur sýklafræðingur orðaði það „og um leið mikið magn af CC398 bakteríunni“.

*Engin fræðsla um smitleiðir*

Mikill fjöldi farandverkamanna frá Austur-Evrópu starfar á dönskum og breskum svínabúum og þar sem þeir fá enga fræðslu um mögulegar smitleiðir er tíðni sýkinga há meðal þeirra. Verkamennirnir bera svo bakteríuna með sér þegar þeir snúa aftur til síns heima.

Samkvæmt upplýsingum Evrópumiðstöðvar sjúkdómavarna ECDC látast um 25.000 Evrópubúar árlega vegna sýklalyfjaónæmis. Sýklalyfin virka einfaldlega ekki til að meðhöndla sjúkdóma þessa fólks og þessi vandi fer ört vaxandi.

*Verksmiðjubúskapur að aukast*

Þrátt fyrir að yfirvöld í Danmörku hafi heitið því að draga úr útbreiðslu bakteríunnar og draga úr notkun á sýklalyfjum um 15% fyrir árið 2018 er eftirlit með svínabúum og notkunar á lyfjunum takmarkað.

Reyndar er notkun á sýklalyfjum sem vaxtarhvata bönnuð í Evrópu en þrátt fyrir það er hún algeng enda lyfin auðkeypt á netinu. Algengara er að lyfin séu notuð í verksmiðjubúskap þar sem dýr eru alin þétt og smithætta því mikil.

Í skýrslu embættis landlæknis frá 2013 segir að erlendar rannsóknir sýni að Noregur og Ísland séu í fararbroddi Evrópuríkja hvað varðar litla sýklalyfjanotkun í búfénaði mælt sem magn á þyngdareiningu. Víða annars staðar er hún talsvert mikil, m.a. í þeim löndum sem íslenskir kaupmenn sækja kjöt til að selja á Íslandi. Er staðan verst á Kýpur, Ítalíu, Spáni og í Þýskalandi. Þá er hún líka margfalt meiri í Danmörku en á Íslandi og um 40 sinnum meiri á Spáni, en þaðan hafa Íslendingar m.a. verið að fá nautakjöt.

Mannkyninu fjölgar hratt og krafan um meiri og ódýrari mat hefur leitt til þess að eldi dýra í verksmiðjubúskap er alltaf að aukast. Hlutfall hans af kjötframleiðslu í heiminum er langt yfir 2/3. Um 80% af öllum kjúklingum, 50% af svínum og tæp 50% af nautgripum eru alin á verksmiðjubúum. Þar er notkun á sýklalyfjum einnig mest. /VH

# 60 ára afmælishátíð Heilsustofnunar í Hveragerði sunnudaginn 28. júní 2015

## Opið hús og dagskrá kl. 13–17

**Í garðinum við aðalinngang kl. 14:00–14:45**

**Ávarp:** Haraldur Erlendsson forstjóri Heilsustofnunar
**Söngur:** Gissur Páll Gissurarson
**Ávarp:** Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra
**Hreyfing og línudans:** Íþróttateymi Heilsustofnunar
**Ávarp:** Fulltrúi Hveragerðisbæjar, kveðja frá Hollvinum o.fl.
**Hljómsveitin Högni og Hælarnir og gestur þeirra, Bryndís Ásmundsdóttir**

Garðyrkju- og blómasýningin BLÓM Í BÆ í Hveragerði

**Önnur dagskrá kl. 13:00–17:00**

Frítt í sund - Minningarherbergi Jónasar Kristjánssonar læknis - Heimsókn í leirböðin
Grænmetismarkaður - Myndlistarsýning í Kringlu

| | |
|---|---|
| **15:00–16:30** | Veitingar í boði hússins og tónlist í matsal |
| **15:30** | Ganga um heilsustíga með sögulegu ívafi, Kristjana Hrafnkelsdóttir |
| **15:00** | Formleg opnun á myndlistasýningu í Kringlu |
| **14:00–16:00** | Listasmiðja fyrir börn, umsjón Gréta Berg |

**Í Kapellu**

| | |
|---|---|
| **15:00** | Jóga, kynning og léttar æfingar, Guðrún Ásta Gunnarsdóttir |
| **15:30** | Gjörhygli - að vera í núinu, Margrét Arnljótsdóttir |
| **16:00** | Sögustund um Heilsustofnun |
| **16:30** | *Varstu að koma?* Leikþáttur eftir Elísabetu Kristínu Jökulsdóttur |
| | Flytjendur eru Margrét Helga Jóhannsdóttir og Sigurður Skúlason |

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI 60 ára

*- Hjartanlega velkomin*









Visqueen Polycrop er hágæða 5 laga plastfilma framleidd eftir ströngustu gæðakröfum. Með því að sameina fimm aðskilin lög af plastefninu polythene fæst einstaklega sterk filma sem bæði er loftþétt og veitir mikla vörn gegn götun.

Visqueen Polycrop er hannað til þess að standast kröfur afkastamikilla bindivéla nútímans, þar sem tími er peningar og ekkert má útaf bregða.

Bændur sem notað hafa plastið frá Visqueen þekkja gæði þess og kjósa að kaupa það ár eftir ár enda hefur reynslan sýnt það að gæðin eru ávallt þau sömu.

Visqueen Polycrop hentar jafnt á rúllur og sem stórbagga.

Afhendum frítt á afgreiðslur Samskipa-Landflutninga um land allt

ÞÓR HF

**Reykjavík:** Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
**Akureyri:** Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
**Vefsíða:** www.thor.is

# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279
**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**
**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621


## LEIÐARINN

# Aldarafmæli kosningaréttar kvenna

**Þann 19. júní síðastliðinn var haldið upp á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna með myndarlegum hætti. Full ástæða var til þess að minnast þess enda var það stór áfangi í jafnréttisbaráttu þess tíma og rétt að óska öllum konum landsins til hamingju með þessi tímamót.**

Það vakti minni athygli að á sama tíma var einnig rýmkaður talsvert kosningaréttur eignalausra eða eignalítilla karlmanna, t.d.bænda, en áður höfðu þeir einir kosningarétt sem greiddu að lágmarki ákveðna skatta, gegndu ákveðnum embættum eða áttu eignir. Takmarkanirnar voru þó ekki liðnar undir lok því að eftir breytingarnar hafði tæpur þriðjungur þjóðarinnar kosningarétt (nú er hlutfallið 74%), en takmörkunum vegna stéttar eða stöðu var ekki að fullu aflétt fyrr en 1934.

### *Þá voru engar konur á Búnaðarþingi*

Daginn fyrir hátíðahöldin var sýndur á RÚV þátturinn „Undarleg ósköp að vera kona“ sem byggður var upp á gömlum fréttabútum um jafnréttisbaráttuna á fyrri árum. Þátturinn hófst á viðtali við Jónas Jónsson sem þá var búnaðarmálastjóri og var hann inntur eftir stöðu kvenna á búnaðarþingi. Þá voru engar konur fulltrúar á þinginu, en ein hafði setið þingið sem varafulltrúi. Það var og er óásættanlegur árangur því að raddir kynjanna eiga auðvitað að heyrast að jöfnu í félagskerfi landbúnaðarins eins og annars staðar í samfélaginu.

Þessi staða varð enda mörgum umhugsunarefni og er því miður enn. Samtök bænda gengust fyrir átaki í jafnréttismálum í kringum síðustu aldamót. Í kjölfar stefnumótunar Búnaðarþings 2001 var stofnsett sérstök jafnréttisnefnd Bændasamtakanna sem beitti sér fyrir ýmsum aðgerðum til að bæta jafnrétti innan félagskerfis landbúnaðarins. Það skilaði sér m.a. í stofnun samtaka kvenna í landbúnaði undir nafninu „Lifandi landbúnaður“ árið 2002. Því miður eru þau ekki starfandi um þessar mundir sem er miður því fyllsta ástæða er til að halda þessum málum vakandi. Það er enn mikið verk að vinna.

Hlutfall kynjanna meðal félagsmanna er reyndar líka mjög skakkt, en karlmenn eru mikill meirihluti félagsmanna. Ástæða er til að hvetja konur sérstaklega til að ganga til liðs við samtökin. Það er öllum ljóst að hlutur kvenna er ekki minni en karla þegar kemur að búrekstrinum, en þess gætir því miður ekki nægilega vel á félagatalinu.



**Stjórn Bændasamtaka Íslands. Fulltrúafjöldinn á Búnaðarþingi er sem betur fer ekki lengur bara bundinn við annað kynið, en jöfnuði er þó fjarri því náð, því að á síðasta þingi voru konur 14 af 48 fulltrúum eða um 30%. Hins vegar gerðist það í fyrsta sinn við stjórnarkjör fyrir kjörtímabilið 2013–2016 að kjörnir stjórnarmenn voru að meirihluta konur.**

### *Konur skipuðu meirihluta stjórnar BÍ 2013*

Fulltrúafjöldinn á Búnaðarþingi er sem betur fer ekki lengur bara bundinn við annað kynið, en jöfnuði er þó fjarri því náð, því að á síðasta þingi voru konur 14 af 48 fulltrúum eða um 30%. Hins vegar gerðist það í fyrsta sinn við stjórnarkjör fyrir kjörtímabilið 2013–2016 að kjörnir stjórnarmenn voru að meirihluta konur.

Það er vissulega alltaf misjafnt hverjir gefa kost á sér til starfa fyrir hagsmunasamtök stéttar sinnar, hvort sem þar er um að ræða samtök bænda, eða samtök á öðrum sviðum þjóðfélagsins. Hagsmunasamtök eins og Bændasamtökin geta ekki náð árangri á sínu sviði nema að hæfileikafólk í stéttinni af báðum kynjum vilji starfa í trúnaðarstöðum á vegum þeirra og að þau geti ráðið til sín gott starfsfólk.

Félagsmálastörf fyrir hagsmunasamtök geta oft verið annasöm og taka óneitanlega tíma frá öðrum verkefnum, jafnvel þegar verst stendur á í búskapnum. Þá ganga þau á tíma fólks með fjölskyldum sínum og útheimta oft á tíðum mikinn skilning heima fyrir. Auðvitað er það svo að engin/n er neydd/ur til að taka þessi verkefni að sér. Það er val hvers og eins, en það er algers forsenda árangurs að okkar besta fólk hafi áhuga á að sinna þeim. Landbúnaðurinn þarf á öllum vinnufúsum höndum að halda. Saman sækjum við fram.

/SSS

## LOKAORÐIN

# Áhugavert

**Páll Jóhann Pálsson, fulltrúi Framsóknarflokksins í atvinnuveganefnd, leggur til að bændur taki í auknum mæli við því að rækta upp landið, í stað Landgræðslunnar. Þeim kunni að vera betur til þess treystandi en opinberri stofnun.**

Þetta er sannarlega athyglisvert mál því að með nýjum lögum geta bændur keypt land sem afsalað var til Landgræðslunnar fyrir áratugum, með því skilyrði að það verði tekið til landbúnaðarnota næstu tíu ár. Dæmi eru um að bændur hafi leitað eftir kaupum á landi frá Landgræðslunni við afar dræmar undirtektir. Skilyrðunum um landbúnaðarnot er ætlað stuðla að auknum búskap og að ekki verði hægt á þeim tíma að taka landið til annarra nota, eins og undir sumarhúsabyggð.

Bændur hafa á liðnum áratugum lyft grettistaki í landgræðslu og oft í nánu samstarfi við Landgræðsluna. Eigi að síður hefur komið til harðskeyttra deilna milli Landgræðslunnar og bænda sem þegar nánar er skoðað ættu að vera óþarfar. Oft virðist ekki annað skorta á en að menn setjist niður og ræði málið í rólegheitunum og af skynsemi.

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri hefur m.a. gagnrýnt að bændur reki fé sitt á beit í Almenningum, en þeir hafa á móti bent á úrskurði ítölunefndar og yfirítölunefndar til að rökstyðja sitt mál. Sennilega eru átökin um Almenninga það mál sem hæst hefur farið en víðar hefur komið til orðaskaks á milli þessarar stofnunar og bænda.

Sveinn hefur varað við þessum hugmyndum Páls Jóhanns og að með þeim sé hætt við að fjármunum, sem kostað hafi verið til uppgræðslu, verði kastað á glæ.

Haraldur Benediktsson, bóndi og alþingismaður og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, skrifar um þetta á fésbókarsíðu sinni.

Haraldur segist taka undir orð Páls Jóhanns um breyttar áherslur í landgræðslumálum.

„Það er löngu tímabært að rýna í starfsemi Landgræðslunnar og fara yfir umfang hennar. Hún hefur á löngum tíma náð góðum árangri í sínu starfi, en við þurfum að gera betur. Er endilega rétt sú áhersla að stofnunin sitji á miklum og verðmætum eignum?“ segir Haraldur m.a. í pistli sínum.

Það hlýtur að vera eitt stærsta hagsmunamál bænda að vernda landið til að tryggja áframhaldandi búskap. Þar ættu hagsmunir landgræðslufólks og bænda líka að geta farið saman. /HKr.

## Hjálpartæki, hjálpumst að:

# Safna hjálpartækjum handa þeim sem ekki eiga rétt á þeim

**Hjördís Heiða Ásmundsdóttir er einn af stofnendum hóps sem kallar sig Hjálpartæki, hjálpumst að og hefur það að markmiði að safna hjálpartækjum handa þeim sem ekki eiga rétt á þeim.**

„Ég hef því miður orðið vör við mjög stóran ágalla sem snýr að réttindum fatlaðra,“ segir Hjördís.

„Það er nefnilega svo að samkvæmt reglum Tryggingastofnunar eiga ekki allir rétt á hjálpargögnum þrátt fyrir að þurfa á þeim að halda. TR hafnar beiðnum frá læknum um hjálpartæki, meðal annars á þeim forsendum að ekki liggi fyrir greining.“

### *Langurt biðtími*

„Oft er langur biðtími eftir greiningu og getur hún tekið fleiri mánuði og jafnvel fleiri ár.



Á meðan hefur viðkomandi ekki rétt á neinum hjálpartækjum og þarf því að leigja hjólastól hjá Hjálpartækjamiðstöðinni. En svo vill til að Hjálpartækjamiðstöðin er dótturfyrirtæki TR, og undir velferðarráðuneytinu. Það er hægt að leigja hjá þeim hjólastóla á rúmar 700 kr. á dag auk tryggingar. Sem gerir um 255.000 krónur á ári. Ekki veit ég um neinn öryrkja sem hefur efni á slíku í marga mánuði, jafnvel árum saman.“

### *Safna hjálpartækjum*

„Ég hef því ásamt fleirum stofnað hóp sem vinnur að því að gera lífið bærilegra fyrir þá sem virkilega þurfa á stuðningi og aðstoð að halda með því að safna saman hjálpargögnum sem fólk á, en er hætt að nota. Í hópnum eru líka sjálfboðaliðar sem gera við tækin sé þess þörf.

Við þurfum að fá fólk til að koma hjálpartækjum á ákveðinn stað þar sem aðrir, sem þurfa á þeim að halda, geta nálgast þau í stað þess að þeim sé hent. Ef einhver þarf einungis hjálpartæki tímabundið getur sá hinn sami komið aftur með þau og þau haldið áfram að þjóna sínum tilgangi, farið til næsta sem þarf hjálpartæki. Leggjumst öll á eitt og hjálpumst að,“ segir Hjördís. /VH

***Hjálpartækjasíminn:***
**845-8378**

***Netfang:***
hjalpartaeki.hjalpumstad@gmail.com

***Hópur á facebook:***
Hjalpumst ad, hjalpartæki.

**Líf og starf**

## Kornungar systur á Hraðastöðum í Mosfellsdal skelltu sér út í atvinnurekstur:

# Reka dýragarð heima á hlaði

**Þrátt fyrir ungan aldur ákváðu systurnar Sara Bjarnadóttir, þrettán ára og Linda Bjarnadóttir, sextán ára, að stofna húsdýragarð heima hjá sér á Hraðastöðum í Mosfellsdal fyrir tveimur árum þegar þær vantaði sumarvinnu. Nú taka þær á móti fjöldanum öllum af gestum á hverju sumri og vonast til að húsdýragarðurinn sé kominn til að vera.**

„Þetta var eiginlega hugmynd út í loftið sem við fengum árið 2013. Foreldrar okkar höfðu tekið á móti leikskólahópum í rúm 10 ár svo það var allt hér til staðar fyrir okkur. Við höfðum enga sumarvinnu á þessum tíma nema þá hjá Mosfellsbæ og okkur fannst þetta vera betri kostur fyrir okkur. Draumurinn er síðan að mamma og pabbi geti hætt að vinna og að við getum öll verið hér heima að sjá um reksturinn,“ útskýrir Sara en þær systur hafa tekið á móti um 30 hópum það sem af er sumri.



Systurnar Linda og Sara Bjarnadætur.

*Vonandi framtíðarstarfið*

Það er ýmislegt sem þær systur bjóða upp á þegar kemur að sveitaheimsóknunum og fyrir utan leikskóla- og skólahópana koma starfsmannahópar til þeirra og einnig er í boði að halda afmælisveislur á staðnum þannig að fjölbreytnin er í fyrirrúmi.

„Það er rosalega gott að geta unnið heima hjá sér, mér finnst það mikill kostur og því lá það beinast við þegar okkur vantaði sumarvinnu og við vorum með öll dýrin hér á staðnum að prófa að opna húsdýragarð. Ég vonast til að þetta geti orðið framtíðarstarfið okkar beggja. Í fyrra breyttist traffíkin mikið hjá okkur því þetta spurðist meira út og við finnum hvað það virkar vel að vera á Facebook,“ segir Linda og aðspurðar um hvað starfsemin gefi þeim helst eru þær systur fljótar til svars:

„Það er svo skemmtilegt að upplifa hvað fólk er ánægt og áhugasamt um dýrin og sveitalífið,“ segir Linda og Sara bætir við: „Þetta er alveg æðislegt og það sem mér finnst svo gaman er hvað foreldrar hafa mikinn áhuga á að skoða og sýna börnunum sínum sveitina.“

*/EHG*



**Þegar blaðamann Bændablaðsins bar að garði voru nemendur úr Ísaksskóla í heimsókn á Hraðastöðum og skein áhugi fyrir lífinu í sveitinni úr hverju andliti.**

Myndir / ehg





**Heimalningurinn Freyja fylgir finnsku aðstoðarkonunni, Sonju Kuusela, eftir hvert fótmál og finnst gott að fá strokur frá henni og heimasætunni Söru.**



**Það eru meira að segja refir til sýnis í dýragarðinum og er mjög spennandi hjá gestum að fá að klappa yrðlingunum.**

---

## MÆLT AF MUNNI FRAM

132

Næstu tveir vísnaþættir verða helgaðir framlagi **Hjálmars Freysteinssonar** til hagyrðingasamkomu Karlakórs Eyjafjarðar frá sl. páskum. **Birgir Sveinbjörnsson**, stjórnandi samkomunnar, innir Hjálmar eftir sjálfslýsingu:

*Á mig þú ekki mæna skalt*
*margan hef ég gallann,*
*en blessuð sólin elskar allt*
*og allra heitast skallann.*

Og framtíðarsýnin er björt:

*Á Tenerife er tíræð frú*
*tímanum löngum eyðir sú*
*á krám og börum*
*á karlaförum.*
*Það heitir að lifa hér og nú.*

Til sessunauta sinna orti **Hjálmar:**

Fyrst að Birni verður vikið
vænsti skólabróðir minn,
afrekað hefur margt og mikið
en mætir illa á Kontorinn.

Lasburða mér liðið finnst,
lítið þar um andlit ný.
Árna þekki ég einna minnst,
– óráðlegt að breyta því.

Um samstarfsmann sinn **Pétur** lækni:

*Húmor aldrei hefur skort,*
*hendir að mörgu gaman.*
*Fallega hef ég um hann ort*
*áratugum saman.*

Um nýjan liðsmann samkomunnar, **Jóa á Gunnarsstöðum**:

*Baráttan má vera býsna hörð*
*bölmóðinn að létta.*
*Þurfi að sækja í Þistilfjörð*
*Þetta!*

Nokkru fyrir samkomuna sendi **Birgir** stjórnandi mynd frá ferðalagi sínu á Filippseyjum, og kvaðst vera þar á flótta undan hagyrðingum. **Hjálmar** orti þá:

*Birgir skoðar heiminn hrifinn*
*heldur sig með öðrum þjóðum.*
*Á Hauganesi á heimaslóðum*
*hætt er við ´ann yrði rifinn.*

Þá flutti **Hjálmar** samkomunni forskrift að bréfi til Evrópusambandsins:

*Orð sem nota aldrei má*
*og enginn vill í bréfi sjá,*
*hætta, slíta, höggva á,*
*hurðum skella er af og frá.*
*Að tvíræðni er gott að gá,*
*gefa í skyn og blekkja smá,*
*meiningunni skjóta á ská*
*svo skiljast megi nei eða já.*
*Engin vopn ég vil þeim ljá,*
*veit ég hvað þeir eru að spá,*
*Evrópusambands þrjótar þrá*
*þjóðmenningu vora fá*
*að hnýsast í og skoða og skrá,*
*skrifræði frá hvirfli að tá,*
*en þeir skulu aldrei ná*
*í okkur Sigmund Davíð – þrjá.*

Svo spyr **Birgir Hjálmar** um ferðalög fatlaðra með Strætó í Reykjavík:

*Ferlega er það flókið að*
*flytja ekki megi*
*réttan mann á rangan stað*
*á röngum degi.*

*En Strætó heldur stíft í það*
*að stundum flytja megi*
*rangan mann á réttan stað*
*á röngum degi.*

*Og ekki er málið einfaldað*
*sé ekið um ranga vegi*
*með réttan mann á rangan stað*
*á réttum degi.*

*En skiljanlegt og skýrt er að*
*skaðað getur eigi*
*rangur maður á röngum stað*
*á röngum degi.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir

## Sveitarfélög á Vestfjörðum:

# Greiða með málefnum fatlaðra

**Sveitarstjórn Reykhólahrepps telur að málaflokkur fatlaðs fólks á Vestfjörðum sé betur kominn í höndum sveitarfélaganna, að sveitarfélögin veiti betri þjónustu í nálægð við íbúa sína.**

Þetta kemur fram í fundargerð sveitarstjórnar Reykhólahrepps sem tók erindi frá verkefnastjóra Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks til umfjöllunar nýverið.

Fram kemur í fundargerð að framlög gefi til kynna, að ef fer fram sem horfir þurfi sveitarfélögin á Vestfjörðum að greiða 118 milljónir með málefnum fatlaðra árið 2015, þar af greiðast 4,5 milljónir af Reykhólahreppi. Þessi mismunur skapast af mismun á útreikningi ríkisins á fjárþörf málaflokksins á Vestfjörðum og áætlunum sveitarfélaganna á útgjaldaþörf.

„Við núverandi framlög frá Jöfnunarsjóði er ekki grundvöllur fyrir Reykhólahrepp frekar en önnur sveitarfélög á Vestfjörðum að reka málaflokkinn. Reykhólahreppur telur það óásættanlegt að mæta aukinni fjárþörf með niðurskurði á þjónustu við fatlaða,“ segir í fundargerð. */MÞÞ*



Með nýrri reglugerð eru sett mismunandi fjarlægðarmörk að teknu tilliti til tegundar eldis, eðlis og umfangs.

## Dýrahald:

# Reglugerð um eldishús tekur gildi

**Reglugerð um eldishús alifugla, loðdýra og svína hefur tekið gildi og samhliða því breyting á reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.**

Í reglugerð um eldishús alifugla, loðdýra og svína er m.a. kveðið á um á hvaða svæðum má byggja eldishús og um varnir gegn mengun og fjarlægðarmörk.

Meginreglan er að eldishús skuli byggja á svæðum sem skipulögð eru fyrir landbúnað, iðnað eða þar sem hefur verið mörkuð stefna í aðalskipulagi um staðsetningu eldishúsa. Sveitarstjórn á að taka ákvarðanir um fjarlægðir að teknu tilliti til hugsanlegra umhverfisþátta, í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar en þar eru settar fram lágmarksfjarlægðir að teknu tilliti til mengunarálags og hollustuhátta.

Fram að þessu hefur gilt sú regla að fjarlægðarmörk fyrir loðdýrabú, alifuglabú og svínabú séu 500 metrar frá mannabústöðum, matvælafyrirtækjum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsins. Undanfarin ár hefur ráðherra veitt undanþágur til eldisbúa, eins og heimilt er samkvæmt lögum, að teknu tilliti til stærðar þeirra, tegundar eldis, tæknibúnaðar og fjarlægðar frá aðliggjandi byggð og hefur komið í ljós að ekki er unnt að hafa ein fjarlægðarmörk fyrir allt eldi.

Með nýrri reglugerð eru sett mismunandi fjarlægðarmörk að teknu tilliti til tegundar eldis, eðlis og umfangs.

Þá er í reglugerðinni fjallað um mengunarvarnir og kveðið á um að fara skuli eftir bestu fáanlegu tækni við hönnun og byggingu eldishúsa. */VH*

Fjölnotakerrur

Höfum hafið innflutning á vönduðum breskum fjölnotakerrum frá framleiðandanum Indespension.



Helstu kostir kerranna eru:

- 7 blaða blaðfjaðrir tryggja góða fjöðrun.
- Lágbyggðar kerrur og góðar í drætti.
- Stórar legur í hjólnáum og 195/50 R 13 dekk.
- Öryggislæsing á dráttarkúlu.
- Heildarþyngd allt að 3,5 tonn
- Slyskjugeymsla undir palli staðalbúnaður og slyskjur valbúnaður.
- 80 cm Gripagrindur ofaná skjólborð fáanlegar sem aukabúnaður.

Kr. 1.450.000 + vsk
Kr. 1.798.000 með vsk.

Einnig sturtukerrur, flatvagnar og vélakerrur!

Verð og búnaður birtur með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is



Hrútadagsnefndin var ekki í vandræðum með að finna svolítið bændalega uppstillingu en þarna eru Árni Gunnarsson, bóndi í Sveinungsvík, Nanna Steina Höskuldsdóttir, bóndi á Höfða, Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir frá Raufarhöfn og Ragnar Skúlason, bóndi á Ytra-Álandi. Mynd / GBJ

# Stefnt á öflugan Hrútadag í ár

**Í nokkur ár hefur verið haldinn Hrútadagur á Raufarhöfn, í ár er hann laugardaginn 3. október, og er nefndin þegar farin að funda enda að ýmsu að hyggja. Í nefndinni eru bæði Raufarhafnarbúar sem og ungir bændur úr nágrannasveitum þorpsins. Blaðamaður Bændablaðsins hitti þau fyrir á nefndarfundi og alveg óhætt að segja að þar hafi verið glatt á hjalla.**

Raufarhöfn er í Norður-Þingeyjarsýslu sem er hreint svæði og má því ekki flytja fé inn á svæðið. Hins vegar hefur sala lífgimbra og hrúta verið nokkuð sterk af svæðinu og er Hrútadagurinn hugsaður til að hafa gaman af, smala bændum og búaliði saman og versla með hrúta. Þeir sem hafa áhuga á að kaupa þurfa hins vegar að sækja um leyfi fyrir 1. júlí sem kaupendur en það er MATÍS sem sér um þær skráningar. Í ár verður Gísli Einarsson kynnir og skemmtanastjóri, þá verður einnig grín og glens og meðal annars keppt í stígvélakasti en það ku aðeins vera fyrir þaulvana stígvélasérfræðinga. Þá verður einnig kvöldskemmtun með góðum veitingum, hagyrðingum og almennri gleði. Þeir sem vilja fylgjast með dagskránni er bent á facebook.com/hrutadagurinn eða raufarhofn.is, þá er einnig hægt að fá upplýsingar í netfanginu hrutadagurinn@gmail.com – nú eða hringja í einhvern af þessum hressu nefndarmeðlimum. */GBJ*



Lindarbær í Sæmundarhlíð í Skagafirði. Þar verður opnað nýtt og myndarlegt búminja- og dráttarvélasafn um komandi helgi.

## Nýtt búminja- og dráttarvélasafn opnað í Skagafirði:

# „Bara að beygja hjá Staðarréttinni“

**Sunnudaginn 28. júní nk. verður opnað nýtt búminja- og dráttarvélasafn í Lindarbæ í Sæmundarhlíð í Skagafirði.**

Þar hefur Sigmar Jóhannsson landpóstur byggt upp glæsilega aðstöðu til sýningarhalds þar sem getur að líta fjölda gamalla dráttarvéla, bæði uppgerðar og óuppgerðar. Einnig má sjá gömul hestaverkfæri og sitthvað fleira sem tilheyrir fornum búháttum.

Sýningin verður fyrst um sinn opin frá 13.00–17.00 alla daga, fram til 15. ágúst. Nánari upplýsingar í síma 846-9237 eða 453-8187.

Sæmundarhlíðarvegur er númer 762 eða eins og Simmi segir: „Bara beygja hjá Staðarréttinni.“

Dagskráin hefst á sunnudaginn kl. 14.00 og eru allir velkomnir.



**Hér ekur Sigmar Jóhannsson í Lindarbæ gömlum og glæsilegum Massey Harris, sem væntanlega er til sýnis á nýja safninu.**




# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

Brenderup

## - mikið úrval aukahluta

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.

Frá 169.000,- m/vsk



### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur
- Burðargeta allt að 1935 kg.

Frá 1.350.000,- m/vsk



### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn
- Burðargeta allt að 2.643 kg.

Frá 1.025.000,- m/vsk



### Söluaðilar

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

**Toppbílar**
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

**Kraftvélar**
Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

# Beingreiðslur í garðyrkju

**Samþykkt hefur verið nýtt beingreiðsluverð á gúrkur, papriku og tómata.**




Samkvæmt reglugerð nr. 1178/2014 með síðari breytingu, um beingreiðslur í garðyrkju skulu Bændasamtök Íslands, Búnaðarstofa, endurskoða spár um framleiðslumagn ársins fyrir 1. júlí 2015 og á grundvelli þess gera tillögur til framkvæmdanefndar búvörusamninga um breytingar á fyrirframgreiðslu á selda einingu.

Framkvæmdanefndin hefur samþykkt eftirfarandi einingaverð samkvæmt framleiðsluspá Búnaðarstofu:

| | Tonn | Kr./kg |
|---|---|---|
| **Gúrkur** | 2004,8 | 49,29 |
| **Paprika** | 240,0 | 163,78 |
| **Tómatar** | 1600,0 | 83,15 |

Greidd eru 88% af samþykktu einingaverði frá og með 1. júlí að telja.

***Framlög til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða***

Bændasamtök Íslands, Búnaðarstofa, auglýsir eftir umsækjendum um jarðræktarstyrki vegna framkvæmda á árinu 2015. Opnað hefur verið fyrir rafrænar umsóknir á Bændatorginu. Upplýsingar um skráðar spildur og stafræn túnkort eru sóttar sjálfvirkt í skýrsluhaldskerfið JÖRÐ. Umsóknarfrestur er til 10. september 2015. Framlög til jarðræktar fara eftir verklagsreglum í reglugerð nr. 1100/2014 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2015, og reglugerð nr. 1101/2014 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2015, í VIÐAUKA II og III, um framlög til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða, gefin út af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og fjalla um ráðstöfun fjármagns úr jarðræktarsjóði, skv. 5. gr. samnings um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998 og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017, dags. 28. september 2012 sbr. grein 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dags 10. maí 2004, með síðari breytingum, og grein 4.5 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, dags. 25. janúar 2007, með síðari breytingum. Skilyrði þess að verkefni njóti framlags er að fram hafi farið úttekt sem viðurkenndir úttektaraðilar sjá um sbr. verklagsreglur um framkvæmt úttekta. Úttektum skal að jafnaði vera lokið fyrir 15. nóvember ár hvert og eru styrkir greiddir fyrir árslok. Á Bændatorginu má nálgast frekari upplýsingar um verklagsreglur um framlög og úttektir.

Aðeins er tekið við rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

***Lokað vegna sumarleyfa***

**Búnaðarstofa verður lokuð vegna sumarleyfa frá 20. júlí til og með 7. ágúst nk.**




Búnaðarstofa annast í dag umsjón og útgreiðslu beingreiðslna. Er starfsemin aðskilin frá daglegum rekstri Bændasamtakanna en er til húsa á Hótel Sögu.

## Umsjón og útgreiðsla fjármuna til bænda verður flutt frá Bændasamtökunum:

# Verkefni Búnaðarstofu verða flutt til MAST

**Samkvæmt stjórnarfrumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er lýtur að umsjón og útgreiðslu beingreiðslna, er gert ráð fyrir að þau stjórnsýsluverkefni sem Bændasamtök Íslands hafa sinnt verði flutt til Matvælastofnunar.**

Umsagnaraðilar gera ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en Bændasamtökin og aðilar tengdir landbúnaði mótmæla flutningi þessara stjórnsýsluverkefna til Matvælastofnunar og lagt er til að verkefnin verði flutt í sjálfstæða stofnun undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Frumvarpið hefur verið afgreitt úr atvinnuveganefnd en á eftir að fara í gegnum aðra og þriðju umræðu. Eins og frumvarpið liggur fyrir núna er gert ráð fyrir að þessi málaflokkur flytjist yfir til Matvælastofnunar um næstu áramót. Það er að segja ef það verður að lögum á yfirstandandi þingi.

***Varðar útdeilingu styrkja til landbúnaðar***

Þau stjórnsýsluverkefni sem um ræðir hafa verið í umsjón Bændasamtaka Íslands fyrir hönd ríkisins og lúta m.a. að útdeilingu styrkja til landbúnaðar samkvæmt ákveðnu ferli. Samningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við Bændasamtök Íslands hafa verið tvenns konar. Annars vegar er um að ræða svokallaðan búnaðarlagasamning og hins vegar svokallaða búvörusamninga. Með búnaðarlagasamningi veitir ríkissjóður fé til verkefna á sviði jarðabóta, búfjárræktar og leiðbeiningarstarfsemi (ráðgjafarþjónustu). Búvörusamningar lúta hins vegar að starfsskilyrðum í sauðfjárframleiðslu, mjólkurframleiðslu og garðyrkju, þ.e. framleiðslu, verðlagningu og sölu búvaranna. Hefur Ríkisendurskoðun gagnrýnt þessa stöðu.

Ríkisendurskoðun taldi brýnt að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hafi frumkvæði að því að endurskoða fyrirkomulag á stjórnsýslu landbúnaðarmála. Óæskilegt væri að Bændasamtök Íslands sinni bæði framkvæmd verkefna og fag- og fjárhagslegu eftirliti með henni. Þá þurfi að tryggja að ráðuneytið hafi ávallt óheftan aðgang að þeim gögnum og þekkingu um íslenskan landbúnað sem Bændasamtökin búa yfir vegna þeirra verkefna sem löggjafinn eða stjórnvöld hafa beint til þeirra.

Bændasamtökin hafa í raun fyrir löngu brugðist við athugasemdum og aðskilið þennan málaflokk. Var gengið enn lengra í þeirri viðleitni á síðastliðnu hausti þegar málaflokkurinn var settur undir sjálfstæða deild sem nefnd hefur verið Búnaðarstofa. Þar eru nú fjórir starfsmenn. Ef frumvarpið verður að lögum mun Matvælastofnun yfirtaka þessi verkefni, en óvíst er hvar starfseminni, sem nú heyrir undir Búnaðarstofu, verður komið fyrir.

***Verkefnin verði skýrt afmörkuð í sjálfstæðri einingu***

Atvinnuveganefnd bárust m.a. efasemdir um að fela ætti Matvælastofnun umrædd verkefni þar sem þau eru einkum í ætt við þjónustu, framkvæmd búvörusamninga, áætlunargerð og söfnun talnaupplýsinga en ekki eftirlit sem er meginhlutverk stofnunarinnar. Með öðrum orðum var bent á að umrædd verkefni féllu ekki að þeim verkefnum sem stofnunin sinnir nú þegar. Meirihlutinn tekur undir þessi sjónarmið og telur brýnt að verkefnin verði skýrt afmörkuð í sjálfstæðri einingu í skipulagi stofnunarinnar. Jafnframt bendir meirihlutinn á að umrædd verkefni má vinna óháð staðsetningu. Síðustu misseri hefur Matvælastofnun fengið aukið hlutverk við framkvæmd landbúnaðarsamninga og eftirlit með henni. Ýmislegt í þeirri framkvæmd hefur verið harðlega gagnrýnt, m.a. framkvæmd búfjártalningar og forðagæslu. Hefur Matvælastofnun unnið að endurbótum á þeim framkvæmdaþáttum á undanförnum mánuðum. /HKr.



Talið er að veruleg hætta sé á aukinni tíðni og útbreiðslu sjúkdóma með samgangi eldisdýra við villt dýr og annan bústofn.

## Starfshópur um hreindýraeldi:

# Mælir ekki með eldi hreindýra vegna sjúkdómahættu

**Starfshópur um hreindýraeldi hefur afhent umhverfis- og auðlindaráðherra skýrslu og niðurstöður sínar um hugmyndir um hreindýraeldi og hreindýrarræktun sem nýja búgrein á Íslandi. Starfhópurinn mælir ekki eldi hreindýra vegna sjúkdómahættu.**

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði starfshóp í febrúar 2014 og honum falið að draga fram atriði sem gætu skipt máli fyrir villt hreindýr hér á landi, verndun þeirra og veiðar, búfjársjúkdóma og landbúnað og landnýtingu.

Á heimasíðu Umhverfisráðuneytisins segir að starfshópurinn mælir ekki með því að tekið verði upp hreindýraeldi eða stórfelldur hreindýrabúskapur hér á landi ef á sama tíma eigi að standa vörð um villtan stofn hreindýra í landinu.

Í skýrslunni kemur fram að veruleg hætta sé á aukinni tíðni og útbreiðslu sjúkdóma einkum í tengslum við hættuna á samgangi eldisdýra við villt dýr og annan bústofn. Bent er á að hreindýraeldi sé þess eðlis að því fylgi óhjákvæmilega umtalsverð breyting á landnýtingu og það takmarki aðra landnýtingu og aðgengi almennings að landinu vegna nauðsynlegra girðinga. Þá þurfi slíkar girðingar að vera verulega háar og ná yfir stór svæði eigi þær að þjóna tilgangi sínum.

Hópurinn telur að ef vegnir eru saman þeir kostir sem felast annars vegar í að viðhalda villtum hreindýrastofni og nýtingu hans með þeim hætti sem gert er í dag og hins vegar að heimila hreindýraeldi með óvissu um áhrif þess á náttúru landsins, þar með talið á hreindýrastofninn sjálfan og aðra þætti lífríkisins, sé farsælast að viðhalda núverandi sjálfbærri nýtingu og verndun villtra hreindýra á Íslandi. /VH

## Hagstofa Íslands:

# Munur ráðstöfunartekna eftir menntun minnstur á Íslandi

**Árið 2013 var munur ráðstöfunartekna eftir menntun minnstur á Íslandi samanborið við önnur Evrópuríki.**

Á heimasíðu Hagstofu Íslands segir að þeir sem höfðu eingöngu lokið grunnmenntun voru með 86,3% af ráðstöfunartekjum þeirra sem höfðu lokið háskólamenntun en næst á eftir voru Svíþjóð, Noregur og Holland með 80,3%, 77% og 73,6%. Við samanburð milli landa á þeim sem eingöngu höfðu lokið grunnmenntun var miðgildi ráðstöfunartekna á Íslandi árið 2013 það fjórða hæsta í Evrópu. Ísland var aftur á móti í 15. sæti yfir



ráðstöfunartekjur háskólamenntaðra.

Ráðstöfunartekjur taka mið af heimilistekjum, fjölda og aldri heimilismanna og hafa verið leiðréttar fyrir mismunandi verðlagi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nýjustu tölur fyrir Ísland eru frá árinu 2014 en þá höfðu þeir sem einungis voru með grunnmenntun 87,7% af ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra en höfðu haft 79,7% árið 2004 þegar lífskjararannsóknin var fyrst framkvæmd.

Á sama tímabili fóru tekjur fólks með framhaldseða starfsmenntun úr 84,5% af tekjum háskólamenntaðra í 91,6%. Munur á ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra og annarra hópa var nokkuð stöðugur til ársins 2010 en hefur síðan farið minnkandi. /VH

# Girðingarefni og rúlluplast í úrvali

## Allt í girðingarvinnuna




Þræðir og borðar




Jarðleiðslur

Staurar, net, gaddavír og þanvír






Þráðspólur



Rafgirðingarspennar

## Rúlluplast, stæðuplast , net og garn












### Megaplast Power

**Yfirplast**
10m x 50m
12m x 50m
14m x 50m
16m x 50m




**Undirplast**
12m x 50m
14m x 50m
16m x 50m



Bætt gerjun og betri verkun með Advance íblöndunarefni fyrir heyfenginn

### Megastretch fimm laga hágæðaplast

| | |
|---|---|
| Grænt 75 cm | kr. 10.850 án vsk. |
| Hvítt 75 cm | kr. 10.850 án vsk. |
| Svart 75 cm | kr. 10.650 án vsk. |

### Unterland Extra plus gæðaplast

Grænt 75 cm kr. 10.650 án vsk.
Hvítt 50 cm kr. 8.650 án vsk.

### Total Cover rúllunet 3.600 metrar

Kr. 22.900 án vsk.

### Visscher Holland bindigarn

Bindigarn fyrir rúllur VITO 250
Stórbaggagarn VITO 130

**Leitið tilboða hjá sölumönnum okkar**

Sala og ráðgjöf
S. 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is
lifland@lifland.is

LÍFLAND

Fréttir




Selfosslína. Svona mun Hellulínan liggja á milli Hellu og Hvolsvallar.

# Framkvæmdir hafnar við Selfoss- og Hellulínu

**Framkvæmdir eru hafnar við lagningu tveggja 66 kV jarðstrengja Landsnets á Suðurlandi, Selfosslínu 3 og Hellulínu 2. Strengirnir eru samtals um 41 km að lengd og auka bæði flutningsgetu og afhendingaröryggi raforku á Suðurlandi en ráðgert er að spennusetja þá síðar á árinu.**

„Jarðvinna og lagning strengjanna tveggja var boðin út í tvennu lagi. Samið var við Ingileif Jónsson ehf. og IJ Landtak ehf. um jarðvinnu og lagningu Selfosslínu 3 en við Þjótanda ehf. um jarðvinnu og lagningu Hellulínu 2. Samningsupphæðin vegna Hellulínu 2 er um 214 milljónir króna en um 364 milljónir króna vegna Selfosslínu 3," segir Unnur Helga Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri hjá Landsneti. Selfosslína 3 er ný 28 km löng jarðstrengstenging milli Selfoss og Þorlákshafnar og mun hún auka afhendingaröryggi raforku í Hveragerði, Þorlákshöfn og á Selfossi. Framkvæmdir við strenglagninguna hófust við tengivirki Landsnets við Þorlákshöfn 29. maí og er nú unnið þar að greftri



Hellulína. Svona mun Selfosslínan liggja á milli Selfoss og Þorlákshafnar.

og fleygun. Gert er ráð fyrir að strengurinn verði spennusettur í nóvember. Hellulína 2 er ný 13 km löng jarðstrengstenging milli Hellu og Hvolsvallar sem mun leysa af hólmi núverandi loftlínu, sem er frá árinu 1948 og þarfnast endurnýjunar. Framkvæmdir hófust 19. maí við Hellu og hafa nú þegar verið lagðir tæpir 2 km af jarðstreng. Áætlað er að strengurinn verði spennusettur í september. „Samhliða þessum framkvæmdum verður í haust unnið að nauðsynlegum breytingum í tengivirkjunum á Hellu, Hvolsvelli, Selfossi og í Þorlákshöfn," segir Unnur Helga. */MHH*

Náttúrustofa Norðurlands vestra:

# Efla á starfsemina og opna nýjar starfsstöðvar

**Samkvæmt drögum að viljayfirlýsingu um rekstur Náttúrustofu Norðurlands vestra ætla sveitarfélögin Skagafjörður, Akrahreppur, Húnaþing vestra og Skagaströnd að standa saman að því að efla og tryggja rekstur Náttúrustofunnar.**

Öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra stendur til boða að taka þátt í þessu samstarfi óski þau eftir því. Sveitarfélögin munu leggja til 30% af rekstrarkostnaði Náttúrustofunnar á móti framlagi ríkisins. Framlög sveitarfélaganna skiptast í hlutfalli við íbúafjölda.

*Nýjar starfsstöðvar*

Efla á starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra með því að koma á starfsstöðvum á Hvammstanga og Skagaströnd auk núverandi starfsstöðvar á Sauðárkróki. Stefnt er að því að við Náttúrustofuna verði 1,5–2 stöðugildi sem skiptist milli starfsstöðva eftir frekara samkomulagi. Til þess að fjármagn til rannsókna nýtist sem best skulu starfsstöðvarnar leita samstarfs við fyrirtæki og stofnanir á hverjum stað sem sinna skyldum verkefnum eins og Selasetrið á Hvammstanga, Biopol á Skagaströnd og Háskólann á Hólum í Skagafirði.

Jafnframt skal Náttúrustofan leita samstarfs við sem flesta aðila, innlenda sem erlenda, um rannsóknir á náttúru Norðurlands vestra. Stjórn Náttúrustofunnar verður skipuð fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að rekstri hennar og verður forstöðumaður hennar staðsettur á Sauðárkróki.

Byggðarráð Húnaþings vestra hefur samþykkt drögin að viljayfirlýsingunni en forsenda fyrir þátttöku sveitarfélagsins í starfsemi Náttúrustofunnar er að hluti hennar fari fram í sveitarfélaginu og að þar verði mönnuð staða.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



Sundkennsla í gömlu torflauginni við Veggjalaug 1929. Mynd / Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

# Sund í 120 ár

## – sögusýning í sundlauginni á Varmalandi

**Sýning um sögu gömlu sundlauganna við Veggjalaug í Stafholtstungum hefur verið opnuð í baðhúsi sundlaugarinnar á Varmalandi í Borgarfirði.**

120 ár eru liðin frá því fyrsta sundlaugin var gerð á hverasvæðinu við Veggjalaug og sundkennsla hófst. Hefur sund verið kennt þar síðan, nærri óslitið.

Fyrsta sundlaugin var hlaðin úr torfi árið 1895 af áhugamönnum. Hlaðinn var einn veggur fyrir hveralækinn og þannig útbúin stór laug. Á sama ári var hlaðin önnur torflaug við Lundahver í Stafholtstungum þannig að tvær sundlaugar voru í sveitinni og sund kennt í báðum fyrst um sinn.

Þegar Ungmennafélag Stafholtstungna var stofnað, árið 1912, tók það við rekstri sundlaugarinnar. Varð sundkennsla og rekstur lauganna eitt helsta verkefni félagsins í áratugi.

Félagið lét steypa upp nýja sundlaug á árinu 1931. Var það mikil framför fyrir sundiðkendur. Laugin varð miðdepill mannlífsins í sveitinni. Skólarnir á Varmalandi stóðu fyrir byggingu þriðju sundlaugarinnar á árinu 1958. Hún er enn starfrækt en gömlu laugarnar eru horfnar af yfirborði jarðar.

Saga gömlu sundlauganna er rakin ítarlega í grein Helga Bjarnasonar frá Laugalandi í Borgfirðingabók 2015 sem kemur út síðar í mánuðinum. Sýningin á Varmalandi er grundvöllur á upplýsingum úr henni. Auk þess eru til sýnis ýmsir munir sem tengjast sundlaugunum, sundkennurum og sundköppum ungmennafélagsins.



Guðmundur Jónsson, sonur Jóns Þorsteinssonar frá Hofsstöðum, kom með nokkrum barnabörnum sínum til að vera við opnun sögusýningarinnar á Varmalandi. Mynd / Helgi Bjarnason.



Svörtu sundkútarnir sem soðnir voru úr bílslöngum voru notaðir við sundkennslu stóran hluta 20. aldar og vekja enn minningar hjá fólki. Mynd / Helgi Bjarnason.

Við opnun sýningarinnar sl. laugardag var sagt frá fyrstu afrekssundmönnum ungmennafélags Stafholtstungna en flestir þeirra kenndu jafnframt sund á vegum félagsins. Sérstaklega var minnst Jóns Þorsteinssonar frá Hofsstöðum sem var einn af stofnendum ungmennafélagsins. Hann lærði sund í torflauginni og var besti sundmaður félagsins á árunum fyrir 1920 þegar sundsveit Tungnamanna vann flokkasund á íþróttamóti UMSB þrjú ár í röð. Hann hóf ungur að kenna sund í Veggjalaug. Jón varð síðar brautryðjandi í íþróttamálum á landsvísu, leikfimikennslu og sjúkraþjálfun, stofnaði íþróttaskóla og byggði eigið íþróttahús í Reykjavík.

Áhugafólk um sögu gömlu sundlauganna og Ungmennafélag Stafholtstungna standa fyrir sýningunni í samvinnu við Safnahús Borgarfjarðar og Borgarbyggð.

Sýningin verður opin í baðhúsi sundlaugarinnar á Varmalandi í sumar. Sundlaugin er opin alla daga frá klukkan 9 til 18. */VH*

Bláskógabyggð:

# Ungmenni hafa áhyggjur af réttindum sínum

**Æskulýðsnefnd Bláskógabyggðar sendi nýlega frá sér ályktun til sveitarstjórnar, sem byggðarráð hefur staðfest. Ályktunin fjallar um réttindi ungmenna á vinnumarkaði en hún hljóðar svo:**

„Í Bláskógabyggð erum við svo lánsöm að fremur auðvelt er fyrir börn og unglinga að fá vinnu yfir sumartímann. Á Íslandi hafa mörg stéttarfélög lýst yfir áhyggjum sínum af því að ungmenni á vinnumarkaði eigi oft á tíðum undir högg að sækja. Þau séu ekki upplýst um réttindi sín og skyldur, s.s. vinnutíma, öryggi, orlofsgreiðslur og ráðningarsamninga. Æskulýðsnefnd tekur undir þessar áhyggjur og vill koma þeim tilmælum áleiðis til sveitarstjórnar að hún hvetji atvinnurekendur í sveitarfélaginu til þess að huga að réttindum og skyldum ungmenna sem þeir ráða til vinnu. Einnig má benda foreldrum, forráðamönnum og ungmennum sjálfum á vefsíðu umboðsmanns barna, barn.is, en þar er að finna allt það sem þarft er að vita um réttindi og skyldur barna og ungmenna sem eru á vinnumarkaði." */MHH*

limtrevirnet.is



# Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með Yleiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og brunaþolin. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

**Ráðgjöf til viðskiptavina**
Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.


Fjós


Véláskemma


Hesthús

LímtréVírnet — Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is




Blómalindin Kaffihornið Vesturbraut 12a Búðardal.
www.blomalindin.is - blomalindin@simnet.is - 4341606/8946808

# Færibanda-reimar



**Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla**

GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.

Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is

# Til leigu jarðirnar Mið-Garðar og Syðstu-Garðar, Borgarbyggð

Arion banki hf. auglýsir til leigu jarðirnar Mið-Garða (landnr. 136073) og Syðstu-Garða (landnr. 136082), Borgarbyggð. Um er að ræða land þ.m.t. ræktun, útihús og íbúðarhús. Jarðirnar leigjast saman.

Á Mið-Görðum eru helstu mannvirki íbúðarhús. Fjós byggt 1985 með 32 básum og stíum fyrir geldneyti og áföstu mjólkurhúsi. Mjaltabás með átta tækjum og 2.500 lítra mjólkurtankur ásamt fylgibúnaði. Flatgryfja, hlaða og hesthús.



Á Syðstu-Görðum eru helstu mannvirki íbúðarhús, hesthús, geymslur og flatgryfja sem er til helminga hlaða og hjarðfjós.

Samkvæmt Þjóðskrá Íslands er land jarðanna talið vera samtals um 450 hektarar og þar af ræktun 67 hektarar en hún mun vera talsvert stærri.

Jarðirnar henta fyrst og fremst til kúabúskapar þ.e. mjólkur- og nautakjötsframleiðslu.

Kröfur eru gerðar um menntun í búfræðum eða reynslu af búrekstri. Gerður verður tímabundinn leigusamningur en að honum loknum kemur til greina að selja leigutaka jarðirnar ásamt öllu því sem þeim tilheyrir.

Umsóknir/tilboð um leigu sendist undirrituðum í síðasta lagi 10. júlí 2015. Í þeim komi fram upplýsingar um menntun og reynslu umsækjanda af búrekstri ásamt hugmyndum um búrekstur á jörðunum og framtíðarsýn hvað það varðar. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu.
**LIT ehf.**
**Ingi Tryggvason hrl.**
**löggiltur fasteignasali**
**Borgarbraut 61, 310 Borgarnes**
**s. 437 1700, gsm 860 2181**
**netfang: ingi@lit.is**
**veffang: lit.is**

**Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300**
**Næsta blað kemur út 9. júlí**





# SveitaSæla 2015

## Landbúnaðarsýning og bændahátíð

22. ágúst í Reiðhöllinni Svaðastaðir, Skagafirði

Vélasýning Skagfirskra bænda og vélasala

Húsdýragarður

Opin bú í Skagafirði

Leiktæki fyrir börn

Sveitamarkaður

Kvöldvaka

Þeim sem hafa áhuga á að taka þátt í SveitaSælu 2015 er bent á að hafa samband við Steinunni Gunnsteinsdóttur í síma 865 5146 eða í gegnum netfangið sveitasaela@svadastadir.is

Allir velkomnir - Aðgangur ókeypis



Búgreinafélögin í Skagafirði
Búnaðarsamband Skagafjarðar
Leiðbeiningamiðstöðin ehf.
Fluga hf.
Skagafjörður

www.svadastadir.is

NÝPRENT ehf

# Ár, vötn og veiði

– Sölvi Björn Sigurðsson



Gunnar Helgason.

## Skógarströnd og Dalir norður í Gilsfjörð

Það mun hafa verið í fjórða draumi Guðrúnar Ósvífursdóttur að hjálmur hennar steyptist í Hvammsfjörð og skoluðust þá margir laxar í loftköstum upp á fjallstoppana. Þeir störðu furðu lostnir upp í himininn og flýttu sér í næsta fljót, enda geyma nú flestar ár sem falla í Hvammsfjörð marga fiska sem veiðimenn hafa yndi af að eltast við. Hér eru veiðistöðvar Auðar djúpúðgu sem tók bú í Hvammi eftir eiginmann sinn, Írlandskonunginn Ólaf hvíta, og hér fæddist síðar Snorri Sturluson, sem lærði í Hvammi að vera veiðimaður og fanga fiska með höndunum. Umhverfið er yndislegt og hleypir rækt í viðkvæmt sálarlíf þegar sól skín hátt og sumargrónir dalir anga af birkikjarri og vaxandi berjum. Á tánni þar sem Stykkishólmurinn gengur út frá Vigrafirði eru nokkur smávötn, Helgafellsvatn, Hofstaðavatn, Ögurvatn og Skjaldarvatn, og í þeim er einhver fiskur. Á þessum slóðum börðust Eyrbyggjar við Þorbrandssyni úr Álftafirði með miklu blóði og hetjuskap. Í Berserkjahrauni sendi Víga-Styr Leikni og Halla að moka götu en þar réð Snorri goði þeim bana og hirti jafnframt af þeim vinnulaunin, Ásdísi Styrsdóttur. Þvílíkur motherfucker.

Út með Skógarströndinni, inn í Hvammsfjörðinn og vestur með Fellsströndinni norðan megin eru svo margar laxveiðiár að Björn austræni hefði hæglega getað unað þar alla ævi sinnar daga án þess að gera nokkuð nema veiða. Á meðal ánna eru í þessari röð: Setbergsá, Dunká, Skrauma, Hörðudalsá, Miðá, Haukadalsá, Laxá í Dölum, Fáskrúð, Sælingsdalsá og Flekkudalsá, og eru þá ónefndar ýmsar lítt þekktari ár sem einnig eru sumardvalarstaðir laxfiska. Setbergsá fellur um Litla-Langadal og sameinast þar kvísl sem kemur úr Stóra-Langadal, fornri bújörð Ásláks Þorbergssonar mannasættis. Í henni er nokkur silungsveiði en þessar ár mynda saman Ósá úti við sjó. Árlega veiðast í þeim nokkrir tugir og stundum hundruð fiska, og þaðan eru margar sögur, ein ansi skemmtileg af þeim bræðrum Gunnari og Ásmundi Helgasonum, sem svona er í frásögn Gunnars:

„Ási bróðir er sá sem ég veiði langmest með og kannski er eftirminnilegasti laxinn okkar sá sem hann fékk fyrst. Þá vorum við sjö ára gamlir í Setbergsá. Ási setti í fisk og við gerðum allt til að koma honum upp á land þar sem planið var að rota hann með hnullungi og rífa úr honum tálknin áður en hann gæti sagt hrogn og lifur. Það gekk hins vegar frekar illa þar sem klettar og stallar einkenndu svæðið sem við vorum á. Að lokum leiddist mér þófið og ég braut einu regluna sem pabbi hafði kennt okkur: tók í línuna og kippti skrattanum á land. Við það fór fiskurinn vitaskuld af önglinum og spriklaði um kletta og klungur í dágóða stund með tvo sjö ára gutta á eftir sér. Ég hef aldrei séð neinn fisk svona frávita af hræðslu og hlýt að álykta sem svo að það hafi stafað af því að við vorum nákvæmlega eins klæddir. Laxinn hafði náttúrlega aldrei séð tvíbura áður svo hann gerði allt til að forða sér. Hann spriklaði að lokum ofan í lítinn poll sem var rétt við ána. Við hlupum í hringi á eftir laxinum þannig að gusurnar gengu yfir okkur báða og brutum þá einu regluna sem mamma hafði kennt okkur: ekki vaða upp fyrir stígvélin! Þá var Ása nóg boðið. Hann stöðvaði leikinn og kannaði aðstæður rétt sem snöggvast. Hann tók eftir því að það rann vatn í og úr pollinum. Hann skipaði mér því að standa ofan í frárennslinu og góma laxinn ef hann fengi þá flugu í höfuðið að forða sér þá leiðina (plan b), en sjálfur ætlaði hann að dáleiða laxinn og ná að handsama hann í rólegheitunum með höndunum (plan a). Það gekk ekki vel og von bráðar var hann kominn í sama eltingarleikinn og við höfðum báðir staðið í skömmu áður. En nú var laxinum nóg boðið. Hann tók eftir því sjálfur að það rann úr pollinum og gerði sér lítið fyrir og klobbaði mig, stökk á milli fóta mér út í ána og frelsið. Ég reyndi að grípa hann en það endaði með því að ég tók sjálfan mig í kleinu og endaði á bakinu í pollinum. Ég hafði semsagt klúðrað fyrsta laxinum hans í tvígang! Ég er enn að biðjast afsökunar á þessu.“



Vaskir menn við slátt með orfi og ljá. Mynd / Vigfús Sigurgeirsson.

### Landbúnaðarsafnið á Hvanneyri:

## Fornsláttunámskeið á Hvanneyri 11. júlí

**Laugardaginn í tólftu viku sumars – 11. júlí nk. – mun Landbúnaðarsafnið á Hvanneyri gangast fyrir fornsláttunámskeiði.**

Um er að ræða örnámskeið til að kynna þátttakendum fornslátt, sláttuamboð og hvernig menn búa þau sér í hendur – og síðan að leiðbeina um frumatriði sláttar með orfi og ljá. Áhersla verður lögð á skemmtandi fræðslu, holla útivist og notalega afþreyingu í fallegu umhverfi.

Fornsláttar-örnámskeiðið mun standa frá kl. 10–12.30. Leiðbeinandi verður Bjarni Guðmundsson en líka er gert ráð fyrir því að um jafningjafræðslu verði að ræða – að vanari sláttumenn leiðbeini hinum óvanari. Æskilegt er að þátttakendur hafi með sér amboð: orf og ljá. Námskeiðið hentar jafnt körlum og konum sem náð hafa 145 cm hæð.

Stundaskrá námskeiðisins er þrískipt: A: Fjallað um sláttuamboð, slægju og sláttuhætti; B: Búið í hendur sér, brýnt og borið út, og loks C: Sláttuæfingar. A-liður fer fram í Landbúnaðarsafninu, en B- og C-liðir í hlaðvarpanum á Hvanneyri og/eða á Hvanneyrarfit, allt eftir sprettu og ástandi slægna. Námskeiðinu lýkur með rabarbaragraut og rjóma kl. 12.30 (en þá taka við ýmis dagskráratriði Hvanneyrardags, sjá þar).

Þar sem hér er um tilraunanámskeið að ræða verður fjöldi þátttakenda í því miðaður við 10 manns að hámarki. Verði eftirpurn meiri og takist námskeiðið bærilega verður það endurtekið fljótlega. Námskeiðsgjaldið er kr. 5.000,- og í því felst kennsla, kaffisopi og rabarbaragrautur.

Nánari upplýsingar um námskeiðið verða veittar í síma Landbúnaðarsafnsins 844 7740. Þar þurfa væntanlegir þátttakendur að skrá sig, eða á tölvupóstinum bjarnig@lbhi.is. Á heimasíðu safnsins verða einnig og eftir þörfum birt nánari tíðindi af námskeiðinu, www.landbunadarsafn.is.

Ljósmyndina, sem fylgir greininni, tók Vigfús Sigurgeirsson nokkru fyrir miðja síðustu öld. Hún sýnir fimm vaska sláttumenn búa sig undir þrælaslátt á Hvanneyrarengjum. */Bj.Guðm.*

## Hvanneyrardagur

**Eins og mörg undanfarin ár verður Hvanneyrardagur haldinn í ár, að þessu sinni laugardaginn 11. júlí. Dagskrá mun standa frá kl. 13–17 og verður ýmislegt í boði til fræðslu og afþreyingar. Landbúnaðarsafnið verður á sínum stað sem og Ullarselið og Hvanneyrarkirkja. Skemman – kaffihús verður opið og hið ómissandi vöfflukaffi Kvenfélagsins 19. júní.**

Fornbílafjelag Borgarfjarðar kemur í heimsókn með glæsifáka sína, þjóðlegt handverk verður haft í hávegum, gróðurgöngur, sögugöngur og aðrar kynningar og húsdýr munu heilsa upp á gesti. Listsýningar verða í boði, léttir leikir og smákeppnir. Áhersla er sem fyrr lögð á það að maður sé manns gaman og að gestir geti í rólegheitum notið samveru, sumarblíðu og hins söguríka umhverfis á Gamla staðnum á Hvanneyri.



Frá Hvanneyrardegi 2014.

Þá verður þess sérstaklega minnst að 70 ár eru nú liðin frá því fyrstu Farmal-dráttarvélarnar komu til landsins en með þeim hófst vélsláttur íslenskra túna og engja fyrir alvöru. Þess vegna eru eigendur Farmal-dráttarvéla boðnir sérstaklega velkomnir að Hvanneyri þennan dag, einkum þeir er haft geta sláttuvél meðferðis. Við hátíðlega athöfn mun þá nefnilega verða slegið með slíkum fornvélum. Splunkunýr Farmall mun væntanlega mæta á svæðið.

## Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs:

# Tvö íslensk fyrirtæki tilnefnd

**Ellefu hafa verið tilnefndir til náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs en tilkynnt var um tilnefningarnar á Fundi fólksins í Vatnsmýrinni í Reykjavík fyrir skömmu. Tvö íslensk fyrirtæki eru meðal tilnefndra, Carbon Recycling International og Orkuveita Reykjavíkur.**



Þema verðlaunanna í ár er losun gróðurhúsalofttegunda og verða þau veitt fyrirtæki, samtökum eða einstaklingi sem þróað hefur vöru eða uppfinningu eða stuðlað með öðrum skapandi hætti að minni losun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum.

Íslensku fyrirtækin tvö sem tilnefnd eru hafa bæði stuðlað að minni losun koltvíoxíðs út í andrúmsloftið. Carbon Recycling International sérhæfir sig í því að draga úr losun koltvísýrings frá eldsneyti sem hægt er að nota í flutningageiranum. Sú tækni sem fyrirtækið býr yfir gæti dregið úr losun koltvísýrings um allt að 100% og þar með valdið byltingu hvað varðar mengun frá flutningageiranum.

Orkuveita Reykjavíkur miðlar orku og vatni til um 67% Íslendinga með hjálp jarðvarmaorku. Jarðvarmaorkan er meginskýringin á því að 85% orkunotkunar á Íslandi telst vera sjálfbær. Fyrirtækið er um þessar mundir að þróa aðferðir til að binda koltvísýring í berg til að draga úr losun og bæta umhverfið.

*Aðrir tilnefndir eru:*

- Danska fyrirtækið GoMore sem býður lausnir sem lúta að samakstri og að samnýta bifreiðar.
- Evangelísk-lútherska kirkjan í Finnlandi sem hefur unnið að umhverfismálum og sjálfbærni frá 2001.
- Finnska sendingarþjónustan PiggyBaggy sem byggir á því að einstaklingar flytji vörur hverjir fyrir annan á daglegum ferðum sínum.
- Orkufyrirtækið SEV í Færeyjum sem notast hvoru tveggja við vind- og vatnsorku.
- Norgesgruppen A/S í Noregi sem hefur mótað metnaðarfulla loftslags- og umhverfisáætlun sem á að tryggja sjálfbærni fyrirtækisins í framtíðinni.
- Sænska kaffibrennslan Löfbergs sem hefur tekið í notkun viðamikið kerfi til að tryggja sjálfbærni og draga úr áhrifum kaffiframleiðslunnar á loftslagið.
- Sænska fyrirtækið City Bikes sem býður reiðhjól til láns ókeypis og er fastur þáttur í borgum á borð við Stokkhólm, Gautaborg og Kaupmannahöfn.
- Uppsala klimatprotokoll í Svíþjóð sem er samstarfsnet fyrirtækja, félaga og opinberra stofnana sem veitir innblástur til loftslagsmiðaðrar fyrirtækjaþróunar.
- Sixten Sjöblom á Álandseyjum sem framleiðir lífeldsneyti úr staðbundnum úrgangsafurðum.

Verðlaunin nema 350 þúsundum danskra króna, um 7 milljónum króna, og verða þau afhent við hátíðlega athöfn í Hörpu 27. október næstkomandi í tengslum við þing Norðurlandaráðs. /VH








Pöttinger eru mest seldu heyvinnutæki á landinu til margra ára.*

- og ekki að ástæðulausu.

PÖTTINGER

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

*Samkvæmt samtæmdum innflutningstölum evrópska tækjaframleiðenda.

# STEKKUR

## Skýin sem kennileiti

**Hrafninn er sá fugl sem sveipaður er mestri dulúð í íslenskri þjóðtrú og um hann er fjöldi sagna.**

Í aldaraðir hefur hann allt í senn verið álitinn skemmtilegur eða leiðinlegur, verið dáður og hataður, ofsóttur eða alfriðaður.

Ólíkt því sem margir halda telst hrafninn ekki til ættar ránfugla. Hann er spörfugl eins og þrösturinn, maríuerlan og þúfutittlingurinn. Hrafninn er að vísu fjarskyldur ættingi þessara fugla og mjög ólíkur þeim. Hann er langstærsti og algengasti spörfuglinn sem verpir á Íslandi og algengur um allt land.

Einstaka sinnum kemur fyrir að það fæðist hvítur fugl og af því er dregið orðtakið: Sjaldséðir hvítir hrafnar. Einnig er vitað um hrafn sem var með stórar hvítar skellur á vængjunum.

Krummi er glysgjarn, hann er safnari og stelur öllu sem hann getur. Í laup hrafna hafa fundist furðulegustu hlutir: marglit glerbrot, litríkir steinar og plastbrúsar og jafnvel gaddavír. Ein sagan segir að krummi eigi það til að grafa þýfið í jörðu en finni það svo aldrei aftur vegna þess að hann noti skýin sem kennileiti.

### *Huginn og Muninn*

Í norrænni trú var hrafninn talinn spáfugl. Á öxlum Óðins sitja tveir hrafnar, Huginn og Muninn. Snemma á morgnana hefja þeir sig til flugs og fljúga um allar jarðir og þegar þeir snúa til baka hvísla þeir fréttum í eyru Óðins og er hann því nefndur hrafnagoð. Hrafninn eru líka fugl orrustuvallarins. Þeir sem falla í valinn og fara til Valhallar eru kallaðir hrafnafóður.

Sagt er að Flóki Vilgerðarson, sem einna fyrstur fann Ísland, hafi blótað þrjá hrafna og heitið Óðni því að gera þá sér leiðitama. Þegar hann sigldi síðan til Íslands hafði hann hrafnana með til að vísa sér leiðina.

Íslendingar hafa lengi trúað því að hrafninn sé allra fugla vitrastur og að hann viti ekki einungis það sem á sér stað á fjarlægum slóðum heldur geti einnig sagt til um ókomna atburði. Áður var talið að þeir sem legðu sig fram við að fylgjast með flugi og krunki hrafnsins áttuðu sig á veðrabreytingum og öðru gagnlegu af háttum hans.

Hrafninn er kjaftaglaður og það þótti gagnlegt ef menn skildu krunkið í honum eða tungumál annarra fugla.

Hrafninn hefur lengi verið tengdur ýmiss konar kukli og nánast óhugsandi að nokkur galdramaður með sjálfsvirðingu eigi ekki taminn hrafn. Ungir nútímaloddarar láta sér þó yfirleitt duga að eiga uppstoppaðan fugl.

Hrafnar eru félagslyndir og fara oft um í hópum. Á kvöldin safnast hóparnir saman á náttstað og nefnist það hrafnaþing. Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt að hrafnar haldi þing tvisvar á ári, vor og haust. Á vorþingum ákveða hrafnar hvernig þeir skuli hegða sér yfir sumarið, en á haustþingum skipa þeir sér niður á bæi. Þeir eru þá alltaf tveir saman, karl- og kvenfugl, svipað því og þegar hreppsómagar voru vistir niður til vetursetu. Ef tala hrafna á þingi er stök eltir hópurinn uppi þann staka og drepur hann. Eftir að hrafnarnir settu sig niður á bæina voru þeir kallaðir heima- eða bæjarhrafnar. /VH



Forsetafrúin Dorrit Moussaieff faðmar að sér einn af skjólstæðingum Sólheima.

# Forseti Íslands og frú heimsóttu Sólheima

**Fimmtudaginn 18. júní heimsóttu forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, og frú Dorrit Moussaieff Sólheima í tilefni af 85 ára afmæli Sólheima í ár.**

Forsetahjónin hittu íbúa Sólheima að máli, fengu fræðslu um sögu staðarins, skoðuðu sig um á vinnustofunum og gróðursettu tré við Sólheimakirkju.

Heimsóknin var í alla staði vel heppnuð og öllum viðstöddum til mikillar gleði.


Forsetahjónin Dorrit Moussaieff og Ólafur Ragnar Grímsson við gróðursetningarathöfn á Sólheimum. Fánaberinn er hinn landskunni göngugarpur Reynir Pétur Ingvarsson, en við hlið hans er Pétur Sveinbjarnarson, stjórnarformaður Sólheima. Lengst til vinstri er Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima.

### *Sesselja stofnaði Sólheima 5. júlí 1930*

Það var Hafnfirðingurinn Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir sem leigði jörðina Hverakot af barnaheimilisnefnd Þjóðkirkjunnar og stofnaði Sólheima á afmælisdegi sínum, þann 5. júlí 1930. Þá var hún 28 ára gömul.

Starf Sólheima hófst 5. júlí 1930 í tjöldum en þann dag komu fyrstu fimm börnin og nokkru síðar bættust önnur fimm við. Ekkert íbúðarhæft hús var á staðnum og því búið í tjöldum þar til Sólheimahúsið var fokhelt 4. nóvember um veturinn og hægt var að flytja inn í kjallarann. Lúðvík, bróðir Sesselju, smíðaði trégólf í tjöldin og leiddi undir þau hita frá hvernum.

Sólheimar voru stofnaðir sem barnaheimili, einkum fyrir börn sem bjuggu við erfiðar heimilisaðstæður svo sem foreldramissi eða veikindi foreldra. Einnig voru tekin börn til sumardvalar. Haustið 1931 kom fyrsta þroskahefta barnið að Sólheimum en þá voru engin úrræði til á Íslandi fyrir þroskahefta og þess voru dæmi að þroskaheft fólk væri geymt í útihúsum.

Sesselja lagði áherslu á að Sólheimar væru heimili en ekki stofnun og að fatlaðir sem ófatlaðir deildu kjörum í daglegu lífi og starfi. Á Sólheimum markaðist upphaf þeirrar stefnu sem nefnd er samskipan fatlaðra og ófatlaðra eða blöndun en sú stefna var ekki þekkt erlendis fyrr en um og eftir 1970. Sólheimar voru alla tíð skráð barnaheimili en 1984 var þess krafist að Sólheimar væru skráðir vistheimili og var svo í níu ár, þar til vistun fatlaðra lauk í janúar 1994 á Sólheimum. Á þeim tímamótum tóku fatlaðir upp sjálfstæða búsetu á Sólheimum. Þeir fá greiddar örorkubætur í stað vasapeninga vistmanna og greiða leigu fyrir sitt húsnæði og standa straum af kostnaði við eigið heimilishald. Fatlaðir íbúar eru nú 42 af um rúmlega eitt hundrað íbúum Sólheima.



### *Stundaði nám í Danmörku, Sviss og Þýskalandi*

Sesselja stundaði nám í sex ár í Danmörku, Sviss og Þýskalandi, m.a. í uppeldisfræði, barnahjúkrun og rekstri barnaheimila og var fyrsti Íslendingurinn sem lærði umönnun þroskaheftra.

Á námsárunum í Þýskalandi kynntist Sesselja kenningum dr. Rudolf Steiner (1861–1925), „anthroposophy“ eða mannspeki. Sesselja stundaði einnig nám í garðyrkju, blómarækt og meðferð alifugla.

Sesselja ól upp fjölmörg fósturbörn og var brautryðjandi í uppeldismálum og umönnun þroskaheftra á Íslandi. Sesselja var frumkvöðull í lífrænni ræktun, ekki aðeins á Íslandi heldur líka á Norðurlöndum og er í raun fyrsti íslenski umhverfissinninn.


Forsetahjónin gróðursetja tré á Sólheimum.

Eftir að Sesselja flutti til Íslands 1930 stóð hún í bréfaskriftum við fjölda fólks í Danmörku, Þýskalandi, Hollandi, Englandi og Sviss, m.a. um lífefld ræktun (bio-dynamics) og mannspeki og ferðaðist hún reglulega til þessara landa. Meðal þeirra sem hún átti í bréfaskiptum við voru dr. Karl König, stofnandi Camphill-hreyfingarinnar í Bretlandi, Sólveig Nagel frá Noregi og Caritu Stenback frá Finnlandi en þær voru frumkvöðlar í málefnum þroskaheftra í sínum heimalöndum.

Sesselja ættleiddi tvö börn, Hólmfríði og Elvar, og ól upp 14 fósturbörn.

Sesselja giftist Rudolf Richard Walter Noah 17. mars 1949. Noah var þýskur tónlistarmaður og kennari, sem kom til Íslands 1935 en var handtekinn af breska hernum 5. júlí 1940 og fluttur í fangabúðir til Englands. Noah fékk ekki leyfi til að koma til Íslands fyrr en 1949 eftir níu ára fjarveru. Hann fór aftur til Þýskalands 7. mars 1953 án þess að Sesselja og hann skildu formlega. Noah lést í Þýskalandi 1967. Sesselja lést á Landakotsspítala í Reykjavík 8. nóvember 1974, 72 ára gömul.

Nánar má lesa um Sesselju og hennar lífsferil í bókinni „Mér leggst eitthvað til – sagan um Sesselju Sigmundsdóttur og Sólheima“ eftir Jónínu Michaelsdóttur rithöfund.

# Net- og plastlager frá Búvís um land allt



*Er ég huga að heyskap fer*
*og helstu kosti ræði.*
*Búvís alltaf býður mér*
*bestu kjör og gæði.*
*J.S*

**Baldur Grétarsson**
Kirkjubæ - 701 Egilsstöðum
Sími: 471 3131
Farsími: 861 1961

**Sigurbjörn Karlsson**
Smyrlabjörgum - 781 Höfn í Hornafirði
Sími: 892 9074

**Sigurjón Sigurðsson**
Efstu-Grund - 861 Hvolsvelli
Sími: 487 8959
Farsími: 845 0980

**Matthías Ragnarsson**
Guðastöðum - 861 Hvolsvelli
Sími: 487 8570
Farsími: 867 6038

**Ingibjörg Einarsdóttir**
Langstöðum - 801 Selfoss
Sími: 482 1035
Farsími: 691 7082

**Jón Viðar Finnsson**
Dalbæ 1 - 845 Flúðum
Sími: 486 6648
Farsími: 898 1468

**Sigurþór Gíslason**
Meðalfelli kjós
Sími: 8977690 / 5667060
276 Mosfellsbær

**Trausti Hjálmarsson**
Austurhlíð 2 - 801 Selfossi
Sími: 486 8948
Farsími: 865 9284

**Benedikt Hans Kristjánsson**
Ferjunesi 2 Flóa - 801 Selfossi
Farsími: 848 8604

**Sigurður Þór Runólfsson**
Eystra-Miðfelli - 301 Akranes
Sími: 431 3588
Farsími: 961 2034

**Brynjólfur Guðmundsson**
Hlöðutúni - 311 Borgarnesi
Farsími: 863 7398

**Eggert Kjartansson**
Hofsstöðum - 311 Borgarnesi
Sími: 435 6870
Farsími: 865 2400

**Brynjúlfur Steinar Guðbrandsson**
Brúarlandi I - 311 Borgarnesi
Farsími: 894 2708

**Magnús Kristjánsson**
Höskuldsstöðum 371 Búðardal
Sími: 434 1205
Farsími: 892 1207

**Haraldur Bjarnason**
Haga II - 451 Patreksfirði
Sími: 456 2054
Farsími: 869 1047

**Högni Jónsson**
Ósi - 415 Bolungarvík
Sími: 456 7397
Farsími: 892 0569

**Ingibjörn Gunnarsson**
Hvammstanga
Farsími: 847 6578

**Gunnar Þorgeirsson**
Efri-Fitjar
Sími: 451 2554
Farsími: 894 2554

**Rúnar Örn Guðmundsson**
Blönduósi
Farsími: 695 3363

**Auðólfstaðabúið**
Auðólfstöðum - 541 Blönduós
Sími: 452 4757
Farsími: 864 0238

**Sigurður Baldursson**
Páfastöðum - 560 Varmahlíð
Sími: 453 8175
Farsími: 895 4166

**Róbert Jónsson**
Páfastöðum - 560 Varmahlíð
Farsími 891 9161

**Þór Ingvason**
Bakka - 621 Dalvík (dreifbýli)
Sími: 466 3171
Farsími: 844 9371

**Búvís ehf**
600 Akureyri
Sími: 465 1332
Farsími: 845 9263

**Vagn Haukur Sigtryggsson**
Hriflu II – 641 Húsavík
Sími: 464 3259
Farsími: 848 4476

**Stefán Pétursson**
Klifshaga II - 671 Kópasker
Sími: 465 2227
Farsími: 659 8927

**Jóhann Marvinsson**
Svínabökkum - 690 Vopnafirði
Sími: 473 1527
Farsími: 846 3563

**Búvís ehf.** | Akureyri | Sveinungsvík | Símar 465 1332 | **www.buvis.is**

# Hrossum haldið frá eigandanum

## – sem hann eignaðist að fullu í lok síðasta árs

**Fremur óvenjuleg smáauglýsing birtist í síðasta Bændablaði. Þar auglýsir Elín S. Kristinsdóttir eftir sjö hrossum.**

Í stuttu máli eru málavextir þeir að eftir sambúðarslit Elínar í lok árs 2009 reis deila um eignarhald á níu hrossum sem hún og fyrrverandi sambýlismaður höfðu keypt og voru í umsjá þeirra á sambúðarárunum. Hrossin voru ýmist í hesthúsum í Kópavogi eða í hagagöngu í Borgarfirði. Fyrrverandi sambýlismaður Elínar taldi sig vera einn eigandi hrossanna við sambúðarslitin en þau hafði hann skráð á sitt nafn í WorldFeng, sem er skýrsluhaldskerfi hrossaræktenda. Elín vildi ekki við það una og höfðaði almennt einkamál á hendur fyrrverandi sambýlismanni til viðurkenningar á eignarrétti sínum í níu tilgreindum hrossum.



Fengur frá Krossi, en eigandi hans lýsir eftir honum.

Eftir glímu fyrir dómstólum í kjölfarið úrskurðaði héraðsdómur að tiltekin níu hross væru sameign Elínar og fyrrverandi sambýlismannsins í jöfnum hlutföllum. Úrskurð héraðsdóms kærði sambýlismaðurinn fyrrverandi til Hæstaréttar og hann staðfesti hann með dómi þann 10. september 2014 (mál nr. 472/2014).



Fífa og Fold.



Freyja frá Krossi.

Að sögn Elínar var haldinn skiptafundur eftir að niðurstaða Hæstaréttar lá fyrir en á þeim fundi neitaði fyrrverandi sambýlismaðurinn að una dómi og upplýsa um hvar hrossin væru. Hann hefði sótt hrossin níu, sem deilt hefur verið um, í Borgarfjörðinn og í Biskupstungur árin 2010 og 2011. Tvö hross hefur hún endurheimt nú í ár og auglýsti því eftir sjö.

„Félag sem ég er í forsvari fyrir hafði eignast fjárkröfu á hendur manninum vegna ógreidds málskostnaðar. Félagið gerði því fjárnám í eignarhluta hans í hrossunum og krafðist í framhaldinu nauðungarsölu. Í kjölfarið var helmingseignarhlutur í þessum níu hrossum boðinn upp hjá Sýslumanninum í Reykjavík þann 25. nóvember 2014 og var ég þar hæstbjóðandi og fékk útgefið afsal. Í dag er því eignarhlutur minn í hrossunum hundrað prósent. Þar sem hrossin voru ekki á uppboðsstað voru þeir boðnir upp samkvæmt örmerkingu og skráningu í WorldFeng.

Þar sem ekkert hefur enn spurst til hrossanna var úr vöndu að ráða og varð úr að senda inn kæru til auðgunarbrotadeildar Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hin kærðu eru fyrrverandi sambýlismaður og samverkafólk hans. Kæran lýtur að því að halda með ólögmætum hætti hesta sem eru í minni eign og neita að afhenda þá eða upplýsa hvar þeir eru.

Í kærunni kemur fram það mat að kærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum ákvæðum um fjárdrátt. Þá hafi samverkafólk hans gerst brotlegt við ákvæði sömu laga um hlutdeild eða eftir atvikum hylmingu. Þau hafa öll verið yfirheyrð hjá lögreglu og hefur kæran verið send til lögfræðideildar Lögreglustjórans (saksóknara). Nú er stóra spurningin hvort gefin verður út opinber ákæra á hendur þessu fólki," segir Elín.

### *Hefur fundið tvo af níu*

Elín hefur fundið tvo hesta og auglýsti því eftir hinum sjö eins og áður er fram komið, þeim Feng frá Krossi, brúnum vottar fyrir stjörnu, (skráningarnúmer (sn.) IS2000135760), Funa frá Krossi, jörpum, sn. IS2000135761, Freyju frá Krossi, rauðri tvístjörnóttri, sn. IS2001235760, Fold frá Krossi, jarpri, sn. IS2003235761, Freistingu frá Krossi, brúnni, sn. IS2003235762, Fífu frá Krossi, jarpri með stjörnu sn. IS2003235763 og Svöl frá Skarði 1, móvindóttri, sn. IS2003235761.

Að sögn Elínar er lítið vitað um afdrif hrossanna. Hún segist þó hafa vitað til þess að hluti hrossanna hafi verið í hesthúsum í Mosfellsbæ á svæði Harðar, í Hlíðarþúfum í Hafnarfirði og á Álftanesi (Breiðabólstað). Tvö hross; jarpi hesturinn og móvindótta hryssan, hafi verið í þjálfun í hesthúsahverfinu á Selfossi líklegast 2013 eða 2014. Einnig er vitað að einhver þeirra hafa verið í hagagöngu við Stokkseyri og Eyrarbakka, við Vífilsstaði í Garðabæ, líklegast 2012, í Gaulverjabæ, í Mýrdal, Biskupstungum, Borgarfirði og hugsanlega Mosfellsdal, Rangárvallasýslu, Grindavík og Skagafirði.

Hún segir að fleiri staðir geti komið til greina. Vitað sé að eitthvað af hrossunum hafi verið notuð í hestaferðir út á land á vegum danskrar konu sem auglýsir hestaferðir á Fésbók. /smh



Garðar Bergendal. Mynd / VH

Rafbylgjumælingar:

# Rafbylgjur í jarðárum

**Öll vitum við að rafbylgjur hafa áhrif á umhverfið í kringum sig. Garðar Bergendal segir að rafbylgjur geti safnast upp í íbúðar- og útihúsum og valdi mönnum og málleysingjum verulegum óþægindum.**

Garðar býður þjónustu sem felst í því að einangra rafbylgjur sem að hans sögn eru í jarðveginum allt í kringum okkur og berast meðal annars í hús með jarðárum. „Rafbylgjur af þessu tagi eru reyndar allt í kringum okkur og geta valdið allt frá því að skúm safnast fyrir í húsum, svefntruflunum hjá fólki og burðartregðu hjá búfé."

Rafmagn getur hlaðist upp í heima- og útihúsum og valdið mönnum og skepnum talsverðum óþægindum, að sögn Garðars.

„Rafmagnið kemur meðal annars frá rafljósum og tenglum og til dæmis er ekki sama hvernig tenglar snúa í húsum. Rafbylgjurnar sem berast með jarðárunum eru stöðugar og mismiklar eftir því sem árurnar eru stærri."

### *Mælir rafbylgjur*

„Þjónustan sem ég býð felst í því að mæla rafbylgjurnar sem berast með jarðárunum og koma síðan fyrir senditæki sem lokar flæði og uppsöfnun þeirra inn í húsin. Eftir að flæði rafbylgna inn í hús er stöðvað verður loftið í þeim mikið léttara og dæmi um að fólk hafi læknast af höfuðverk, síþreytu, exemi og vöðvabólgu auk þess sem myglusveppir hafa horfið úr húsum."

Garðar segir að á undangengnum árum hafi fjöldi bænda nýtt sér þjónustu sína og að í kjölfarið hafi þeir séð greinilegan mun á skepnunum til hins betra að þeirra eigin sögn.

### *Ánægðir viðskiptavinir*

Á heimasíðu Garðars, www.gardar.len.is, er að finna umsagnir viðskiptavina hans. Haft er eftir tveimur bændum: „Aldrei eytt peningum í jafn gott mál, konan læknaðist á einum mánuði, hún var búin að ganga á milli lækna vegna exems og ekkert gekk fyrr en Garðar kom og mældi allt upp og lagaði hjá okkur" og „svínin hjá okkur áttu til að naga í hvert annað vegna óróa og vanlíðan. En eftir að Garðar kom og setti upp búnaðinn hætti svínin að naga hvert annað og allur órói hvarf hjá þeim." /VH



FELLA

Stórlækkað verð á Fella heyvinnuvélum
Líklega ódýrustu heyvinnuvélar landsins

# Heyvinnuvélar

**Vélar í hæsta gæðaflokki á lágmarks verði**



Heyþyrlur



Diskasláttuvélar



Múgavélar

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

STRÚKTÚR

Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni

Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré



WWW.STRUKTUR.is

Við finnum lausn sem hentar Þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ | Sími: 696 0008 & 860 0264 |



Mynd: Josefine Unterhauser

SÓLVARNARGLER OG HANDRIÐ

ispan@ispan.is • ispan.is

Íspan GLER OG SPEGLAR


**Bændablaðið** Smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 32 þúsund eintökum á 395 dreifingarstaði




## Sumartilboð Iðnvéla

- nú er loksins byrjað að hlýna fyrir alvöru!

Öflug tæki og tól fyrir pallasmíðina, viðhaldsverkin og sumarbústaðinn.



Rafstöð
69.826 kr.



Fjölnotasög
34.900 kr.



Hjólsög og sleðasög með fínstillingu
46.600 kr.



Geirungssög
38.991 kr.



Borvél á borði
48.201 kr.



Borðsög með bútsleða og ristilandi
115.988 kr.

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IÐNVÉLAR

IÐNVÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is



## Jörðin Höskuldsstaðir Akrahreppi

Skagafjarðasýslu er til sölu. Þar hefur verið rekið fjár- og hrossabú. Jörðin stendur við þjóðveg 1 og hefur gott útsýni yfir fjörðinn. Frá Höskuldstöðum eru 6 km til Varmahlíðar og 33 km til Sauðárkróks, 90 km til Akureyrar og 300 km til Reykjavíkur.

Helstu byggingar eru íbúðarhús, upphaflega byggt 1950,177,2 fm önnur hæð, byggð ofan á árið 2004 og neðri hæðin tekin í gegn árið 2012. Íbúðarhúsið er að mestu endurnýjað og er í mjög góðu standi. Á efri hæðinni eru fjögur svefnherbergi, stofa og bað. Á neðri hæðinni er stórt þvottahús, eldhús, búr, stofa, þrjú herbergi, gangur, forstofa og bað. Það er pallur fyrir vestan og sunnan húsið og er heitur pottur á pallinum. Hesthús byggt 2006,

Eignin er 363,1 fm. með stíum og reiðskemmu. Gömul fjárhús 186,3 fm og hlaða 71,3 fm, einnig vélageymsla 97,7 fm. Landstærð er talin vera u.þ.b. 180 ha. Þar af um16 ha tún, auk þess óskipt land í Akradal. Hitaveita og ljósleiðari er á Höskuldsstöðum.

**Allar frekari upplýsingar veitir Einar Sigurjónsson hdl.**
**einar@logmannsstofan.is eða í síma 5200-900**




Hin nýja ímynd íslenska hreinleikans á Þingvöllum. Raforkan á Íslandi 2014 var að 23% hluta upprunnin úr kjarnorku og 32% úr jarðefnaeldsneyti og einungis 45% úr endurnýjanlegum auðlindum samkvæmt upplýsingum Orkustofnunar. Ef raforkureikningar landsmanna síðustu árin eru skoðaðir mætti ætla að í skjóli nætur hafi verið reist eitt eða fleiri kjarnorkuver í náttúruperlum Íslands.

Samsett mynd / HKr.

## Evrópskum mengunarkvótum sullað saman við hreinleikaímynd íslenskrar raforku:

# Íslendingar greiða fyrir kjarnorku-, kola- og olíuframleidda raforku

## – orkufyrirtækin selja vottorð fyrir meirihlutann af hreinu íslensku orkunni til útlanda

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Til langs tíma hafa ríkisstjórnir, forseti vor, embættismenn og orkufyrirtæki haldið á lofti hreinleika íslenskrar orkuframleiðslu. Ísland er sagt einstakt á heimsvísu hvað þetta varðar, en frá 2011 hefur þeim staðreyndum algjörlega verið snúið á haus fyrir tilstuðlan innleiðingar á tilskipun ESB.**

Ísland og Íslendingar geta ekki lengur stært sig af þessari hreinu ímynd, þar sem orkufyrirtækin selja á hverju ári erlendum orkufyrirtækjum hreinleikavottorð í orkuframleiðslu í skiptum fyrir ávísun á orku sem ekki er framleidd á vistvænan hátt. Þetta má sjá á orkureikningum landsmanna þar sem nú er tekið fram að meirihluti af orkunni sé framleiddur með kjarnorku, olíu, kolum og gasi. Þrátt fyrir að hér á landi séu hvorki kola- né kjarnorkuver til raforkuframleiðslu, þá geta Íslendingar sjálfir ekki fengið skráð hjá sér kaup á hreinni orku nema greiða orkufyrirtækjunum sérstaklega fyrir það. Það sem meira er, að framboðið á þessum hreinleikavottorðum fer þverrandi vegna sölu til útlendinga.

Vel er hugsanlegt að þetta eigi eftir að koma illilega í bakið á þeim sem framleiða matvæli eins og fisk og kjöt til útflutnings á forsendum hreinleikans. Víða er farið að krefjast vottunar fyrir slíka framleiðslu og ef íslenska ríkið getur ekki lengur ábyrgst að orkan sem hér er seld sé fullkomlega hrein, þá er komin upp skrítin staða.



[redacted]

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Orka náttúrunnar ohf.
Kt: 521213-0190
Vsknr.: 115529
Sími: 591 2700

KENNITALA GREIÐANDA: 540782-0249

REIKNINGUR Á GJALDDAGA 07.04.2015

RAFMAGN
Reikningur nr. [redacted]

Útgáfudagur: 05.03.2015
Tímabil: 01.02.2015 - 01.03.2015
Taxti: Almenn notkun A15
Fastanúmer: 161932
Kt. mælistaðar: 101 - 10347516

Mælir nr: 8880000013
Álestur 01.02.2015 3.697.551,6
Álestur 01.03.2015 3.974.913,0
Notkun milli álestra 277.361,4 kWh
Reikningsfært nú 277.361,4 kWh

| | | | Ein.verð | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| Notkun | 277.361,4 | kWh | 5,33 | 1.478.336 |
| Afsláttur | | | | -369.584 |
| Orkuskattur | 277.361,4 | kWh | 0,129 | 35.780 |
| Samtals án vsk. | | | | 1.144.532 |
| Virðisaukaskattur af 1.144.532 kr. | | | 24% | 274.688 |
| Til greiðslu | | | | 1.419.220 |

Viðskiptalegur uppruni raforku ON eftir orkugjöfum árið 2013: Endurnýjanleg orka 39%, jarðefnaeldsneyti 37%, kjarnorka 24%. Birt skv. reglugerð 757/2012. www.on.is/um/upprunaabyrgdir

RAFMAGN
Reikningur nr. [redacted]

Útgáfudagur: 05.03.2015
Tímabil: 01.02.2015 - 01.03.2015
Taxti: Almenn notkun A15
Fastanúmer: 173925
Kt. mælistaðar: 101 - 10368967

Mælir nr: 9701070
Álestur 01.02.2015 1.769.300,7
Álestur 01.03.2015 1.916.852,5
Notkun milli álestra 147.551,8 kWh
Reikningsfært nú 147.551,8 kWh

| | | | Ein.verð | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| Notkun | 147.551,8 | kWh | 5,33 | 786.451 |
| Afsláttur | | | | -196.613 |
| Orkuskattur | 147.551,8 | kWh | 0,129 | 19.034 |
| Samtals án vsk. | | | | 608.872 |
| Virðisaukaskattur af 608.872 kr. | | | 24% | 146.129 |
| Til greiðslu | | | | 755.001 |

Viðskiptalegur uppruni raforku ON eftir orkugjöfum árið 2013: Endurnýjanleg orka 39%, jarðefnaeldsneyti 37%, kjarnorka 24%. Birt skv. reglugerð 757/2012. www.on.is/um/upprunaabyrgdir

Reikningar í einriti sem eiga uppruna sinn í rafrænu bókhaldskerfi samkvæmt reglugerð nr. 505/2013

### *Kjarnorkuhlutfallið í íslensku raforkunni komið í 23–24%*

Skýringin á þessari skilgreiningu á uppruna orkunnar mun vera sala íslenskra orkufyrirtækja á grænum vottorðum til útlanda sem hófst 2011. Í þessum viðskiptum er m.a. skilgreint hlutfall kjarnorkuframleiðslunnar í viðkomandi landi og vegna þessarar sölu hefur sams konar skilgreiningum verið bætt inn í á sölu á raforku hér á landi.

Orkuveita Reykjavíkur var t.d. komin með þá skýringu á sínum reikningum 2012 að endurnýjanleg orka stæði undir um 89% af rafmagninu og jarðefnaeldsneyti stæði fyrir sex prósentum. Þau fimm prósent sem eftir eru komi frá kjarnorku. Árið 2012 var kjarnorkuhlutinn kominn í 16% og jarðefnaeldsneyti í 21%. Árið 2013 var kjarnorkuhlutfallið svo komið í 24% og jarðefnaeldsneytið í 37%. Vegna aukinnar raforkuframleiðslu með vatnsafli og heldur minni sölu hreinleikavottorða minnkaði kjarnorkuhlutfallið í 23% árið 2014 og jarðefnaeldsneytishlutinn í 32%.

Vegna þessarar útlistunar á samsetningu orkunnar er útilokað að t.d. íslensk gróðurhús geti fengið það vottað að þau séu að nota 100% endurnýjanlega orku við sína framleiðslu – nema þá gegn umtalsverðri þóknun.

Sveinn A. Sæland, fyrrverandi formaður Sambands garðyrkjubænda, sem rekur garðyrkjustöðina Espiflöt með fjölskyldu sinni, staðfesti þetta í samtali við Bændablaðið. Hann segist hafa fengið tilboð frá Orku náttúrunnar, dótturfélagi Orkuveitu Reykjavíkur, um að garðyrkjubændur

sem þar eiga viðskipti gætu keypt sig frá þessari óhreinu orku og fengið stimpil um að þeir notuðu aðeins hreina orku.

### *Hægt að fá hreinleikavottorð fyrir 5,1 eyri á kílówattstund*

„Okkur var boðið að kaupa okkur frá þessari vitleysu fyrir sem nemur 5,1 eyri á kílówattstund. Þannig gætum við keypt kjarnorku og jarðefnaeldsneytið út af reikningum hjá okkur og fengið rafrænt „lógó“ inn á heimasíðuna sem segir að við séum að kaupa hreina orku. Ég var bara ekki tilbúinn að taka þátt í svona skrípaleik.“

Þetta getur numið um 4,2 milljónum króna á ári hjá allri garðyrkjunni sem kaupir árlega um 82 milljónir kílówattstunda. Sagði Sveinn að í samtali við fulltrúa ON hafi komið fram að öllum öðrum Íslendingum væri einnig boðið upp á sömu „kostakjör“ á hreinleikanum. Það er að segja svo lengi sem hreinleikavottorðin seldust ekki upp.

### *Bíta höfuðið af skömminni*

„Mér fannst að þarna væru menn að bíta höfuðið af skömminni. Við sem höfum verið að berja okkur á brjóst í gegnum tíðina að við séum með svo æðislega flotta atvinnugrein og með hreina orku og vatn og enga koltvísýringsmengun. Nú er okkur sagt að þetta sé allt koldrullugt. Svo leyfa menn sér að bjóða okkur að borga okkur frá þessu,“ segir Sveinn.

Einn góður maður setti fram þá samlíkingu að þetta væri eins og einhver kæmi og skiti á tröppurnar hjá manni, bankaði svo á útidyrnar og byði húsráðanda að borga viðkomandi fyrir að þrífa upp skítinn eftir sig.

Bændablaðið fékk það staðfest hjá Orku náttúrunnar að hægt sé að fá keypt slík „syndaaflausnabréf“ eins og viðmælandi orðaði það. Þá hafi ferðaþjónustuaðilum sem eiga við þau viðskipti verið boðinn sérstakur samningur þar sem vottun um hreina orku er innifalinn. Því fylgir útprentað skjal sem fyrirtækin geta hengt upp á vegg hjá sér sem staðfestingu á að þau séu að kaupa 100% hreina orku. Þá fá þau einnig merki sem hægt er að setja á heimasíðu fyrirtækisins. Ekki fékkst útlistun á því áður en blaðið fór í prentun hversu hátt gjald orkukaupendur þurfi nákvæmlega að greiða fyrir hverja kílówattstund.

### *Gert að borga sjálfsblekkingarskatt*

Sala á grænum vottorðum til útlanda hefur valdið því að í raun er opinberlega verið að ljúga til um uppruna orkuframleiðslunnar á Íslandi. Það sem verra er, að í skjóli þessara skilgreininga eru orkufyrirtækin farin að stilla framleiðendum á borð við garðyrkjubændur og öðrum upp við vegg. Er þeim nú boðið að kaupa sig frá þessari kjarnorku-, olíu-, gas- og kolaskilgreiningu til að fá vottun fyrir notkun á 100% hreinni raforku. Þeim er sem sagt gert að borga eins konar sjálfsblekkingarskatt til orkufyrirtækjanna fyrir að kaupa þá hreinu orku sem hér er framleidd.

### *Undan rifjum ESB og Kyoto*

Þessi furðulegi leikur með orkusölu er tilkominn vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins númer 2009/28/EB þar sem Ísland er orðinn hluti af innri markaði ESB. Nær sú tilskipun til upprunaábyrgðar á raforku. Sett voru um þetta lög nr. 30/2008 samkvæmt stjórnarfrumvarpi frá 27. nóvember 2007 í tíð Össurar Skarphéðinssonar, þáverandi iðnaðarráðherra. Málið var afgreitt frá iðnaðarnefnd 29. febrúar 2008 og samþykkt af 48 alþingismönnum þann 7. apríl sama ár og þar með öllum helstu



**Frá Námaskarði. Er hreinleiki íslensku náttúrunnar, orku- og matvælaframleiðslu virkilega ekki orðinn meira virði en stundargróði af sölu hreinleikavottorða?**
Myndir / HKr.



**Sveinn A. Sæland og fjölskylda sem rekur garðyrkjustöðina Espiflöt þurfa nú að greiða aukalega fyrir það ef þau vilja fá það vottað að íslenska orkan til þeirra sé framleidd með endurnýjanlegum hætti.**

náttúruverndarforkólfunum í íslenskri pólitík. Þar var enginn þingmaður á móti en 15 fjarstaddir, þar á meðal Össur. Síðan var sett reglugerð um málið nr. 757/2012.

Upprunaábyrgðir eða upprunavottorð raforku koma til í kjölfar Kyoto-bókunarinnar og þeirrar ákvörðunar ríkja að láta loftslagsmál sig varða. Opinbert markmið er að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í heiminum og spyrna þar með gegn auknum gróðurhúsaáhrifum. Hvernig íslenskum stjórnmála- og embættismönnum dettur svo einróma í hug að innleiða þetta hér á landi og nota til að ljúga sér til tjóns um uppruna orku sem hér er framleidd, er erfitt að skilja nema kannski að beita blindri röksemdafærslu Mammons.

### *Sjálfvirk peningavél orkufyrirtækjanna*

Samkvæmt skilgreiningu um upprunaábyrgð á upprunavottorð að vera opinber staðfesting á því hvernig raforka er framleidd. Allir vita að hér eru engin kjarnorkuver, en samt er kjarnorka orðinn óumbeðinn hluti af orkukaupum íslenskra heimila. Ef menn vilja ekki raforku sem skilgreind er með uppruna í kjarnorku þá verða menn eins og fyrr segir að kaupa sig frá því með sérstöku gjaldi. Þannig eru orkufyrirtækin búin að koma hér upp sjálfvirkri peningavél sem byggir á að gjaldfella sannleikann um orkuframleiðslu og um leið að gjaldfella hreinleikaímynd Íslands.

### *Alþjóðlegur blekkingaleikur og peningaplokk*

Þegar betur er að gáð er þetta ekkert annað en liður í heljarmiklum alþjóðlegum blekkingarleik sem gerir þjóðum kleift að kaupa sig undan kvöðum um að framleiða orku með vistvænum hætti.

Fyrirtæki sem heitir Orka náttúrunnar er afsprengi Orkuveitu Reykjavíkur og var stofnað í kjölfar þess að þetta fyrirkomulag var innleitt hér á landi. Það hefur ásamt Landsvirkjun og fleiri orkuframleiðendum á Íslandi tekið þátt í viðskiptum með upprunaábyrgðir sem seldar hafa verið til raforkusölufyrirtækja í Evrópu. Reglugerðin tekur til sölu á upprunaábyrgðum en heimilar einnig kaup á þeim frá Evrópu.

### *Geta fengið keypta græna orku gegn aukagjaldi*

Markaðurinn fyrir upprunaábyrgðir raforku virkar þannig að þeir sem framleiða endurnýjanlega orku geta selt upprunavottorð til orkusölufyrirtækja í öðrum löndum sem síðan bjóða upp á sérstakan grænan taxta til sinna viðskiptavina. Kaupendur geta því „valið sér“ að kaupa raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum hætti og borga aukalega fyrir það.

### *Til að styrkja ímyndina*

Í raun er samt raforkan úr strengjunum öll úr sömu súpunni hvernig svo sem hún er framleidd. Hins vegar er sagt að þetta eigi að vera hvati fyrir orkuframleiðendur til að framleiða annaðhvort svokallaða græna orku, eða hvítþvo kjarnorku-kola- og gasframleiðslu sína á raforku með upprunavottorðum frá öðrum ríkjum. Gengið er út frá því að fólk og fyrirtæki séu tilbúin til að greiða hærra verð fyrir slíkt til að styrkja ímynd sína mitt í öllu talinu um loftmengun og hlýnun jarðar. Virðist markaðssetning á þessum blekkingarleik reyndar hafa heppnast ansi vel. Er markaður með upprunaábyrgðir þegar orðinn mjög virkur á Evrópska efnahagssvæðinu, þar á meðal á Íslandi.

Stærsti hluti upprunavottorða á markaðnum kemur í dag frá norskum vatnsaflsvirkjunum, en þau geta komið frá hvaða „græna“ orkuframleiðanda sem er í Evrópu.

### *Nær 100% hrein raforka orðin drulluskítug*

Á Íslandi er raforka að 99,99% hluta framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafli, jarðhita og vindorku. Reyndar er vindorkan hverfandi í heildartölunum þar sem vatnsorka stendur fyrir 71% framleiðslunnar og jarðhiti fyrir 29%. Einungis 0,01% raforkunnar er framleidd með dísilvélum.

Samkvæmt ítarlegri athugun Bændablaðsins hefur aldrei verið byggt kjarnorkuver til raforkuframleiðslu á Íslandi þrátt fyrir að annað mætti ætla við skoðun á orkureikningum. Sala á upprunaábyrgðum frá Íslandi til útlanda þýðir að íslensk orkufyrirtæki verða að taka í staðinn á sig huglægan flutning á óhreinni orku til Íslands og er þeim óþverra nú klínt inn í íslenska orkureikninga.

### *23–24% orkunnar á landsvísu framleidd með kjarnorku!*

Hjá Orkuveitu Reykjavíkur var því svo komið árið 2013 að uppruni skilgreindrar raforkusölu sem garðyrkjufyrirtæki var að borga fyrir var að endurnýjanleg orka var komin niður í aðeins 39%, jarðefnaeldsneyti 37%. Kjarnorka stóð fyrir hvorki meira né minna en 24% raforkusölunnar.

Nýjar tölur Orkustofnunar fyrir alla raforkusölu á Íslandi árið 2014 sýna að endurnýjanleg orka stóð fyrir 45% orkusölunnar. Jarðefnaeldsneyti stóð undir 32% sölunnar og raforka framleidd með kjarnorku nam 23%. Að sögn Sigurðar H. Magnússonar hjá Orkustofnun er þetta samkvæmt staðlaðri yfirlýsingu sem byggist á tölum um sölu orkufyrirtækjanna á upprunaábyrgðum. Orkufyrirtækjunum er heimilt að gefa sjálf út sínar yfirlýsingar um sína sölu. Orkuveita Reykjavíkur gerði það í eitt ár en hefur nú horfið frá því og styðst við þessa yfirlýsingu Orkustofnunar. Gildir yfirlýsingin því jafnt fyrir stöðu allra orkufyrirtækja á landinu.

### *Eru Íslendingar að sóða út umhverfið með geislavirkum úrgangi?*

Vegna þessarar stöðluðu skilgreiningar eru Íslendingar sagðir vera að losa 0,65 milligrömm af geislavirkum úrgangi á kílówattstund.

Þessi staða var augljóslega farin að gera hreinleikaímynd Orkuveitu Reykjavíkur og annarra íslenskra orkufyrirtækja ansi dapra. Í kjölfarið var stofnað sérstakt dótturfyrirtæki OR sem heitir því blekkjandi nafni Orka náttúrunnar (ON) og eru kjarnorkureikningarnir nú gefnir út í þess nafni. Þar virðist þó hafa verið reynt að hífa upp ímyndina á ný með því að hvetja til rafbílavæðingar og setja upp rafhleðslustöðvar vítt og breitt. Lítið fer þó fyrir umræðu um að raforkan á „vistvænu“ rafbílana er ímyndarlega komin í flokk með kolum og kjarnorku.

### *Reiknað inn í alla orkusölu á Íslandi*

Orkustofnun er með umfjöllun um uppruna orkunnar á vefsíðu sinni. Þar segir m.a.:

„Íslensk raforkufyrirtæki geta selt upprunaábyrgðir til evrópskra fyrirtækja. Upplýsingar um upprunaábyrgðir koma fram á rafmagnsreikningum íslenskra neytenda einu sinni á ári.

Íslensk raforka er nánast öll framleidd úr endurnýjanlegum orkugjöfum og því geta íslensku raforkufyrirtækin selt upprunaábyrgðir raforku til fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu. Á móti kemur að íslensku orkufyrirtækin þurfa að gera grein fyrir þessum viðskiptum með því að taka á sig í staðinn ígildi samsvarandi magns raforku sem ekki er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Íslenskir raforkukaupendur fá upplýsingar um upprunaábyrgðir með raforkureikningi sínum einu sinni á ári.

Upprunaábyrgðir á raforku eru til þess að orkusali geti fullvissað orkukaupanda um að framleidd hafi verið orka með endurnýjanlegum orkugjöfum. [einhvers staðar í heiminum. – innskot blm].“

### *Sala upprunavottorða á raforku hófst á Íslandi 2011*

Frá því í desember 2011 hafa íslensk orkufyrirtæki gefið út og selt upprunaábyrgðir og voru það ár seldar upprunaábyrgðir fyrir um það bil 2 teravattstundir [TWst] vegna raforkuframleiðslu á Íslandi en heildarframleiðslan nam 16,8 TWst., eða 16.800 gígawattstundir. Árið 2013 voru fluttar út upprunaábyrgðir fyrir 11,8 TWh sem er ca 62% af heildarframleiðslu ársins. Á árinu 2014 var endurnýjanleg orka á Íslandi 18.120 gígawattstundir (GWst., eða 18,1 TWst.) og raforka framleidd með jarðefnaeldsneyti 2,4 GWst. Samkvæmt skilgreiningu OS var verið að selja úr landi upprunaábyrgðir 2014 sem nam um 53% af heildarframleiðslunni.

Í staðinn fyrir útgefnar og seldar upprunaábyrgðir þarf að færa inn sama magn í hlutföllum samkvæmt vegnu meðaltali á samsetningu raforkuframleiðslu í Evrópu. Þannig er endanleg raforkusala á Íslandi eftir orkugjöfum reiknuð út.

Inn í þessa umræðu má síðan bæta við staðföstum áformum Landsvirkjunar um að semja við Breta eða aðrar þjóðir um lagningu á sæstreng til að selja raforku frá Íslandi til Evrópu. Það mun festa Ísland enn frekar í þessu orkuforarpytti. Vegna mögulegs flæðis orku um strenginn fram og til baka verður Ísland beintengt við evrópsk kola-, olíu-, gas- og kjarnorkuver. Því verður engan veginn hægt að halda því fram eftir slíka tengingu að hér sé eingöngu framleidd raforka með endurnýjanlegum hætti. Öll frekari sala á upprunavottorðum þeirrar hreinu orku sem hér er framleidd gerir stöðuna svo enn verri. Þar með yrði kominn varanlegur skítugur blettur á hreinleikaímynd Íslands í orkuframleiðslu sem getur skipt hreinleikaímynd íslenskrar matvælaframleiðslu verulegu máli til lengri tíma litið.



Uppbygging hefur staðið yfir í gróðrarstöðinni Brúnalaug í Eyjafjarðarsveit frá því hún varð eldi að bráð í mars síðastliðnum. Verkinu miðar þokkalega en er þó hvergi nærri lokið. Anna Sigríður Pétursdóttir rekur stöðina ásamt eiginmanni sínum, Gísla Hallgrímssyni. Fyrsta uppskera er nýlega farin á markað en var einungis brot af því sem vani er. Myndir / MÞÞ

## Uppbyggingu í Brúnalaug miðar vel eftir eldsvoða í vetur:

# Stöndum áfallið af okkur og höldum ótrauð áfram

**„Það kom aldrei annað til greina en að byrja upp á nýtt, það hvarflaði ekki að okkur að skella í lás. Við munum standa þetta áfall af okkur og halda ótrauð áfram,“ segir Anna Sigríður Pétursdóttir, sem ásamt eiginmanni sínum, Gísla Hallgrímssyni, á og rekur garðyrkjustöðina Brúnalaug í Eyjafjarðarsveit.**

Umtalsvert tjón, sem hleypur á tugum milljóna, varð í miklum eldsvoða í mars síðastliðnum. Uppbygging hefur staðið frá þeim tíma og fór fyrsta uppskera ársins á markað nýlega, alls 66 kíló sem er að minnsta kosti um 10 sinnum minna magn en vænta má á þessum árstíma. Uppskeran er að jafnaði 600 til 1.000 kíló.

Anna Sigríður segir að framkvæmdum miði þokkalega, mikið starf hafi verið unnið frá því eldurinn kom upp, „en því er þó hvergi nærri lokið, “ segir hún en m.a. var verið að setja nýjar plastplötur á þak gróðurhúsanna þegar Bændablaðið leit við á Brúnalaug. Veðurfar á liðnu vori gerði að verkum að ekki var hægt að ljúka verkinu fyrr, úrkoma og vindur skipti þar mestu. „Veður á Íslandi hefur oft sett strik í reikninginn og það hefur tafið okkur talsvert.“ Tvö samliggjandi gróðurhús eru á svæðinu, hið stærra tæplega 600 fermetrar, hitt um 300 en á milli þeirra er bygging sem m.a. hýsir stjórnbúnað.





Svona var umhorfs í Brúnalaug eftir eldsvoðann aðfaranótt 20. mars í vetur. Tvö samliggjandi gróðurhús eru að Brúnalaug og á milli þeirra hús sem líklegast er að eldurinn hafi komið upp í. Öll tæki og tól sem til ræktunarstarfsins þarf voru í millibyggingunni og eyðilögðust.



Svona er staðan í dag.

Verkfall dýralækna hefur komið illa við garðyrkjubændur á Brúnalaug, en lífrænar varnir hafa ekki fengist afgreiddar. Matvælastofun þarf að votta innflutning á þeim, en þar hafa bændur komið að lokuðum dyrum vegna verkfalls. Tvívegis hefur þó fengist undanþága. „Það eru ýmis efni sem vantað hefur í garðyrkjuna undanfarnar vikur og kemur sér auðvitað illa. Plönturnar eru viðkvæmar og þetta ástand hefur komið sér illa, þær þrífast ekki eins vel,“ segir Anna.

### *10 sinnum minni uppskera en vant er*

Á Brúnalaug eru einkum ræktaðar paprikur og hefur ársframleiðslan undanfarin ár numið um 23–25 tonnum. Áætlanir gerðu ráð fyrir að uppskeran yrði á bilinu 5 til 6 tonn á tímabilinu frá því eldsvoðinn kom upp í mars og fram að júnímánuði. „Við erum að lágmarki búin að tapa um 5 tonnum af okkar framleiðslu miðað við síðastliðin ár. Fyrsta uppskeran er nýlega farin á markað og magnið var umtalsvert minna en vanalega. Á móti kemur samt að ég átti ekki von á að fá neitt upp úr þeim húsum sem urðu fyrir brunatjóni fyrr en undir mánaðamót, uppskera er fyrr á ferðinni en ég vænti, það fylgir því góð tilfinning að fá uppskeru svo snemma, það er jákvætt,“ segir Anna.

### *Bera sjálf mikinn kostnað*

Tjón af völdum brunans hleypur á tugum milljóna, en talið er að kviknað hafi í út frá rafmagni. Tryggingafélag Önnu og Gísla greiðir 69% af tryggingamati við endurbætur á gróðurhúsum og tekur einnig þátt í kaupum á rafmagnstöflu upp að ákveðnu marki. Að öðru leyti bera þau tjónið sjálf. „Því er ekki að neita að þetta er mikill skellur fyrir okkur,“ segir Anna, en auk þess að greiða sjálf hluta af kostnaði við uppbyggingu verður stöðin tekjulítil fyrsta kastið, eða þar til reksturinn nær sér á fyrra flug á ný, sem verður ekki fyrr en seinni partinn í júlí eða ágúst.

/MÞÞ

# Gamall draumur að fara út í ferðaþjónustu

**Auk þess að rækta paprikur í gróðrarstöðinni Brúnalaug rekur fjölskyldan einnig ferðaþjónustu á staðnum, en einbýlishús á staðnum er leigt út til ferðamanna. Þar er gistirými fyrir 7 manns.**

Til að styrkja sig í þeim rekstri hefur Anna stundað diplómunám í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum og lýkur því á komandi hausti, en um er að ræða eins árs nám.



Við höfðum gengið með þetta í maganum mjög lengi þar til draumurinn varð að veruleika um hvítasunnu árið 2012," segir Anna sem hér er framan við húsið.


Anna í óðaönn að skipta á rúmum í hjónaherbergi.



### *Fékk góða hvatningu og hélt áfram*

„Ég er afskaplega ánægð með þetta nám við Háskólann á Hólum. Ég var satt best að segja að hugsa um að hætta náminu eða fresta því í kjölfar eldsvoðans hér í vetur. Það var mjög mikið að gera við hreinsunarstörf, allt fullt af fólki sem var að aðstoða okkur og allir í mat hér hjá mér. Ég var við það að gefast bara upp, en Gísli, maðurinn minn, og börnin hvöttu mig óspart til að halda áfram. Ég hefði eflaust hætt þessu nema fyrir þá öflugu og góðu hvatningu sem ég fékk, en þegar ég lít til baka þá veit ég ekki alveg hvernig ég komst í gegnum þetta allt saman," segir Anna.

### *Íslenska leiðin*

Húsið sem leigt er út er á einni hæð og þar eru tvö tveggja manna herbergi, eitt eins manns og svefnaðstaða fyrir tvo í stofu, samtals 7 manns. Þá er í húsinu rúmgott eldhús, tvö salerni, sturta, góður pallur með heitum potti og grilli. Ferðaþjónustan er í samstarfi við Ferðaþjónustu bænda. Alls hafa gestir frá 21 landi víða um heim gist að Brúnalaug.

„Það er gamall draumur okkar að fara út í ferðaþjónustu, við höfðum gengið með þetta í maganum mjög lengi þar til draumurinn varð að veruleika um hvítasunnu árið 2012," segir Anna. „Það má segja að við höfum farið íslensku leiðina í þessu, tókum ákvörðun um að gera þetta í byrjun janúar og höfumst þegar handa við að gera húsið upp."


Eldhúsið er rúmgott og með upprunalegri innréttingu sem gefur því skemmtilegan svip.


Gistirými er fyrir 7 manns í húsinu að Brúnalaug. Hér sést yfir notalega stofuna.

### *Skynsemin að leiðarljósi*

Rafvirki og pípulagningamaður fóru yfir húsið, en að öðru leyti unnu þau allt sjálf. Raunar eru hæg heimatökin því Gísli er húsasmíðameistari. „Við höfðum skynsemina að leiðarljósi í endurbótum og nýttum mikið af efni sem til var hér heima, keyptum lítið nýtt nema rúmin. Það er nauðsynlegt að bjóða upp á góð rúm þegar maður er í þessum bransa," segir Anna.

Nýliðinn maímánuður var ágætur að sögn Önnu, en júní rólegri en í fyrra. „En nú er heldur betur að færast fjör í leikinn, það er mikið bókað næstu vikur og fram á haust, svo útlitið er bara gott," segir Anna. /MÞÞ


## GPS leiðsögutæki fyrir áburðardreifingu

- -Pakkinn samanstendur af hugbúnaði og GPS loftneti
- -Hægt að tengja við alla snjallsíma og spjaldtölvur
- -Handhægt, einfalt í notkun og nákvæmt tæki
- -Hámarkar nýtingu á áburði
- -Hentar vel á Íslandi, búið er að prófa búnaðinn af Hauki Þórðarsyni hjá Landbúnaðar-háskóla Íslands



99.900kr m/vsk

BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
www.kb.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

## Gólf - Einstök hönnun
léttari - sterkari -
hreinsa sig betur - hálkuvörn
Þolir 4000kg öxulþunga



ANDERSBETON
www.andersbeton.com

Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð
Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020
gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is


Skúli Björnsson, framkvæmdastjóri Gróðrarstöðvarinnar Barra, skoðar bakka með lindifuru. Líkur eru á að þarna sé á ferðinni músafræið fræga frá því á liðnum vetri, sem nú er að spíra á fullu.

# Virðist vera að rofa til í skógræktinni eftir mikinn samdrátt á liðnum árum

– segir Skúli Björnsson, framkvæmdastjóri Gróðrarstöðvarinnar Barra

**„Við höfum undanfarin misseri einbeitt okkur alfarið að framleiðslu skógarplantna, það virðist sem aðeins sé farið að rofa til í skógræktinni eftir heldur dapurlega tíma og mikinn samdrátt á árunum eftir hrun. Við trúum því að skógræktin nái sér á strik á ný og bjartari tímar séu fram undan í greininni,“ segir Skúli Björnsson, framkvæmdastjóri Gróðrarstöðvarinnar Barra.**

Gróðrarstöðin er staðsett á Valgerðarstöðum í Fellum. Stöðin hóf starfsemi í mars fyrir tveimur árum en byggir á gömlum grunni.

Starfsemin hefur verið byggð upp af myndarskap og er aðstaða að Valgerðarstöðum hin glæsilegasta. Þar eru tvö gróðurhús, alls um 4.000 fermetrar að stærð, með fullkomnum tölvustýrðum búnaði til umhirðu á smáplöntum, einnig kæli- og frystigeymsla fyrir plöntur, skrifstofuhús þar sem er starfsmannaaðstaða og rannsóknarstofa. Einnig er á staðnum vinnslusalur og góð útiaðstaða.

### *Aðstæður breyttust*

Aðstaðan var að sögn Skúla byggð upp á árinu 2007 og fyrri hluta árs 2008 og voru framkvæmdir fjármagnaðar með 200 milljón króna eigin fé, þar af um 160 milljónum í erlendu lánsfé.

Í kjölfar efnahagshruns haustið 2008 breyttust aðstæður mjög til hins verra, lánið stökkbreyttist, varð tvöfalt hærra en þegar það var tekið. Á sama tíma rann upp mikið samdráttarskeið sem bitnaði illa á skógrækt á Íslandi. Framlög til landshlutaverkefna í skógrækt drógust verulega saman og útboð urðu í engu samræmi við það sem væntingar höfðu staðið til. Sem dæmi nefnir Skúli að Barri framleiddi árið 2008 rúmlega 2,8 milljónir skógarplantna, en þegar



Guðlaug Erla Vilhjálmsdóttir ræktunarstjóri leggur niður sáningu af evrópulerki sem á að fara til Vesturlandsskóga næsta vor.


Jarðarber, stafafura og birki í öðru af tveimur gróðurhúsum Barra.


Barri á töluvert magn af mjög fínum og góðum jarðarberjaplöntum.



Húsakostur Barra er mjög góður, en félagið á tvö góð gróðurhús, samtals um 4000 fermetra að stærð, með fullkomnum tölvustýrðum búnaði til umhirðu á smáplöntum. Myndir / BARRI



Það er heldur kuldalegt fyrir austan þessa dagana eins og sjá má á þessari yfirlitsmynd yfir útisvæði Barra.

minnst var á árunum 2010 til 2012 fór framleiðslan niður í tæplega 400 þúsund plöntur.

### *Byggt upp af miklum stórhug*

„Þegar stöðin var á sínum tíma byggð upp af miklum stórhug voru uppi áform um að efla skógrækt hér á landi, m.a. landshlutaverkefnin. Farið var af stað m.a. vegna þingsályktunar sem lagt var fram árið 2003 þar sem fyrirheit voru gefin um að landsframleiðsla yrði í kringum 8 milljónir plantna á ári. Með það veganesti var ráðist í þessa uppbyggingu hér eystra, enda ætluðum við að vera tilbúin til að mæta þessari miklu aukningu sem boðuð hafði verið. En aðstæður breyttast, oft fyrirvaralaust, og hrunið sett allt á hvolf hér líkt og víða annars staðar,“ segir Skúli. Svo fór að kostnaðarsöm uppbygging reyndist of stór biti fyrir Barra og leiddi félagið í gjaldþrot.

Heimamenn tóku höndum saman og stofnuðu nýtt félag um áframhaldandi rekstur gróðrarstöðvar, en að því stóðu m.a. Atvinnuþróunarsjóður Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshreppur, skógarbændur á Héraði, skógareigendur, starfsfólk og einstaklingar. Félagið leigir fasteignir af Byggðastofnun sem hafði leyst þær til sín við gjaldþrotið.

### *Góð fyrirheit um aukningu*

„Við höfum undanfarin tvö ár, frá því nýja félagið var stofnað, verið að byggja starfsemina upp að nýju og mér sýnist að nú sé farið að rofa til og aukin bjartsýni ríkjandi,“ segir Skúli.

Landsframleiðsla á skógarplöntum hefur hrapað úr 6 milljónum plantna niður í um 3 milljónir, „en fyrir liggja góð fyrirheit um að á næstu árum muni framleiðslan aukast á ný. Við eigum auðvitað eftir að sjá þær efndir ganga eftir og verða að veruleika, en ég held að menn séu farnir að sjá að verði ekkert að gert mun myndast gap í skógarauðlind okkar Íslendinga með slæmum afleiðingum,“ segir Skúli.

### *Erum í góðum gír*

Barri er um þessar mundir með samninga um framleiðslu á tæplega 1400 þúsund skógarplöntum á ári. Í fyrravetur var gengið frá samningi við Skógræktarfélag Íslands um afhendingu á rúmlega milljón plöntum til verkefnisins Landgræðsluskóga til afhendingar árin 2015 og 2016 og segir Skúli þann samning hafa styrkt rekstur félagsins. Þá fékk félagið samning núna í vetur við Héraðs- og Austurlandsskóga og er um að ræða ræktun og afhendingu árlega á 450 þúsund plöntum næstu þrjú ár en með möglegri framlengingu í tvisvar sinnum eitt ár.

„Þessi samningur styrkir rekstrarstöðu félagsins verulega. Fyrir utan þessa stóru samninga erum við að rækta fyrir Suðurlandsskóga, Vesturlandsskóga, Skjólskóga, Skógrækt ríkisins og nokkra einkaaðila,“ segir Skúli.

### *Viðsnúningur í greininni*

„Það hefur orðið viðsnúningur í greininni hvað okkur varðar undanfarin misseri eftir heldur dapurlega niðurskurðartíma. Það má orða það svo að við höfum siglt lygnan sjó undanfarin tvö ár, en stefnum nú hraðbyri upp á við. Við erum í góðum gír og sjáum ekki fram á annað en að næstu ár verði góð ef yfirlýsingar ráðamanna ganga eftir.

Hér eru ákjósanlegar aðstæður, góður húsakostur og gott starfsfólk með mikla reynslu þannig að við erum vel í stakk búin til að mæta þeirri aukningu sem vonandi verður í nánustu framtíð í skógræktinni,“ segir Skúli.

### *Horfa til annarra verkefna samhliða*

Þó svo að félagið einbeiti sér alfarið þessi misserin að framleiðslu skógarplantna segir Skúli að einnig sé horft til annarra verkefna, hliðarverkefna sem gætu skotið styrkari stoðum undir rekstur félagsins. Um tíma voru í gangi tilraun með stofn- og vefjarækt fyrir berjaplöntur, en hlé hefur verið gert á þeim í bili. Félagið á hins vegar fínar og flottar berjaplöntur sem lofa mjög góðu varðandi uppskeru að sögn Skúla.

„Við horfum vitanlega til annarra verkefna samhliða plöntuframleiðslunni, sem er okkar aðalgrein og við erum bestir í,“ segir hann. Þannig tekur Barri þátt í samstarfsverkefnum ásamt öðrum félögum á Austurlandi sem miða að aukinni atvinnusköpun í fjórðungnum. Meðal annars horfa menn til aukinnar ræktunar á grænmeti á svæðinu í þeim efnum.

*/MÞÞ*



Asparstunga frá því í vor.



Smástiklingar af keisaraösp.







snæfellskur MATUR




**Talsverð vinna hefur farið í kortlagningu á ýmsum hliðum Snæfellsness. Þetta kort sýnir þá staði þar sem matur er framleiddur á Snæfellsnesi og er þar af mörgu að taka. Mörg forgangsverkefnin tengjast eðlilega mat og segir Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri svæðisgarðsins, að frekari samvinna bænda og ferðaþjónustuaðila sé mjög spennandi.**

## Svæðisgarðurinn Snæfellsnes er áhugavert samstarfsverkefni:

# Stofnaður til að bæta lífsgæði og vellíðan íbúa og gesta

## – sauðfjárbóndi á Álftavatni í Staðarsveit er eini fasti starfsmaðurinn

**Óvíða á Íslandi er fjölbreytileiki meiri í náttúru og nytjum, til sjávar og sveita, en á Snæfellsnesi. Þar er auk þess mikill sagna- og menningararfur. Árið 2011 ákváðu aðilar á Snæfellsnesi að vinna saman að því að kanna hvort það væri álitlegur kostur að stofna svæðisgarð á Snæfellsnesi að erlendri fyrirmynd. Þann 7. mars 2012 var skrifað undir samstarfssamning sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi og félaga sem eru samnefnarar í atvinnulífi á svæðinu, um stofnun svæðisgarðs á Snæfellsnesi, fyrsta svæðisgarðsins á Íslandi.**

Tilgangur Snæfellinga með stofnun svæðisgarðs er að efla samfélagið, vinna sameiginlega að því að bæta lífsgæði og lífskjör og auka upplifun og vellíðan íbúa og gesta. Framtíðarsýnin með stofnun hans er að sjálfsmynd samfélagsins muni styrkjast, það verði meðvitaðra um sérstöðu sína, nærtæk gæði og samlegð ólíkra aðila eykst til styrkingar atvinnu og búsetu.

*Stofnaður í apríl 2014*

Heilmikil undirbúnings- og skipulagsvinna stóð svo yfir í rúm tvö ár. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes var formlega stofnaður í apríl 2014. Í kjölfarið var Ragnhildur Sigurðardóttir, umhverfisfræðingur og sauðfjárbóndi á Álftavatni, ráðinn framkvæmdastjóri, en hún er jafnframt eini fasti starfsmaður verkefnisins. Verkefnin eru mörg og margvísleg að sögn Ragnhildar og tengjast nokkur þeirra matvælaframleiðslu á svæðinu, sem er með afar fjölbreyttu sniði.



**Ragnhildur ásamt dóttur sinni, Margréti Gísladóttur, við Álftavatn.** Mynd / smh

Blaðamaður sótti Ragnhildi heim að Álftavatni í Staðarsveit á dögunum og fræddist um nokkrar áhugaverðar hliðar á þessu umfangsmikla verkefni. „Hlutverk mitt hjá svæðisgarðinum er að safna og miðla upplýsingum, tengja saman fólk, félög og fyrirtæki, hvetja til góðra verka, þróa hugmyndir, fræða og þjálfa, skipuleggja viðburði, viðhalda ímynd og laða að fjármagn. Samvinna er lykilorðið. Ég er í fullu starfi og þó ég sé eini starfsmaðurinn er ég aldrei einmana, því mannauðurinn á Snæfellsnesi er mikill. Svæðisgarðurinn er með skrifstofu í Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík og svo eina hér í stofnunni á Álftavatni. Skipulagið miðar við viku á hverjum stað en verkefnin, sem mörg ná yfir allt Snæfellsnes en önnur eru staðbundnari, ráða þó mestu um staðsetningu vinnustöðvar í hvert sinn.“

*Sóknaráætlun fyrir Snæfellsnes*

Að sögn Ragnhildar er svæðisgarðurinn stofnaður á forsendum heimamanna og byggist á því sem fyrir er. „Honum er ætlað að vera sóknaráætlun fyrir Snæfellsnes og farvegur fyrir samstarf á forsendum heimamanna. Snæfellingar vilja með þessum hætti hafa áhrif á neyslu, upplýsingamiðlun og forgangsröðun verkefna. Með svæðisgarði fæst skilgreining á sérstöðu svæðisins og sameiginleg sýn. Tól og tæki til að koma sérstöðunni á framfæri og nýta hana til frekari áhrifa. Talsverð vinna hefur því farið í að kortleggja ýmsar hliðar á Snæfellsnesi. Meðal annars er búið að merkja inn á kort þá staði þar sem matur er framleiddur og er þar af mörgu að taka. Mörg forgangsverkefnin tengjast eðlilega mat. Frekari samvinna bænda og ferðaþjónustuaðila er mjög spennandi. Unnið er að vörumerki fyrir svæðisgarðinn sem hægt verður að nota við matseðla á veitingastöðum. Einnig er unnið að verkefnum tengdum landbúnaðartengdri ferðaþjónustu og umhverfismálum.

Eins er búið að merkja á kort söguststaði á Snæfellsnesi. Sögufylgjur eru heimafólk á sunnanverðu Snæfellsnesi sem hefur gaman af að taka á móti gestum, segja sögur og miðla fróðleik frá sínu svæði. Þarna er mikill fjársjóður sem hægt er að nýta enn frekar til atvinnuuppbyggingar og til aukinna lífsgæða fyrir íbúa. Þrjú búnaðarfélög eru í eigendaráði svæðisgarðsins og tillaga hefur komið fram um að stjórnir þeirra fundi sameiginlega í haust til að ræða næstu samvinnuverkefni.“

Hjá Ragnhildi eru mörg járn í eldinum. Sama kvöld og blaðamaður heimsótti hana stóðu sveitarfélögin á sunnanverðu Snæfellsnesi og Ungmennafélag Staðarsveitar fyrir mannfögnuði í tengslum við átakið Fegurri sveitir, þar sem bændum er auðveldað að losa sig við sorp og spilliefni í nálæga gáma.

Þeir aðilar sem standa að verkefninu um Svæðisgarð Snæfellsness eru: Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Helgafellssveit, Ferðamálasamtök Snæfellsness, Snæfell, Félag smábátaeigenda á Snæfellsnesi, Búnaðarfélag Eyrarsveitar, Búnaðarfélag Staðarsveitar, Búnaðarfélag Eyja- og Miklaholtshrepps og Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnesssýslu.

Frekari upplýsingar um svæðisgarðinn er að finna á vefnum svaedisgardur.is og þá er hann líka með Facebook-síðu. /smh

## Neðri-Hóll í Staðarsveit:

# Margvísleg egg í mismunandi körfum

**„Snæbjörn Viðar Narfason, maðurinn minn, er frá Hoftúnum, sem eru hér í þriggja kílómetra fjarlægð. Þegar við kynntumst árið 2011 bað hann mig um að koma með og hjálpa við að smala um haustið,“ segir Þórunn Hilma Svavarsdóttir Poulsen, á Neðra-Hóli í Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi, um forsögu þess að þau hefja þar búskap.**

„Eftir þá reynslu vildi ég strax flytja í sveit,“ segir hún.

Þórunn og maður hennar tengjast verkefnum svæðisgarðsins á ýmsa lund, enda hefur hún sótt mjög í leiðsögn og hjálp frá Ragnhildi Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Svæðisgarðs Snæfellsness, eftir að þau hófu búskap fyrir tveimur árum. Þórunn er afar áhugasöm um heimavinnslu og -sölu afurða sinna, auk þess sem hún er einn af þátttakendum í sögufylgjuverkefni svæðisgarðsins, sem minnst er á hér á opnunni í viðtalinu við Ragnhildi.

„Við vorum svo heppin að geta keypt hér – en við höfðum ekki efni á að kaupa nema að kaupa húsakostinn og tæki. Við fengum 20 kindur í meðgjöf frá fyrri ábúendum. Svo fengum við 20 kýr lánaðar hjá bróður Snæbjarnar – og það má segja að það hafi orðið til þess að við keyptum kýr og svo kvóta, sem við keyptum á þessu ári. Nú erum við komin með 40 kýr, 90 kálfa og kindurnar eru 230. Svo erum við með landnámshænur og þeim fer fjölgandi hjá okkur í sumar,“ segir Þórunn og bendir á 24 egg sem bíða útungunar.

### *Fjölbreytt staðbundin matvælaframleiðsla*

Þórunn sér mikla framtíðarmöguleika fyrir fjölbreytta staðbundna matvælaframleiðslu og landnytjar af ýmsu tagi frá Neðra-Hóli. „Við erum hér með æðarvarp, svo erum við með veiðirétt í Langavatni og Hagavatni. Í þessum vötnum er bæði sjóbirtingur og urriði – og jafnvel er von á laxi. Þá eru þarna tvær tegundir af áli. Neðri-Hóll er sjávarjörð og þar eru söl að finna og seli til dæmis – þannig að þetta er eiginlega bara dálítið spurning um hvað þú vilt gera,“ segir Þórunn sem greinilega iðar í skinninu vegna þessara tækifæra og er með vef í smíðum til kynningar á því hvað bærinn hefur upp á að bjóða.

### *Hreyfanlegt svæðisbundið sláturhús er draumurinn*

Hún veltir upp þeim möguleikum hvort það væri ekki þess virði að skoða alvarlega að bændur þarna á sunnanverðu Snæfellsnesi komi sér upp hreyfanlegu sláturhúsi. „Ég hef talað um það við Ragnhildi á Álftavatni um þennan möguleika og mér skilst að þetta þekkist. Við þurfum núna að senda alla leið norður á Hvammstanga eða Blönduós, eða þá suður á Selfoss og koma afurðunum aftur til baka til að geta fullunnið þær hér. Það er auðvitað ekki mikið vit í því. Það eru líka fleiri hér í nágrenninu áhugasamir um þennan möguleika.



Þórunn Hilma Svavarsdóttir Poulsen á Neðra-Hóli. Hún ætlar að vera með fjölbreytta smáframleiðslu. Mynd /smh

### *Sóttu pylsugerðarnámskeið í Grundarfjörð*

Við höfum einmitt fullan hug á því að fara út í ýmislegt tengt vinnslu á okkar kjötafurðum og fórum á pylsugerðarnámskeið í Grundarfirði fyrir skemmstu. Þá kemur allt til greina; reyking og þurrkun til dæmis. Við erum með nokkuð mótaðar hugmyndir um hvers konar pylsur við viljum gera og erum að hugsa um að leita eftir aðstoð Matís við að þróa þær.“

Sögufylgjuhlutverk Þórunnar er enn sem komið er einungis bundið við bæinn hennar og skepnurnar þar. „Ég fylgi ferðafólki um bæinn minn – aðallega hafa það verið skólakrakkar – og það sem þar er að sjá og segja frá. Í nánustu framtíð og þegar ég er komin með betri staðarþekkingu á söguslóðum hér hef ég fullan áhuga á því að taka meiri þátt í þessu sögufylgjuverkefni. Svo starfa ég líka sem almennur leiðsögumaður, en það er utan við þetta sögufylgjuverkefni.“ /smh


**Steypumót til sölu eða leigu**

Mjög góð flekamót með öllum fylgihlutum.

Mótin eru sérstaklega fljótleg í notkun með góðum áföstum vinnupöllum en þarfnast krana við reisingu.

Mótin eru sérlega þægileg í 2 hæða (eða hærri) byggingum.

Hægt er að aðlaga mótin þannig að þau passi nákvæmlega að hverri byggingu.

Lengd hvers fleka er allt að 13m og hæð 3,05.
Einnig til sökkulmót.

**Upplýsingar í síma 840-6100.**






Við hönnun vélarinnar var þess gætt að hún væri notendavæn og þægileg en jafnframt einföld og laus við óþarfa rafbúnað og tækni.

Mótor 5C seríunnar er hinn nýji Deutz TCD 3.6 L04 sem stenst núverandi mengunarstaðla án nokkurs aukakostnaðar eins og fylgir AdBlue eða DPF síum.

Helsti búnaður:
4 cylindra Deutz TCD3.6 L04 mótor
5 gíra kassi með 3 kúplingsfríum milligírum (30 gírar afturábak og 30 gírar áfram)
Kúplingsrofi í gírstöng
Kúplingsfrír vendigír með stillanlegu átaki (5 stillingar)
Stop&Go (turbokúpling) - hægt að hemla og stöðva án þess að kúpla
2ja hraða aflúrtak (540/540E), sem valbúnað er hægt að fá 4 hraða aflúrtak
Rofar fyrir lyftu og aflúrtak á afturbrettum.
Lyftigeta 3-tengibeislis 4.855 kg.
Eco vökvadæla sem skilar hámarksflæði við aðeins 1.600 snúninga
SSD - töföld stýrisdæla, fækkar snúningum á stýri
Heildarstærð vökvakerfis: 100 l/mín
Dekkjastærð 480/65R24 að framan - 540/65R34 að aftan

ÞÓR HF

**Reykjavík:**
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

**Akureyri:**
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

**Vefsíða:**
www.thor.is

2014 Framúrskarandi fyrirtæki

### Kjarnafæði hlýtur alþjóðlegu vottunina ISO-9001:

# Fyrsta matvælafyrirtækið á Íslandi með áherslu á kjötafurðir sem fær vottun

**„Við erum afskaplega stolt af þessu, þetta er stór áfangi," segir Eðvald Sveinn Valgarðsson, gæðastjóri hjá Kjarnafæði, en fyrirtækið fékk í liðinni viku alþjóðlegu vottunina ISO-9001: 2008-staðlinum af BSI á Íslandi.**

Kjarnafæði er fyrsta matvælafyrirtækið á Íslandi með áherslu á kjötafurðir sem fær þessa vottun. Staðallinn er þekktastur ISO-staðlanna og byggir á öguðum vinnubrögðum í fyrirtækinu og fyrirmyndar þjónustu við viðskiptavini. Þá hefur verið ákveðið að uppfylla sérstakan matvælastaðal, ISO-22000 fyrir næstu úttekt á fyrirtækinu sem verður í nóvember á þessu ári.

Eðvald segir það ánægjulegt að Kjarnafæði fái á 30 ára afmælisári sínu þessa viðurkenningu fyrir öflugt gæðastarf.

„Stjórnendur fyrirtækisins hafa lagt sérstaka áherslu á gæðamál undanfarin ár, að baki þessari vottun liggur gríðarlega mikil vinna og umtalsverður kostnaður," segir Eðvald sem hóf árið 2008 að vinna að gæðamálum í fyrirtækinu og við að ná vottuninni. Grunnurinn var þá þegar lagður með úttekt á gæðamálum frá Samtökum iðnaðarins og fékk fyrirtækið A-vottun frá þeim aðila árið 2012. „Það er síðan rúmt ár frá því ákveðið var að stefna að ISO-9001-vottuninni og við höfum unnið að þessu markvisst síðan, allt okkar góða starfsfólk hefur lagt sitt af mörkum til að ná þessum áfanga."




**„Við erum afskaplega stolt af þessu, þetta er stór áfangi," segir Eðvald Sveinn Valgarðsson, gæðastjóri hjá Kjarnafæði, en fyrirtækið fékk í liðinni viku alþjóðlegu vottunina ISO-9001.**

*Uppbygging miðaði að þessu markmiði*

Eðvald segir að öll uppbygging glæsilegrar vinnslu fyrirtækisins og uppfærsla tækjabúnaðar hafi tekið mið af því markmiði sem að var stefnt og sérstök áhersla lögð á virðingu við menn og umhverfi.

„Umhverfismálin eru ofarlega í okkar huga, allur úrgangur er flokkaður og nýttur áfram eins og kostur er. Þá hefur verið unnið að jafnréttismálum, vinnuvernd starfsmanna og öryggismálum," segir hann. Rekjanleiki þeirra vara sem Kjarnafæði framleiðir er algjör með fullkomnu kerfi frá Marel, en Eðvald segir að hægt sé að rekja hvað varan inniheldur, hvort heldur sem er krydd, grænmeti eða kjöt.

*Nær til allrar starfsemi fyrirtækisins*

ISO-9001-vottunin felur í sér staðfestingu á vönduðum og faglegum vinnubrögðum starfsmanna Kjarnafæðis. Eðvald segir að búið sé að greina og staðla alla verkferla fyrirtækisins með það að leiðarljósi að viðskiptavinir geti ætíð treyst því að fá sömu gæðavöruna.

Vottunin nær til allrar starfsemi Kjarnafæðis, frá vali á birgjum og stýringu á innkaupum til afhendingar á vöru og samskipta við viðskiptavini. Kjarnafæði er að auki með fulla vottun frá Samtökum iðnaðarins, eða A-vottun og einnig með útflutningsleyfi frá Matvælastofnun samkvæmt evrópsku matvælalöggjöfinni.

*Stolt að hafa rutt brautina*

Eðvald segir að ávinningur af því að fá vottunina sé umtalsverður en viðskiptavinir fyrirtækisins geti verið vissir um að allar vörur þess, um 800 talsins, séu framleiddar eftir fyrirfram ákveðnum og stöðluðum gæðareglum.

„Þetta er þekkt gæðavottun um allan heim og í raun forsenda þess að við getum selt okkar vörur á erlendum mörkuðum, vottunin mun opna fleiri tækifæri til útflutnings. Við erum að vakna upp við að nauðsynlegt er fyrir fyrirtæki að hafa þessa vottun. Við erum stolt af því að hafa rutt þessa braut og ég býst fastlega við að fleiri munu fylgja í kjölfarið." */MÞÞ*

### Orkustofnun reiknar út kostnað við raforkunotkun og húshitun:

# Hæsta verð til húshitunar í dreifbýli er 138% hærra en lægsta verð í þéttbýli

**Byggðastofnun hefur fengið Orkustofnun til að reikna út kostnað við raforkunotkun og húshitun á sömu fasteigninni á nokkrum þéttbýlisstöðum og nokkrum stöðum í dreifbýli á ársgrundvelli. Greint er frá niðurstöðum á heimasíðu Byggðastofnunar.**

Viðmiðunareignin er einbýlishús sem er 140 fermetrar að grunnfleti og 350 rúmmetrar. Gjöldin eru reiknuð út samkvæmt gjaldskrá þann 1. apríl 2015. Við útreikninga þessa er almenn notkun og fastagjald tekið saman annars vegar og hitunarkostnaður hins vegar.

Sala á rafmagni er á samkeppnismarkaði og er í útreikningum Orkustofnunar miðað við að allir kaupi orku þar sem orkan fæst á lægsta verði.

*Má kaupa raforku af hvaða sölufyrirtæki sem er*

Notendur eru bundnir því að versla við dreifiveitur á sínum svæðum sem hafa sérleyfi á dreifingu og flutningi á raforku. Almennt eru það síðan dótturfyrirtæki dreifiveitnanna sem selja sama notanda raforku til notkunar.

Notendum virðist almennt ekki vera ljóst að þeim er heimilt að kaupa raforku af hvaða sölufyrirtæki sem þeir kunna að kjósa en þau eru nokkur og með mismunandi verð. Það gæti stafað af því að sáralítill verðmunur er á milli einstakra söluaðila og því eftir litlu að slægjast.

*Notendur Orkubús Vestfjarða greiða mest*

Af þeim stöðum sem skoðaðir voru reyndist rafmagnsverð hæst hjá notendum Orkubús Vestfjarða í dreifbýli kr. 102.010 en var hæst hjá RARIK í dreifbýli árið 2014. Í þéttbýli er rafmagnsverð hæst á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða kr. 80.021 en var hæst hjá RARIK árið 2014. Munurinn er þó lítill eða í kringum 1%.



**Haukadalur í Dýrafirði. Húshitunarkostnaður í dreifbýli er að meðaltali sá sami hjá Orkubúi Vestfjarða og hjá RARIK.** Mynd / HKr.

Lægst er rafmagnsverðið á Akureyri kr. 69.404 en árið 2014 var rafmagnsverð einnig lægst á Akureyri.

Hæsta verð í dreifbýli er 47% hærra en lægsta verð í þéttbýli og hefur munurinn minnkað því árið 2014 var munurinn 51%. Í þéttbýli er hæsta verð 15% hærra en lægsta verð og hefur munurinn minnkað um 1% frá 2014.

*Húshitunarkostnaður lægstur í Hveragerði*

Þegar kemur að húshitunarkostnaði er munurinn öllu meiri. Þar er kyndingarkostnaðurinn sá sami á orkuveitusvæði RARIK í dreifbýli og hjá Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli kr. 203.015. Í þéttbýli er kostnaðurinn hæstur á Hólmavík kr. 198.916.

Árið 2014 var húshitunarkostnaður hæstur á dreifiveitusvæði Orkubús Vestfjarða þar sem rafmagnshitun er við lýði s.s. Hólmavík.

Lægsti húshitunarkostnaðurinn er í Hveragerði kr. 85.255 en árið 2014 var húshitunarkostnaður lægstur á Sauðárkróki. Hæsta verð í dreifbýli er 138% hærra en lægsta verð í þéttbýli og hefur munurinn minnkað því árið 2014 var munurinn 144%. Í þéttbýli er hæsta verð 133% hærra en lægsta verð og hefur munurinn þar staðið í stað því árið 2014 var munurinn einnig 133%.

*85% munur á heildarkostnaði milli dreif- og þéttbýlis*

Ef horft er til heildarkostnaðar þá er kostnaðurinn hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða kr. 305.025 en var hæstur á orkuveitusvæði RARIK í dreifbýli árið 2014. (Ef miðað er við algengasta verð er heildarverðið hæst hjá RARIK kr. 317.496).

Heildarkostnaður í þéttbýli er hæstur á Hólmavík kr. 278.937 en var hæstur á dreifiveitusvæði Orkubús Vestfjarða s.s. á Hólmavík og dreifiveitusvæði RARIK s.s. í Grundarfirði, Neskaupstað og Vopnafirði árið 2014. Lægstur er heildarkostnaðurinn í Hveragerði kr. 164.600 en var lægstur á Akureyri árið 2014 . Hæsta verð í dreifbýli er því 85% hærra en lægsta verð í þéttbýli og hefur munurinn minnkað því árið 2014 var munurinn 94%. Í þéttbýli er hæsta verð 69% hærra en lægsta verð og hefur munurinn minnkað því árið 2014 var munurinn 72%. */MÞÞ*

Dekkjainnflutningur

**15% afsláttur af öllum dekkjum til 15. júlí 2015**

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.

33"-35" jeppadekk í úrvali á góðu verði.

**Vinsamlegast hafið samband við**

Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is

Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124



**Jason ehf.**

**Hafnarstræti 88**

**Akureyri**

# Vistvænt eldsneyti í samgöngum

**Með tilkomu laga um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum sem sett voru árið 2014 hefur hlutur endurnýjanlegs eldsneytis á Íslandi aukist úr 0,2% í 2,4% þetta kemur fram í bæklingi sem Orkustofnun hefur gefið út um endurnýjanlegt eldsneyti.**

Í upphafi árs 2014 tóku í gildi lög um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi sem kveða á um 3,5% hlutdeild endurnýjanlegrar orku í heildarsölu á orku til samgangna árið 2014 en 5% hlutdeild eftir það. Þetta er í samræmi við reglur sem gilda í Noregi og víðar en til að mynda í Svíþjóð er hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum komið vel yfir 10%.

Evróputilskipun um endurnýjanlega orku setur bindandi kröfu um 10% hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum árið 2020. Þetta markmið nær jafnt yfir öll ríki sambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Ísland er eftirbátur flestra annarra ríkja þegar kemur að hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum. Árið 2010 var hlutdeild endurnýjanlegrar orku 0,2% í samgöngum á landi, en er nú 2,4%.

> Árið 2011 var samþykkt á Alþingi stefnumótun varðandi aukinn hlut endurnýjanlegra orkugjafa þar sem m.a. er kveðið á um að árið 2020 skuli hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum vera 10%.
>
> Í upphafi árs 2014 tóku í gildi lög um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi sem kveða á um 3,5% hlutdeild endurnýjanlegrar orku í heildarsölu á orku til samgangna árið 2014 en 5% hlutdeild eftir það. Þetta er í samræmi við reglur sem gilda í Noregi og víðar en t.a.m. í Svíþjóð er hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum komið vel yfir 10%.

Með lagasetningunni er sett söluskylda á söluaðila eldsneytis en ekki íblöndunarskylda líkt og gert hefur verið í sumum nágrannaríkjum okkar. Víðast hvar er íblöndun 5–10% og sums staðar er stefnt að enn hærri hlutdeild, eða 20%.

Söluaðilar eldsneytis hafa þannig frjálst val um tegund eldsneytis sem þeir selja, þannig að hægt sé að uppfylla markmið um hlutdeild endurnýjanlegrar orku í heildarsölu með sem hagkvæmustum hætti. Allt endurnýjanlegt eldsneyti telst með í markmiðinu, þar með talið metan, raforka, lífdísill og íblandað bensín.

Eldsneyti unnið úr úrgangi vegur tvöfalt á við annað eldsneyti samkvæmt lögunum. Þá telur til að mynda metan unnið úr sorpi og lífdísill framleiddur úr sláturúrgangi tvöfalt á við eldsneyti sem framleitt er úr orkuplöntum. Þetta er gert til að auka vægi eldsneytis sem ekki hefur áhrif á fæðuframleiðslu. Þar fyrir utan setja lögin kröfu um að eldsneyti sé unnið með sjálfbærum hætti og dragi sannarlega úr losun koltvísýrings samanborið við jarðefnaeldsneyti. Krafist er vottunar um sjálfbæra framleiðslu alls endurnýjanlegs eldsneytis sem selt er til samgangna á Íslandi í samræmi við Evróputilskipun 2009/28/EB.

Orkustofnun er falið það hlutverk að fylgja lögunum eftir, sjá til þess að endurnýjanlega eldsneytið uppfylli þær sjálfbærnikröfur sem til þess eru gerðar og ber jafnframt skylda að gefa út yfirlit um notkun endurnýjanlegs eldsneytis.

Matjurtagarðar:

## Gjaldfrjáls afnot á Grenivík

**Land hefur verið unnið undir matjurtagarða á Grenivík. Þar sem nokkuð er orðið áliðið og landið auk þess nýunnið, hefur sveitarstjórn ákveðið að bjóða íbúum gjaldfrjáls afnot af görðunum til ræktunar í sumar.**

Garðarnir eru í brekkunni sunnan vegar á móts við Gamla Skóla. Lagt hefur verið vatn að svæðinu og verður það aðgengilegt fljótlega. Görðunum verður skipt í 12 fermetra einingar og í byrjun stendur hverju heimili til boða að fá tvær einingar, eða 24 fermetra alls. Framhaldið veltur á eftirspurn en mjög líklegt er þó að völ verði á meira plássi.

Verið er að úthluta plássi, en sú úthlutun gildir aðeins í sumar. Landið verður svo auglýst með nýjum skilmálum og góðum fyrirvara fyrir næsta sumar. Frá þessu er sagt á heimasíðu Grýtubakkahrepps þar sem einnig kemur fram að það sé von sveitarstjórnar að þetta muni mælast vel fyrir og verði íbúum til ánægju og bragðauka. /MÞÞ

Sauðfé á vegum:

## Átak til úrbóta í Grýtubakkahreppi

**„Það hefur verið viðvarandi vandamál að sauðfé sé á og við vegi í hreppnum," segir í frétt á heimasíðu Grýtubakkahrepps.**

Bændur og jarðeigendur eru þar beðnir að huga vel að girðingum og minnt er á að aðeins einn skussa þarf til að fé leki stöðugt niður á veg t.d. í Höfðahverfi. Allir verði því að vera með í öflugu átaki til úrbóta. Ekki sé nóg að huga að girðingum, passa þurfi vel upp á hlið líka. Þótt erfitt sé að eiga við svæðið frá Fnjóskárbrú að Víkurskarði eru bændur þó hvattir til að gera hvað þeir geta til að stugga fé frá veginum þar.

Vegfarendur eru beðnir að sýna aðgát og vera á varðbergi gagnvart sauðfé, einnig að taka tillit til hestamanna sem eru á ferð við vegi og hægja vel á bílum sínum þegar þeir fara hjá. /MÞÞ


KRONE
HEYVINNUVÉLAR

Bellima F130
Bellima byggir á þrautreyndri hönnun KRONE KR125 og KR130 rúlluvélanna.
Þetta er ein einfaldasta og nettasta rúlluvél á markaðnum. Og aflþörfin ekki nema frá 35 hö.

Helsti búnaður:
- Breiðsópur
- Netbindibúnaður
- Sóvinda án brauta
- Einföld vél sem skilar sínu og endist og endist



Tilboðsverð meðan birgðir endast:
kr. 3.790.000

Comprima F 125 XC17
Einföld og þægileg rúlluvél sem skilar þéttum og vel löguðum rúllum.
Þetta er rétta vélin fyrir þá sem vilja endurnýja gamla KRONE RoundPack 1250.
- Lauskjarna rúlluvél með föstu baggahólfi.
- Bindur rúllur í stærðinni 1,25 m x 1,20 m
- Einföld stjórntölva
- 17 hnífa skurðarbúnaður og mötunarvals
- Drop Floor stíflulosunarbúnaður
- Netbinding
- Sjálfvirk smurning á keðjum, miðlægir smurstútar á legum
- Flotmikil dekk 500/50-17
- Baggasparkari



KRONE F125 - Tilboðsverð:
kr. 4.500.000
KRONE F125 XC - Tilboðsverð:
kr. 5.090.000
Fáanleg með eða án söxunar.

KRONE
DISKASLÁTTUVÉLAR



KRONE EasyCut 320 ............... kr. 1.490.000
Vbr. 3,14 m, 7 diska, miðjuhengd
KRONE EasyCut 360 ............... kr. 1.700.000
Vbr. 3,57 m, 8 diska, miðjuhengd
KRONE EasyCut 400 ............... kr. 1.940.000
Vbr. 4,00 m, 9 diska, miðjuhengd
KRONE EasyCut 320 CVQ ..... kr. 2.370.000
Vbr. 3,14 m, 7 diska með stáltindaknosara

KRONE
SNÚNINGSVÉLAR



KW 5.52/4x7 Fjölfætla ........... kr. 1.290.000
Lyftutengd - 4 stjörnu - 7 arma - vbr. 5,50 m
KW 5.52/4x7 T Fjölfætla ........ kr. 1.210.000
Dragtengd - 4 stjörnu - 7 arma - vbr. 5,50 m
KWT 8.82/8 Fjölfætla ............. kr. 2.610.000
Dragt. m. vagni - 8 stjörnu - 6 arma - vbr. 8,80 m

KRONE
MÚGAVÉLAR



Swadro 38 Stjörnum.vél ........... kr. 930.000
1 stjörnu - lyftutengd - vbr. 3,80 m
Swadro 46 T Stjörnum.vél.... kr. 1.530.000
1 stjörnu - dragtengd - vbr. 4,60 m
Swadro 800/26 Stj.m.vél ...... kr. 2.880.000
2 stjörnu - miðjufrákast - vbr. 6,80 m - 7,60 m

ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is
Allt verð er tilgreint án virðisaukskatts og gildir meðan birgðir endast.

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Spínat – ekki bara fyrir Stjána bláa

**Nú er komið fram yfir Jónsmessu. Norðursólin okkar hefur náð hæsta punkti á himinboga sínum og er byrjuð að slaka á spennunni. Daga tekur að stytta á ný. Því fylgir ákveðin sæla fyrir spínatið.**

Spínat er í eðli sínu tvíær jurt sem eðlilegast er að bera blóm sín að vori og hafa þá úr að spila þeim forða sem það safnaði í blöð sín sumarið áður til að koma frá sér nýrri kynslóð sem spírar og grær upp úr miðju sumri. Safnar holdum og styrk til að þrauka af svala vetur Suðvestur-Asíu, þar sem það er upprunnið, og spretta upp með blómnjóla sína um leið og vetri linnir.

### *Persneskur uppruni*

Þrátt fyrir að spínat hafi verið í ræktun í nokkur þúsund ár í heimkynnum sínum, núverandi Íran, Írak og Afganistan, eru ekki nema um tólf hundruð ár síðan það barst til landanna við Miðjarðarhaf. Austur til Kínaveldis mun það þó hafa borist um tveim öldum fyrr. Fyrstu heimildir um það í Vestur-Evrópu eru frá því um 1350. Til Norðurlanda mun það ekki hafa komið fyrr en á sautjándu öld. Og hinn sænski Linné – „faðir grasafræðinnar“ – gaf því það vísindaheiti sem það ber enn, Spinacia oleracea árið 1753. Spínat hefur líka nýlega (ásamt hrímblöðkunni íslensku) verið fært úr Hélunjólaætt yfir í Skrauthalaætt. En er þó sagt tilheyra undirættbálknum hélunjólar. Spínat ber hvorki litrík blóm né skrautleg á neinn hátt. Á slíku er ekki þörf þegar frjóvgunin fer fram með vindfrævun. Íslenska nafnið spínat á uppruna sinn í persnesku. Það hefur borist eftir mörgum krókaleiðum og haldist í öllum nágrannamálum íslenskunnar.

### *Fjölbreytni og kynusli*

Spínat er merkileg jurt sem hagar sér nokkuð fjölbreytilega í tilverunni. Hvergi finnst það villt, en á upprunaslóðum þess vaxa tvær tegundir sem gætu verið foreldrar ræktunarspínatsins. En þó skilur nokkuð mikið á milli þeirra og þess. En ræktunarspínatið skiptist frá fornu fari í tvo hópa. Þ.e. þann hóp sem þroskar „hyrnd“ fræ og hinn með „rúnnum“ fræjum. En það er ekki nóg, því þar að auki er kynferði plantnanna nokkuð á víxl. Satt að segja er leitun á nokkurri ræktunartegund sem býr við jafn mikinn kynusla. Sumar plönturnar eru sérbýlisjurtir, sem eru þá annað hvort með karlblómum eða kvenblómum. Þetta er meginreglan. Aðrar eru tvíkynja en bera blóm af mismunandi kynjum. Enn aðrar hafa blóm þar sem eru bæði fræflar og frævur, það er samt afar sjaldgæft.

Oftast skera karlplönturnar sig úr vegna þess hversu ræfilslegar þær geta orðið og hlaupa í njóla skömmu eftir að þær eru farnar að teygja sig upp úr moldinni. Og þrátt fyrir mikla kynbóta- og ræktunarvinnu hefur ekki alveg tekist að fá fram stofna sem eru alveg einsleitir.

Þó má búast við að úr þeim spínatfræbréfum sem merkt eru með yrkisnöfnum og tilvísuninni „F1-fræ“ verði einstaklingarnir nokkuð jafnir.



Spínat-kvenplanta í blóma.



Spínat-karlplanta í blóma.



Hyrnt spínatfræ.



Rúnnað spínatfræ.

### *Best að sá eftir Jónsmessu*

Fyrsta spínatið sem ræktað var hér í Vestur- og Norður-Evrópu var af þeirri gerð sem þroskar hyrnd fræ. Þá stofna mun enn vera hægt að fá hjá félögum og fræsölum sem halda upp á forna stofna af nytjajurtum. En þau fræfyrirtæki sem selja spínatfræ í fræverslunum og til stórræktunar bjóða ekki annað en stofna með „rúnnuðum“ eða ertulaga fræjum. Og af því að spínat hefur ekki aðlagast vel daglendinni á norðurslóðum er best að sá því upp úr miðju sumri. Það er að segja eftir Jónsmessu og eitthvað fram í júlímánuð. Þá hefur það síður tilhneigingu í að hlaupa í njóla, heldur skilar bústnum og pattaralegum plöntum þegar kemur fram á haustið. Í ræktun er spínat einært. Og það gerir ekki miklar kröfur. Heldur þrífst ágætlega þar sem er fremur svalt og jarðvegurinn mátulega rakur og frjór. Gjarna í dálitlum skugga þar sem bara nýtur morgun- eða kvöldsólar. Best er að sá fræjunum í raðir um einn til einn og hálfan sentimetra djúpt í moldina, hafa 8–10 cm á milli fræja í röðinni og 25–30 cm á milli raða. Eftir því sem plönturnar vaxa, má taka aðra hverja plöntu til að nota strax og skilja þá eftir 16–20 cm bil milli þeirra plantna sem stendur til að frysta og nota að vetrinum.

### *Gefur krafta í köggla*

Spínat er afar næringarríkt og gefur krafta í köggla. Það vitum við sem fylgdumst með dagegu lífi teiknimyndasöguhetjunnar Stjána bláa hér í eina tíð. Alltaf hafði hann dós af niðursoðnu spínati innan seilingar og greip til á ögurstundum – og hafði þaðan ofurkraftinn úr. Það inniheldur mörg mikilvæg vítamín og snefilefni. Mikið hefur verið látið að því liggja að spínat sé sérlega járnríkt, um 3–4 mg í 100 grömmum af hráu spínati. Og einnig er kalkinnihaldið um 130 mg í sama magni. En á móti kemur að spínat inniheldur um 800 mg í umræddum skammti. Hún temprar svolítið upptöku járnsins, þótt kalkið hjálpi nokkuð til. Reynt hefur verið að rækta oxalsýrumagnið úr spínatinu, en ekki alveg tekist. Þó innihalda nýjustu F1-sortirnar yfirleitt mun minna af oxalsýrunni. Vegna oxalsýrunnar er ekki ráðlegt að leggja sér spínat til munns óhitað eða ósoðið. Nokkuð af henni fer burt við hitunina. Aðkeypt ferskspínat þarf undantekningarlaust að sjóða áður en það er notað vegna þess hve oft hafa borist með því óþægilegar sýkingar. Hitun eða suða í 3–6 mínútur er yfrið nóg. Þegar frysta á spínat þarf að skola það vel undir rennandi vatni og skella því svo í vírsigti ofan í sjóðandi vatn í eina til tvær mínútur. Frysta það svo í mátulegum einnar máltíðar bögglum eftir að mesta vatnið hefur sigið af.

### *Matseld*

Á síðustu árum hefur spínat orðið mál málanna hjá mörgum heilsukostspostulum. Það má nota á marga vegu og ekki vantar uppskriftirnar á matreiðslusíðum vefsins og prentfjölmiðla. Sjálfur held ég upp á það í jafningi eins og gert var á mínu bernskuheimili. En það er líka afar gott með steiktum fiski og lambasteik. Þá er það hitað, eiginlega látið hjaðna, í smjöri á pönnu. Kryddað ögn með svörtum pipar og flögusalti. Til að efla litagleðina má bæta smáskorinni papriku út í rétt áður en pannan er tekin af hitanum. Og ef menn eru í sérlega skapandi stuði er flott setja góða slummu af feitum rjóma út í um leið.

# VÉLAR TIL SÖLU



**Atlas copco Borvagn**
Árgerð 2000
Tímar ca 8500
Verð kr **11.000.000** + vsk



**Bell B30 Búkolla**
Árgerð 2006
Tímar 5900
Nýtt í bremsum
Verð kr **10.000.000** + vsk



**Mercedes Benz Actros 2646 dráttarbíll**
Árgerð 2007
Ekinn 127.000 km
Glussakerfi og sleðastóll
Verð **6.700.000** + vsk



**Euclid r32 námutrukkur**
Árgerð 2000
Tímar ca 12.000
Nýtt í bremsum
Verð kr **5.500.000** + vsk



**Festivagn fyrir dráttarbíl vatnstankur**
Árgerð ca 1978
24.000 L einangraður tankur í fínu standi. Hjólabúnaður þarfnast lagfæringar fyrir skoðun
Verð **350.000** + vsk

**Hafið samband við :**
**Tómas í síma 660-0041**
**eða á tölvupósti**
**urdoggrjot@urdoggrjot.is**



# Til Sölu

Hálfþekjandi fúgavörn í 11,5 líters fötum, liturinn er palesander
Verð 8,015 kr. fatan.
Frekari upplýsingar gefur Vilhjálmur í síma 862 9994

NESTAK ehf

# VIFTUR

**Við erum sterkir í viftum**



Útsogsviftur • Þakviftur • Loftræstiviftur • Stýringar

íshúsið **viftur.is** **566 6000**

Bændablaðið
*Smáauglýsingar 56-30-300*











FRUM - www.frum.is

**– Klárir í sláttinn • Framúrskarandi heyvinnutæki –**

*Gæði og ending í sérflokki*
*Til afhendingar nú þegar*

VÉLFANG VERKIN TALA

**Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is**

# Breytingar verða á rekstri Hestsbúsins og Hvanneyrartorfunnar

**Valnefnd á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) hefur nýverið boðið Snædísi Önnu Þórhallsdóttur og Helga Elí Hálfdánarson til að ganga til samninga um að taka við búrekstrinum á fjárbúinu Hesti í Borgarfirði, sem er í eigu LbhÍ. Sömuleiðis var ákveðið að ganga til samninga við níu manna hóp um rekstur svokallaðrar Hvanneyrartorfu – en í honum eru einstaklingar sem staðið hafa að gerð sjónvarpsþáttanna Hið blómlega bú, sem Stöð 2 hefur sýnt á undanförnum árum.**


Björn Þorsteinsson, rektor.


Hestur.

Samningar hafa enn ekki tekist um rekstur Hvanneyrartorfunnar, en Helgi Elí og Snædís Anna hafa þegar tekið við fjárbúinu. Að sögn Björns Þorsteinssonar, rektors LbhÍ, hefur fjárbúið á Hesti verið rekið undanfarandi ár sem hluti af Grímshaga, sjálfstæðu félagi í eigu LbhÍ. „Mikill hallarekstur hefur verið á Grímshaga, sérstaklega vegna launaliða sem tengjast fjárbúinu og ekki þótti vænlegt að reka búið áfram við óbreyttar aðstæður. Þess vegna var ákveðið að leigja út búið, þó ekki með ábúðarsamningi, heldur taka nýir rekstraraðilar að sér búreksturinn og leigja bústofninn og jörðina, en skólinn kaupir síðan þjónustu af búinu vegna kennslu og rannsókna. Þannig eru útlagðir kostnaðarliðir vegna þessara þátta gerðir upp árlega og kostaðir ýmist af skólanum beint vegna kennslunnar eða í gegnum styrki í tengslum við rannsóknaverkefni.

Björn segir að valnefndin, sem var skipuð af rektor undir formennsku Þórodds Sveinssonar, hafi haft það hlutverk að fara yfir umsóknir og tilnefna að hámarki þrjá umsækjendur. Valnefndin fór vandlega yfir allar umsóknir og valdi að lokum fjóra umsækjendur. Eftir ítarleg viðtöl þar sem mat var lagt á menntun og reynslu umsækjenda, gæði umsóknar og meðmæli skilaði valnefndin greinargerð til rektors og yfirstjórnar og í kjölfarið var ákveðið að bjóða Snædísi og Helga Elí að ganga til samninga um búreksturinn.

„Þau Snædís og Helgi Elí eru bæði búfræðingar, með BS-gráðu í búvísindum og eru nú í vor að ljúka MS-gráðu í búvísindum. Helgi er alinn upp á sauðfjárbúi og bæði hafa mikla reynslu af störfum við sauðfjárbúskap. Umsókn þeirra um leiguna á Hesti var ítarleg og greinandi og fól í sér sterka framtíðarsýn. Auk þessa eru þau Helgi og Snædís þegar vel kynnt eðli máls samkvæmt hjá skólanum sem duglegir og metnaðarfullir nemendur. Að öllu ofangreindu samanlögðu og að öðrum umsækjendum ólöstuðum þóttu þau Snædís Anna og Helgi Elí koma sterkust út úr valferlinu. Samningur við þau hefur verið í mótun og er nú tilbúinn og verður undirritaður á næstu dögum.“


Halldórsfjós.

### *Hvanneyrartorfan er í friðlýsingarferli*

Björn segir að varðandi Hvanneyrartorfuna hafi annars vegar verið auglýst eftir rekstraraðila fyrir ölstofuna – sem stundum er nefnd Kollubar og er staðsett í „hestaréttinni“ við hlið Hjartarfjóss – þar sem tíu ára samningur um rekstur hennar var útrunninn. Hins vegar var auglýst eftir hugmyndum um starfsemi í aðrar gamlar byggingar gömlu Hvanneyrartorfunnar.

„Gamla húsatorfan á Hvanneyri er nú í friðlýsingarferli sem ein merkasta húsatorfa landsins af sinni gerð ásamt umhverfi sínu, til dæmis beðasléttum og flæðiengjum. Þar er aðsetur Landbúnaðarsafns Íslands, í Halldórsfjósi. Í umsóknum komu fram hugmyndir um ýmsan rekstur, svo sem matarsmiðja, veitinga- og gistiþjónusta og fleira í þeim húsum Gamla skóla sem gert er ráð fyrir að nýta; Skólastjórahús og Hjartarfjós. Flestar byggingar á gömlu húsatorfunni hafa glatað hlutverki sínu sem skólabyggingar í nútíma skólarekstri en samt ber skólinn umtalsverðan kostnað af þessum eignum. Þess vegna var talið brýnt að leita eftir hugmyndum um nýtingu þeirra til að skapa byggingunum hlutverk sem væri í góðu samræmi við eiginleika húsanna sem friðlýstar menningarminjar og hagsmuni skólastaðarins,“ segir Björn.

„Sá hópur sem valinn var til samninga um nýtingu húsanna, undir forystu Stefaníu Nindel og Bryndísar Geirsdóttur, þótti hugmyndaríkur um leið og hann virti menningarsögulegt gildi húsanna og hagsmuni skóla og staðar. Samningar við hópinn eru enn á undirbúningsstigi en gera þarf nokkrar umbætur á húsunum áður en endanlega er hægt að ganga frá samningum, meðal annars með tilliti til brunahönnunar og brunaúttekta. Að auki þurfi að leita eftir formlegri heimild til fjármálaráðuneytis til ráðstöfunar ríkiseigna til útleigu,“ segir Björn Þorsteinsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. /smh






## JÁ, VIÐ ÞURFUM GÓÐA SÓLARVÖRN!

Langvirk - 6 klukkutíma sólarvörn.
Lyktarlaus og vatnsheld.

Sara Hrönn Viðarsdóttir
*Búfræðingur og „kúahvíslari"*

Hef notað Proderm s.l. þrjú sumur á kýrnar og það virkar ótrúlega vel. Hef ég ekki verið í vandræðum með sólbrunna spena á kúm síðan ég prófaði fyrst og engin kýr sparkað eða verið með læti. Spenarnir haldast mjúkir og hreinir. Ber á eftir morgunmjaltir og það dugar. 1 brúsi dugar á 30 kýr í 4-5 daga.

Grunnformúlan er læknisfræðilega skráð.

Pantanir: celsus@celsus.is - 551 5995
Fæst í apótekum, Nettó, Hagkaup og víðar.

Celsus ehf.
*Hjúkrunar- og heilsuvörur*



## Ertu í framkvæmdum í garðinum?

TÆKJALEIGA GARÐHEIMA BÝÐUR UPPÁ FYRSTA FLOKKS TÆKI TIL LEIGU

- » MINIGRÖFUR
- » KERRUR
- » BELTAVAGNAR
- » STAURABORAR
- » STEINSAGIR
- » KURLARAR
- » STUBBATÆTARAR
- » OG ÝMIS ÖNNUR SMÁTÆKI



OPNUNARTÍMI
VIRKA DAGA 9-17
LAUGARDAGA 10-16

HAFÐU SAMBAND
SÍMI 864 3325 OG 893 8424
LEIGA@GARDHEIMAR.IS

GARÐHEIMAR

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
**Næsta blað kemur út 9. júlí**







## VANDAÐUR vinnufatnaður frá BULLDOG á góðu verði

- Öryggisskór
- Sýnileikafatnaður
- Vinnufatnaður
- Vinnuvettlingar

ÍSFELL
www.isfell.is
Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is

## BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



**Þær eru léttar og auðveldar í notkun.**

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Gamli traktorinn



# Mercedes-Benz – Unimog

**Bæði Mercedes og Daimler-Benz voru leiðandi fyrirtæki í framleiðslu dísilvéla í upphafi 20. aldar. Árið 1925 sameinuðust fyrirtækin undir heitinu Daimler-Benz sem síðar var breytt í Mercedes-Benz.**



Fyrir samrunann höfðu bæði fyrirtæki framleitt vélar og dráttarvélar með góðum árangri. Daimler setti sína fyrstu dísilvél á markað 1912 en Benz fyrstu traktorana 1919. Traktorarnir frá Benz voru 40 og 60 hestöfl sem þóttu stórir á þeim tíma.

*Fyrsti dísiltraktorinn*

Árið 1922 setti Benz á markað fyrsta traktorinn með dísilvél sem þótti mikil bylting. Vélin var tveggja strokka, 30 hestöfl og á þremur hjólum en fljótlega breytt í fjögurra hjóla. Framleiðsla dráttarvélanna gekk vel allt fram að kreppunni 1930 þegar henni var hætt.

Framleiðsla Mercedes-Benz á traktorum hófst aftur 1950 þegar fyrirtækið setti Unimog á markað. Unimog var margnota vél, hálfur traktor og hálfur vörubíll, svipaður þeim og dráttarvélaframleiðandinn Boeringer hafði sett á markað nokkrum árum fyrr.



*Marghæfar vélar*

Vinsældir Unimog voru gríðarlegar, vélarnar voru fjórhjóladrifnar, sterkar, meðfærilegar og nánast hæfar til allra verka. Unimog varð sérstök deild innan Mercedes-Benz og þeir framleiddir enn í dag. Dráttargetan var mikil og þær náðu 45 kílómetra hraða á klukkustund. Notagildi þeirra náði því langt út fyrir hefðbundin landbúnaðarstörf.

*Hefðbundinn traktor*

Árið 1973 setti svo Mercedes-Benz á markað landbúnaðarvél sem líktist hefðbundnum traktor undir vörumerkinu MB.

Vélin var á margan hátt sérstæð og var með tengibúnað fyrir viðbótartæki eins og sláttuvél bæði að framan og aftan. Bílstjórahúsið var staðsett á miðri vélinni en ekki að aftanverðu eins og algengast var. MB er fjórhjóladrifinn og öll hjólin fjögur jafn stór sem dreifir þunga vélarinnar vel. Aftan við stýrishúsið er skúffa til vöruflutninga.

Framleiðendur dráttarvéla eins og Fendt, JCB Fastrac, tóku útlitið upp og hóf framleiðslu á svipuðum vélum fljótlega.

*WT trac í dag*

Vinsældir MB-dráttarvélanna urðu strax miklar og árið 1980 kom tíu þúsundasta vélin af færibandinu. Sama ár seldi Mercedes-Benz hönnunina á MB-traktorunum til Schluter. Framleiðslu MB var formlega hætt 1991 en árið 2002 hófst framleiðsla þeirra á ný undir heitinu Doppstandt trac eða WT trac eins og framleiðandinn Werner Forst- und Industrietechnik kallaði þá.



*Unimog á Íslandi*

Á heimasíðu Landbúnaðarsafns Íslands segir meðal annars um Unimog: Um miðja síðustu öld voru, einkum í Evrópu, smíðuð tæki til bústarfa sem sameina skyldu kosti dráttarvéla og jeppa. Eitt þeirra var Unimog nafnið var myndað úr orðunum UNIversal-MOtor-Gerät eða Múkkinn og Mugginn eins og vélarnar voru kallaðar hér.

Unimog var formlega kynntur Íslendingum á bílasýningu Ræsis hf. í Reykjavík sumarið 1954. Næstu tvö ár var tugur Múkka fluttur inn, líklega flestir til búverka, því með þeim komu sláttuvélar, plógar og ef til vill fleiri verkfæri. Aflúttök eru að framan og aftan og undir kvið mátti koma fyrir sláttuvél, sem gekk út til vinstri. Unimog mun hafa þótt stirður til búverka en þeim mun betri til aksturs í torfærum.



Deilur risu um álagningu opinberra gjalda hvort flokka ætti Unimog sem bifreið eða dráttarvél, einkum vegna þess hve hraðgengur Múkkinn væri. /VH

Utan úr heimi



Spurning hvort þessi kengúra sé í ansi mannlegum stellingum, eða hvort mennirnir séu bara að herma eftir kengúrunum og hafi tileinkað sér þeirra takta.

## Undur náttúrunnar:

# Kengúrur eru örvhentar

**Skoðun á atferli kengúra sýnir að flestar þeirra kjósa að nota vinstri framliminn þegar þær borða og snyrta sig og má því segja sem svo að kengúrur sé örvhentar.**

Könnunin er sú fyrsta sem er gerð á því hvorn framlim dýr, að manninum undaskildum, nota meira. Andstætt við kengúrur er rétthent fólk í meirihluta.

Reyndar sýna óformlegar athuganir að nokkrar tegundir dýra í Ástralíu sem nota framlimina til gangs og verka beiti fremur vinstri framlim til að borða með.

Könnunin hefur verið gagnrýnd á þeim forsendum að úrtak hennar sé alltof lítið og því sé ekkert mark á henni takandi. /VH

## Andlát:

# Galapagos-skjaldbakan Speed lést ríflega 150 ára gömul

**Árið 1933 var skjaldbaka frá Galapagoseyjum flutt í dýragarðinn í San Diego í Kaliforníu sem liður í að vernda skjaldbökurnar.**



Vitað var að skjaldbaka, sem kölluð var Speed, eða Hraði, vegna þess hversu snögg hún var í snúningum, var nokkuð komin til ára sinna þegar hún kom í garðinn.

Áætlað er að Speed hafi verið ríflega 150 ára gömul þegar hún lést fyrir skömmu. Þá langelsta lífveran í dýragarðinum. Síðustu árin átti skjaldbakan við veikindi að stríða og var stirð af gigt. Hún naut góðrar umönnunar og var hún meðal annars sett í nálastungu, í lyfjameðferð og sjúkraþjálfun. Afkomendur Speed eru 90 í dag og búa 14 í dýragarðinum í San Diego en hinum hefur verið sleppt út í náttúruna. /VH

## Erfðabreytt lamb sent í sláturhús fyrir mistök?:

# Marglyttulamb á markað

**Líkur eru á að erfðabreytt lamb með próteini úr marglyttu hafi verið sent í sláturhús frá rannsóknastofu í París ásamt óerfðabreyttum lömbum og endað á diski neytenda.**

Aðstandendur rannsóknastofunnar segja að um mistök hafi verið að ræða. Yfirvöld í Frakkland hafa hafið rannsókn á málinu en segja um leið að almenningi eigi ekki að stafa nein hætta af neyslu kjötsins.



Móður lambsins, sem kölluð er Emeraude, mun hafa verið breytt með því að setja inn í hana sjálflýsandi grænt prótein úr marglyttu.

Samkvæmt frétt í franska dagblaðinu La Parisien mun DNA-móður lambsins, sem kölluð er Emeraude, hafa verið breytt með því að setja inn í hana sjálflýsandi grænt prótein í marglyttu í tilraunaskyni. Lambið umrædda fæddist því með genið í sér.

Talsmenn rannsóknastofunnar segja að lambið, sem var gimbur og kölluð Rubis, hafi óvart blandast saman við óerfðabreytt lömb og vegna röð mistaka sent til slátrunar. Gagnrýnendur atviksins segja að afsakanir rannsóknastofunnar líkist söguþræðinum í vísindaskáldsögu og að slátrun þess hafi verið viljaverk og hluti af rannsóknarverkefni sem kallast Grænt sauðfé og hafi staðið frá árinu 2009 án vitundar yfirvalda og sé ætlað að kanna áhrif erfðabreyttrar kjötvöru á neytendur.

Sala á erfðabreyttum matvælum er ólögleg í Frakklandi. /VH

# Drifskaftshlífar-Eurofestingar



Drifskaftshlífar, passa á 90% allra drifskafta, 11 legur fylgja hverri hlíf



Minni hlíf, A2-A3: 16.800kr
Stærri hlíf, A4-A8: 21.100kr



Framlenging fyrir drifskaftshlíf: 3.990kr



**Eurofestingar:**
Á plötu: 19.900kr parið
Lausar: 5.200kr parið

*Sendum um land allt!*

Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
10-16 laugardaga, sími 430-5500

BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

# Hágæða

## sláttutraktorar



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

**Verð frá 300.000 m/vsk.**

Vetrarsól ehf.
Askalind 4 • Kópavogi • s. 564 1864

# Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300 **Næsta blað kemur út 9. júlí**



# ECORASTER JARÐVEGSGRINDUR

framleiddar úr endurunnu plasti - endurvinnanlegar - menga ekki jarðveginn



Notkunarstaðir:
Bílastæði
Göngustígar
Innkeyrslur
Tjaldstæði
Hestagerði og reiðhallir
Almennt í landbúnað
Gróðurhús
Græn þök
Aðkomusvæði neyðarbíla

Kostir:
Örugg samlæsing
Hleypir aðkomuvatni niður
Eykur burð og styrkir gljúpan jarðveg
Minni undirbygging
20 ára ábyrgð
Auðlagt og meðfærilegt
Fjöldi aukahluta
Margar gerðir

www.ecoraster.is

VER ehf, Kirkjubraut 12 - 300 Akranesi
s: 431 1111 tölvupóstur: ver@ver-ehf.is



Jurtin sem bananar vaxa á er þróttmikil fjölær planta sem getur náð tíu metra hæð.

# Allt sami bananinn

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

**Bananar vaxa ekki á trjám. Þeir eru ber en ekki ávextir og þrátt fyrir að um þúsund afbrigði af bönunum séu í ræktun erum við nánast öll að borða sama bananann sem er yrki sem kallast Cavendish.**

Áætluð heimsframleiðsla á bönunum árið 2013 var milli 110 og 120 milljón tonn. Stærstu framleiðslulöndin eru Indland með 25 milljón tonn, Kína tæp 11 milljón, Úganda 10, Filippseyjar 9 og Ekvador og Brasilía sem framleiða um 7 milljón tonn hvort land. Í öllum þessum löndum er mest af framleiðslunni neytt heima fyrir. Í sumum framleiðslulöndum er ekki gerður greinarmunur á bönunum og plantian sem svipar mjög til banana og vex á plöntu sem er náskyld bananajurtinni. Plantian hafa verið kallaðir mjölbananar á íslensku.

Ekvador er það land sem mest flytur út af bönunum, rúm 5 milljón tonn, í öðru til þriðja sæti eru Kosta Ríka og Kólumbía sem flytja út tæp 2 milljón tonn hvort land. Stærstu innflytjendur banana eru lönd Evrópusambandsins sem samanlagt flytja inn tæp 4, 5 milljón tonn, Þýskaland og Bretland eru stórtækust. Bandaríkin flytja inn um 2,7 milljón tonn, Rússland tæp 1,25 og Japan 1,1 milljón tonn.

Innflutningur á bönunum til Íslands árið 2014 nam um 7.000 tonn og er mest flutt inn frá Ekvador, Kosta Ríka og Panama. Auk þess er flutt inn lítilræði af mjölbönunum eða plantian.

### *Smábændur og bananabarónar*

Stærstur hluti bananaframleiðslu í heiminum á sér stað á litlum fjölskyldubúum og er neytt heima eða framleiðslan seld á heimamarkaði. Bananar gefa uppskeru árið um kring í hitabeltinu og hluti af daglegri fæðu yfir 500 milljóna manna þar á hverjum degi. Bananar eru með mest neyttu plöntuafurðum í heimi.

Stór framleiðslufyrirtæki eins og Chiquita, Del Monte, Dole, and Fyffes rækta banana á stórum landsvæðum í löndum eins og Ekvador, Kólumbíu, Kosta Ríka, Gvatemala og Hondúras. Öll hafa þessi fyrirtæki verið sökuð um að eiga þátt í stórfelldri eyðingu frumskóga í Mið- og Suður-Ameríku. Um tíma áttu bananaræktarfyrirtækin stóran hluta af öllu landi í einkaeigu í Kosta Ríka, Hondúras, Panama og fleirum. Fyrirtækin höfðu einkaleyfi á ræktun og sölu á bönunum í löndunum og borguðu nánast engan skatta. Vegna sterkra stöðu fyrirtækjanna í þessum löndum voru þau uppnefnd bananalýðveldi.

Bandaríski bananaframleiðandinn United Fruit átti um 80% af öllu einkalandi í Gvatemala í upphafi fimmta áratugar síðustu aldar og var talsverður kurr í landinu vegna þess. United Fruit vann náið með bandarísku leyniþjónustunni CIA og í samvinnu við hana tókst fyrirtækinu að fá kosna stjórn og forseta í landinu sem var því hliðhollt. Þannig tryggði fyrirtækið stöðu sína í landinu í mörg ár í viðbót.




Ræktaðir eru sérstakir bjórbananar sem notaðir eru til að brugga úr bananabjór.

Árið 2014 sameinuðust Fyffes og Chiquita í stærsta bananaframleiðslu og dreifingarfyrirtæki í heimi, ChiquitaFyffes. Áætluð ársvelta fyrirtækisins er áætluð 160 milljón bananakassar, að verðmæti um einn milljarður Bandaríkjadala eða um 132 milljarðar íslenskar krónur.

Neysla á bönunum er víða ólík því sem við eigum að venjast. Þeir eru tíndir óþroskaðir og matreiddir ekki ósvipað og við gerum við kartöflur. Steiktir, soðnir, bakaðir og skornir í flögur. Fjöldi hitaeininga í kartöflum og bönunum er svipaður.

### *Grasafræði og ræktun*

Jurtin sem bananar vaxa á er þróttmikil fjölær planta sem getur náð tíu metra hæð og líklega hæsta planta í heimi sem ekki er með trékenndan stöngul. Afbrigði sem mest er ræktað er dvergvaxið í þeim samanburði og verður sjaldnast hærra en þrír metrar. Stöngullinn vex upp af fjölærum jarðstöngli sem liggur grunnt. Blöðin stór og bátlaga. Blómin tvíkynja og aldinið stórt mjölmikið ber með þykka húð, 60 til 150 saman í stórum klasa. Aldin banana eru misþétt í sér og geta verið græn, gul, rauð, brún og blá en bananar í verslunum eru yfirleitt gulir.

Stöngullinn sölnar eftir að aldinið nær þroska en nýr vex fljótlega upp af rótinni. Ræktunaryrki eru þrílita og ófrjó og þess vegna eru bananarnir sem fást í verslunum frælausir.

Kjöraðstæður bananaplöntunnar er í hitabeltinu þar sem daglengd er tólf tímar, hitastig liggur á milli 26 og 30° á Celsíus og loftraki um 50%. Plantan hættir að vaxa fari hitinn undir 18° og yfir 38°. Við góðar aðstæður tekur um átján mánuði frá því að stöngullinn vex frá rótinni þar til aldinið nær fullum þroska.

Plantan kýs næringarríkan,

rakan en ekki blautan jarðveg. Kjörsýrustig hennar er pH 6 til 7,5 sem er fremur súr jarðvegur. Vegna þess hversu hratt bananaplöntur vaxa og krefjandi þær eru á næringarefni er meðallíftími bananaplantekru ekki nema 25 ár.

Bananar eru ríkir af A-, B-, C- og E-vítamínum og innihalda mikið af steinefnum eins og sinki, járni og magnesíum.

### *Ættkvíslin Musa*

Talið er að Musa sp., eins og sá banani sem við þekkjum, sé afkomandi tveggja gamalla ræktunartegunda sem kallast M. acuminata og M. balbisiana á latínu.

Ættkvíslin Musa telur um 70 tegundir og eru flestar nytjaðar á einhvern hátt. Nafn ættkvíslarinnar er lánsorð úr arabísku, mauz, sem þýðir aldin eða ávöxtur. Orðið banani er einnig arabískt að uppruna, banan, og þýðir fingur. Á kínversku kallast bananar jiao.

### *Uppruni og útbreiðsla*

Þrátt fyrir að Cavendish og fjöldi annarra ræktunarafbrigða af bönunum finnist ekki í náttúrunni eru villt heimkynni nánustu ættingja þeirra í Suðaustur-Asíu og Indlandi. Fornleifarannsóknir benda til að nytjar á villtum forverum nútíma banana eigi sér tíu þúsund ára sögu í Asíu.

Vitað er að arabískir kaupmenn og liðsmenn Alexanders mikla fluttu með sér plöntur eða fræ yfir til Tyrklands og landanna við botn Miðjarðarhafs rúmum 400 árum fyrir upphaf okkar tímatals. Sex hundruð árum eftir fæðingu Krists eru bananar verslunarvara í Mið-Austurlöndum og ræktun þeirra talsverð í austanverðri Afríku og í kringum Viktoríuvatn.

Talið er að fyrstu bananarnir hafi borist með Márum frá Marokkó til Evrópu í gegnum Spán á 12. öld.

Fljótlega eftir fund Ameríku fluttu Spánverjar banana vestur um haf og hófu ræktun á þeim á eyjum Karíbahafsins. Plönturnar kunnu vel við sig í þessum nýju heimkynnum og fljótlega var ræktun þeirra um alla Mið-Ameríku og bananar hluti af þrælaversluninni sem átti sér stað milli nýja og gamla heimsins.



Stærstur hluti bananaframleiðslu í heiminum á sér stað á litlum fjölskyldubúum og er neytt heima eða framleiðslan seld á heimamarkaði.



Josephine Baker í bananakjólnum.

Í sjóferðadagbók James Cook segir að hann hafi fundið bananaplöntur á Havaíeyjum árið 1799.

Franski rithöfundurinn Jules Verne lýsir því í bók sinni Umhverfis Jörðina á 80 dögum, frá 1872, þegar Philleas Fogg er á Indlandi og stoppar undir knippi af bönunum og hefur orð á að þeir séu hollir eins og brauð og mjúkir eins og rjómi.

Til eru heimildir um að fyrstu bananarnir hafi borist til Bandaríkjanna frá Kúbu 1804. Fyrstu 100 árin þóttu þeir forvitnileg nýlunda og á fárra færi að borða þá en skömmu eftir aldamótin 1900 voru þeir orðnir vinsæl fæða um alla Norður-Ameríku. Á þeim tíma var brandarinn um að fólk renni á rassinn á bananaberki enginn brandari því börkurinn lá eins og hráviði úti um allar götur.

### *Fjölbreyttar nytjar*

Víða í Suður- og Suðaustur-Asíu eru blóm og vaxtarsprotar bananaplöntunnar nýttir í súpur og steiktir á pönnu og er sagt að þeir bragðist svipað og þistilhjörtu.

Laufblöðin, sem eru stór, sveigjanleg og vatnsheld, eru notuð til að geyma í mat og sem ílát til að borða af auk þess sem þau eru æt. Blöðin eru einnig notuð sem þak yfir bráðabirgðaskýli.

Í Úganda og Rúanda og þar um slóðir eru ræktaðir sérstakir bjórbananar sem notaðir eru til að brugga úr bananabjór. Bruggaðferðin er þannig að hýðið er tekið utan af og bönunum hent í stórt fat. Safinn er marinn úr bönunum með fótunum svipað og gert er með vínber hjá sumum vínframleiðendum í Evrópu. Safinn er síðan síaður úr maukinu og látinn gerjast í tunnum í nokkra sólarhringa.

Auk þess að vera fæða eru bananar víða notaðir til lækninga og sagt er að innra lagið á berkinum sé gott til að hvítta tennur.

Úr trefjum blaða og stönguls eru unnar örfínar trefjar til vefnaðar. Í Japan er vefnaður úr trefjum plöntunnar aldagömul hefð og yrki af henni eingöngu ræktuð vegna trefjanna.

Bananaskýla söng- og dansarans Josephine Baker þótti afskaplega ögrandi og hneykslaði marga á sínum tíma og ekki má gleyma því að það var banani á umslagi fyrstu plötu Velvet Underground sem Andy Warhol hannaði.Trefjarnar má einnig nota til að búa til pappír.

### *Síðasti bananinn*

Þrátt fyrir að það finnist yfir þúsund yrki af bönunum er nánast eingöngu eitt sem er fáanlegt í verslunum hér á landi og víðast á Vesturlöndum enda ríflega 90% af öllum bönunum í boði. Yrkið sem er gamalt og kemur upprunalega frá Kína kallast Cavendish. Ræktun þess var almenn um 1950 og tók það við af yrkinu Gros Michel sem var óræktunarhæft vegna sveppasýkingar sem lagðist á rætur plantnanna og kallast Pananaveiki. Cavendish-bananar þykja ekki jafn bragðgóðir og Gros Michel en líf- og geymslutími þess er lengri.

Yrkið Cavendish hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár. Ástæðan er Fusarium-sveppur sem hefur breiðst hratt út og drepur plönturnar. Útbreiðsla sveppsins hefur verið frá Fiji-eyjum um Asíu til Afríku og Mið-Austurlanda. Sveppurinn, sem kallast fullu nafni Fusarium oxysporum f.sp. cubense TR4, hefur herjað á bananarækt í Asíu í rúm tuttugu ár og gert mikinn usla í Kína, Indónesíu, Malasíu og Taívan. Árið 2013 varð hans fyrst vart í Afríku og síðan hefur hann verið að breiðast út þar sem bananar eru ræktaðir í álfunni og yfir til Mið-Ameríku.

Á sama tíma og sýking vegna sveppsins breiðist út hefur verið reynt að finna yrki sem getur komið í staðinn fyrir Cavendish en þær prófanir skilað litlu. Sveppurinn hefur lagst á mörg þeirra og þau sem þola hann hafa ekki reynst eins bragðgóð og með eins langan geymslutíma og Cavendish.

### *Bananalýðveldið Ísland*

Talið er að fyrsta bananaplantan hafi borist til Íslands frá Englandi árið 1939 og voru þeir ræktaðir í garðyrkjustöð í Laugardalnum í Reykjavík og tveimur árum seinna bar plantan aldin.

Græðlingar af þessari plöntu voru gefnir til Garðyrkjuskólans á Reykjum og árið 1951 var þar reist 1100 fermetra gróðurhús fyrir plönturnar. Húsið kallast Bananahúsið og enn í dag eru þar ræktaðir bananar.

Því hefur stundum verið fleygt fram að bananaræktunin á Reykjum sé sú mesta í Evrópu og Ísland fyrir vikið mesta bananalýðveldi í álfunni.




Umslag fyrstu plötu Velvet Underground sem Andy Warhol hannaði.



Aldin banana geta verið græn, gul, rauð, brún og blá en bananar sem seldir eru í verslunum eru yfirleitt gulir.




Mismunandi vörumerki en allt sami bananinn.

Þarftu að halda fuglum frá?

Haltu starra, gæsum og álftum frá

Fuglafælurnar frá Scarecrow eru mannúðleg og vistvæn lausn sem halda fuglum varanlega frá.

Nánari upplýsingar
www.fuglavarnir.is
sala@fuglavarnir.is
Sími 896 1013

fuglavarnir.is

Fjölnotakerrur

Höfum hafið innflutning á vönduðum breskum fjölnotakerrum frá framleiðandanum Indespension.

Helstu kostir kerranna eru:

- 7 blaða blaðfjaðrir tryggja góða fjöðrun.
- Stórar legur í hjólnáum og 6,50 x 16" dekk.
- Plast á fjaðraendum dregur úr hávaða.
- Hraðlæsing á afturhlera.
- Öryggislæsing á dráttarkúlu.
- Hluti framhlera opnanlegur sem auðveldar upprekstur gripa á kerruna.
- Heilsoðinn botnplata við hliðar einfaldar þrif og eykur styrk kerrana.

Kr. 1.095.000 + vsk
Kr. 1.357.800 með vsk.

Einnig sturtukerrur, flatvagnar og vélakerrur!

Verð og búnaður birtur með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Gunnar Guðmundsson
Verkefnisstjóri
hjá RML
gg@rml.is

# Það er mikilvægt að þekkja heygæðin

## – fóðurefnagreining er forsenda þess að þekkja gróffóðurgæðin og að fóðra rétt

**Gróffóður – gras og grænfóður – eru ein af meginundirstöðum búvöruframleiðslu af nautgripum og sauðfé. Á nýliðnum vetri hafa margir bændur, víðs vegar um land glímt við slök heygæði, – einkum að því er varðar fóðurorku (meltanleika).**

Á síðastliðnu sumri var grasþroskinn mun fyrr á ferðinni en við flest reiknuðum með. Helstu vaxtarþættir jarðargróða, s.s. jarðraki, varmi og plöntunæring voru í stórum dráttum með ákjósanlegasta móti. Klassíska viðmiðið um heppilegan sláttutíma; – við byrjun skriðs á vallarfoxgrasi – stóðst því miður ekki. Það kom í ljós þegar niðurstöður heysýna fóru að berast að þroskinn var mun fyrr á ferðinni. Þetta leiddi að einhverju leyti til þess, að sláttur hófst of seint og í sumum tilvikum alltof seint. Því til viðbótar var heyskapartíð afar erfið víða um land; þurrkleysur, forþurrkun gekk fremur illa í votviðrasömu og sólarlausu tíðarfari. Hey hröktust víða. Þessar aðstæður höfðu einnig neikvæð áhrif á gæði heyverkunar.

Þeim bændum sem létu taka heysýni til fóðurgildismælinga komu heygæðin ekki svo mjög á óvart, – niðurstöðurnar sýndu það – en öðru máli gegndi um hina sem ekki gerðu það.

Þessi snöggsoðna og mjög svo einfaldaða lýsing á heyskaparaðstæðum síðasta sumars ætti að verða bændum hvatning til þess að gera nú betur í ár og láta efnagreina heysýni a.m.k. úr hluta af sínum heyfeng.



Efnagreiningaþjónusta RML með samningi við BLGG í Hollandi:

Undanfarin tvö ár hefur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins RML boðið bændum um allt land töku heysýna til efnagreininga, sem gerðar eru í gegnum þjónustusamning við Hollenska efnagreininga- og rannsóknafyrirtækið BLGG AgroXpertus AB. Samningurinn tryggir mjög víðtæka og einkar hraðvirka efnagreiningaþjónustu á hagstæðu verði. Þeir bændur sem hafa notfært sér þjónustuna eru almennt ánægðir með hana.

# Mikilvægi þess að fylgjast enn betur með beiðslum kúa



Þorsteinn Ólafsson
dýralæknir Nautastöð BÍ

**Í grein sem ég birti í Bændablaðinu fyrir nokkru gaf ég í skyn að framleiðslugeta kúa í 60% af íslenskum fjósum væri vannýtt, m.a. vegna þess að tíminn milli burða væri of langur. Þá staðhæfingu byggði ég á niðurstöðum athugana á frjósemisupplýsingum frá 58 búum sem valin voru þannig að tíunda hvert bú var valið úr lista yfir bú sem voru skráð í Huppu með 20 eða fleiri sæðingar á einu ári.**

Á 24 af þessum búum var tíminn á milli burða 12–13 mánuðir og á 34 búum var þessi tími lengri en 13 mánuðir. Nytin undanfarna 12 mánuði var að meðaltali 6.022 kg á þeim búum sem höfðu innan við 14 mánuði á milli burða og 5.380 kg á þeim búum sem höfðu meira en 14 mánuði á milli burða. Munurinn á nytinni er 642 kg sem ræðst vissulega af mörgum öðrum þáttum en mislöngum tíma á milli burða. Ég hef ekki gögn til þess að meta hvaða þættir það eru, en ég leyfði mér að giska á að helmingurinn af þessum mun lægi í tímanum á milli burða, þ.e. 321 kg á kú. Afurðastöðvarverðið fyrir þetta mjólkurmagn er 26.617 kr. Að meðaltali eru 45 kýr á hverju búi, þannig að þessi afurðaaukning gæfi 1,2 milljónir í auknar tekjur á meðalstóru búi með sáralítið meiri fóðurkostnaði vegna þess að þar sem tíminn milli burða er styttri verður dagsnytin hærri að meðaltali þó að hæsta nyt framan af hverju mjaltaskeiði sé svipuð. Það hlýtur að vera eftirsóknarvert fyrir bændur að auka nytina ef hægt er að gera það með einföldum aðgerðum og markvissari vinnubrögðum.

### *Hvers vegna er frjósemin ekki betri en hún er?*

Það sem kemur mér mest á óvart er hve margir bændur byrja ekki að huga að sæðingu fyrr en liðnir eru tveir mánuðir eða meira frá burði. Oft er ráðlagt að byrjað sé að sæða þegar liðnar eru 6 vikur eða 42 dagar frá burði. Ýmsum kann að virðast þetta vera stuttur tími frá burði, ef kýr heldur 42 dögum eftir burð verður tíminn á milli burða um 328 dagar. Staðreyndin er aftur á móti að ef byrjað er að sæða eftir 42 daga eru mjög fáar kýr sem verða sæddar og festa fang á næstu þremur vikum. Ýmsar athuganir sýna að talsverður hluti kúnna er ekki farinn að beiða innan 6 til 9 vikna frá burði og verða ekki sæddar þess vegna. Þá er vitað að þegar á heildina er litið uppgötva kúahirðar aðeins innan við 50% beiðslanna. Auk þess heldur líklega aðeins um helmingur kúnna við hverja sæðingu.

Í ofangreindu úrtaki var skoðað hvað leið langur tími á milli fyrstu sæðingar og næstu sæðingar hjá 384 kúm sem sæddar voru tvisvar. Það kom í ljós að aðeins 36% af kúnum sem beiddu upp voru sæddar aftur eftir 17 til 24 daga, eitt gangmál, og 32% voru ekki sæddar aftur fyrr en liðnir voru meira en 46 dagar, tvö gangmál, frá fyrri sæðingu. Það bendir til þess að meirihluti beiðslanna sjáist ekki.

Mesta vandamálið í fjósum er að bóndinn sér ekki beiðslin og of fáir bændur hafa skýr markmið varðandi frjósemina.

### *Markmið sem bóndinn ætti að hafa:*

Byrja að sæða fyrstu kýrnar þegar liðnar eru 42 dagar frá burði.

Láta dýralækni skoða þær kýr sem ekki hafa sýnt beiðsliseinkenni þegar liðnir eru 60 dagar frá burði, fyrir þann tíma er erfitt að koma eggjastokkunum af stað.

Að allar kýrnar hafi verið sæddar innan 90 daga frá burði.

Láta fangskoða kýrnar eins fljótt og hægt er. Dýralæknir eða frjótæknir sem er í þjálfun getur fangskoðað eftir 5 til 6 vikur. Dýralæknir með sónar getur fangskoðað eftir 28 daga. Það á að vera hægt að staðfesta fang í öllum kúm innan 9 vikna frá síðustu sæðingu.

### *Áherslur*

Gefa sér tíma við að leita uppi yxna kýr.

Vita hvaða kýr er tímabært að sæða og fylgjast sérstaklega vel með þeim.

Hafa einhvers staðar lista yfir kýrnar í þeirri röð sem þær báru. Þannig listi getur verið handskrifaður í minnisbók eða á gangmáladagatal. Hann á einnig að vera aðgengilegur í skýrsluhaldsforritinu Huppu og í tölvuforritum mjaltakerfanna.

Það er mikilvægt að hafa það í huga að það eru talsvert miklar líkur á því að kýr sem hefur verið sædd, beiði upp eftir þrjár vikur.

Vera alltaf meðvitaður um hvaða kýr er tímabært að fangskoða og láta fangskoða þær við fysta tækifæri þegar dýralæknir eða frjótæknir kemur í fjósið. Skrá niður í hvaða kúm er búið að staðfesta fang.

### *Til að ná sem bestum árangri í verki*

Til þess að sjá helminginn af beiðslunum í fjósinu þarf að fylgjast með kúnum að minnsta kosti þrisvar á dag gagngert til að leita að beiðslum í 20 mínútur í senn. Skilvirkast er að koma í fjósið á þeim tímum sem flestar kýrnar liggja og horfa yfir hópinn. Kýrnar sem eru að beiða eru þá iðulega standandi eða eru snöggar að rísa upp. Það er mikilvægt að kýrnar tengi þessar ferðir ekki við gjöf eða mjaltir.

Það er góð fjárfesting að kaupa sjálfvirkan rofa sem kveikir ljós í fjósinu hálftíma áður en komið er í fjósið og láta ljósið loga í 16 klst. Þá vakna kýrnar og eru svo komnar í ró þegar komið er í fjósið. Byrja á því að virða kýrnar fyrir sér og láta þær venjast því áður en farið er að gefa og mjólka. Kýrnar sem eru að beiða eru þá ókyrrar, árvökular og skimandi. Í lausagöngu er óróleiki í kringum þær. Annar tími sem skilar árangri við að finna beiðslin er eftir morgunmjaltir og um miðjan dag á milli mála. Kvöldferðin undir nóttina er einnig mikilvæg, þá er mikil ró í fjósinu og kýrnar sem eru yxna eru oft standandi og á ferðinni í lausagöngufjósunum.

Þær kýr sem er líklegt að séu að beiða þarf að skoða sérstaklega vel, það eru þær sem voru sæddar eða sýndu einhver einkenni fyrir þremur vikum.

### *Beiðsli og sæðing*

Eitt er að sjá einhver beiðsliseinkenni, annað er að lesa í þau, finna rétta sæðingatímann. Líklega er algengt að kýrnar eru sæddar degi fyrr en ætti að sæða þær.

Það fer frá kúnni þykkt gráleitt slím jafnvel 1–3 dögum áður en hún fer að beiða. Útferðin verður þynnri og kýrin fer smám saman að gefa sig að öðrum kúm og vera óróleg en það er of snemmt að sæða hana. Kýrin fer að gefa sig að öðrum kúm en mikilvægt einkenni er þegar hún reynir að riðlast á öðrum kúm. Hollensk athugun segir að egglosið verði að meðaltali 30 klst eftir að sjálft beiðslið hefst með riðli og 19 klst eftir að ró færist yfir kýrnar og þær hætta að sýna beiðsliseinkenni.

Besti tíminn til þess að sæða er nokkrum klukkustundum eftir að kýrin sýnir mestu einkennin og fyrst eftir að beiðslið er farið af henni. Þegar kýrin hefur verið sædd er mikilvægt að halda áfram að fylgjast með henni, sé hún ennþá að beiða daginn eftir, bendir það til þess að hún hafi verið sædd í forbeiðsli og rétt sé að sæða hana aftur. Það er ástæða til þess að halda að margir bændur geri sér ekki grein fyrir að aðdragandinn að beiðslinu getur verið tveir dagar.

Það er mjög mikilvægt að skrá niður öll einkenni sem geta bent til þess að kýrin sé nálægt beiðsli, bæði á þeim kúm sem voru sæddar og einnig á þeim kúm sem ekki voru sæddar. Þegar beiðslið fer af kúnni færist yfir hana ró, hún er þreytt og vill liggja og hvíla sig. Það fer blóð frá u.þ.b. helmingi kúnna 1-2 dögum eftir að hábeiðslinu lýkur hvort sem kýrin hélt eða ekki. Sjáist blóðið koma þremur dögum eftir að kýrin var sædd bendir það til þess að hún hafi verið sædd heldur of snemma á beiðslinu. Komi blóð frá kú þremur vikum eftir að hún var sædd er hún ekki með fangi og það er mikilvægt að fylgjast sérstaklega vel með henni eftir tæpar þrjár vikur eða fá dýralækni eftir viku til 10 daga til þess að framkalla beiðsli. Þá er rétt að sæða kúna þremur eða fjórum dögum eftir sprautu.

### *Lokaorð*

- Skráið niður það sem sést og bendir til að kýrnar séu að ganga.
- Byrjið að sæða þegar liðnar eru 6 vikur frá burði.
- Fylgist með þeim kúm sem voru sæddar fyrir þremur vikum.
- Látið skoða kýr sem ekki hafa beitt þegar liðnir eru tveir mánuðir frá burði.
- Látið fangskoða allar kýr eins fljótt og hægt er.

## Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Áhersla er lögð á að taka sýni úr verkuðu fóðri – t.d. úr rúlluböggum (og eða stæðum) eftir 4 til 6 vikna verkun. Ráðunautar RML,víðs vegar um land, annast sýnatökuna með þar til gerðum áhöldum og sjá um að safna sýnunum saman til sendingar. Þeir sjá einnig um að túlka niðurstöðurnar fyrir þá bændur sem þess óska. RML annast og ábyrgist greiðslu á greiningarkostnaði og innheimtir síðan kostnaðinn hjá bændum.

Það skal tekið fram, að ekkert mælir gegn því að bændur taki sjálfir hirðingarsýni og sendi til greininga – kjósi þeir það. BLGG greinir hirðingarsýni (grassýni) á sama hátt og sýni úr verkuðu fóðri.

Fjölþættar og greinargóðar upplýsingar um heyfóðrið geta einnig nýst til markvissari áburðarnotkunar og áburðaráætlanagerðar.

### *Afhendingartími niðurstaðna*

Samkvæmt samningnum skuldbindur BLGG sig til þess að skila niðurstöðum venjulegrar fóðurefnagreiningar (án steinefna) innan 5 vinnudaga (niðurstöður 95 % sýna lesnar inn í FAS) og efnagreiningum ásamt steinefnum innan 10 vinnudaga frá því sýni berst til greiningar – dragist afhending niðurstaðna lengur er greiningin bóndanum að kostnaðarlausu. Ef til viðbótar venjulegri fóðurefnagreiningu eru greind bæði stein- og snefilefni (samtals 14 efni) og að auki rokgjarnar, lífrænar sýrur (mjólkur-, edik- og smjörsýra) er afhendingarfresturinn hins vegar 12 vinnudagar. Bóndinn getur síðan valið um hvort niðurstöðurnar berist honum á rafrænu formi (með tölvupóstur) eða fái þær sendar með landpósti. Niðurstöðurnar eru einnig lesnar beint inn í norræna fóðurmatskerfið NorFor (FAS) og þá þegar aðgengilegar til áætlanagerðar í ráðgjafarverkfærinu; TINEOptifor-Island.

### *Sauðfjárbændur eru sérstaklega hvattir til að láta efnagreina sín hey!*

Í ljósi áfalla, ærdauða og margvíslegra erfiðleika í fóðrun sauðfjár á liðnum vetri, sem að einhverju leyti má rekja til heygæða, er sérstaklega rík ástæða til að hvetja sauðfjárbændur til að láta efnagreina sín hey. Markviss fóðrun búfjár byggist á upplýsingum um efnainnihald fóðursins sem gefið er.

### *Kostnaður við efnagreiningar*

Upplýsingar um greiningarkostnað liggja fyrir í sænskum krónum (SEK) en endanlegt verð í íslenskum krónum er háð gengisbreytingum. Þó má sem dæmi reikna með eftirtöldum kostnaði á sýni eftir því hvað greint er (verðdæmin eru án virðisauka).

1. Gras- og hirðingarsýni, fóðurefnagreining, án steinefna kr. 7 500- 8 000
2. Gras- og hirðingarsýni, fóðurefnagreining, + 10 stein- og snefilefni kr. 9 500-10 000
3. Vothey, fóðurefnagreining án steinefna kr. 10 000-10 500
4. Vothey, fóðurefnagreining, + 10 steinefni kr. 11 500-13 300
5. Vothey, fóðurefnagreining, + 14 stein- og snefilefni kr. 16 500-17 000

### *Hvert geta bændur snúið sér?*

Við hvetjum bændur – kúabændur, sauðfjárbændur, hrossabændur – jafnt sem alla aðra bændur til þess að kynna sér þessa mikilvægu þjónustu. Þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt í fóðuráætlanagerð fyrir mjólkurkýr með NorFor kerfinu, eða fóðurráðgjöf / fóðuráætlanagerð fyrir sauðfé og jafnframt nýta sér efnagreiningarþjónusta samkvæmt samningi RML og BLGG vinsamlega hafi samband við einhvern af eftirtöldum ráðgjöfum RML.

**Eiríkur Loftsson**
Sími: 516 5012
Tölvupóstur: el@rml.is
**Þórður Pálsson**
Sími: 516 5048
Tölvupóstur: thp@rml.is
**Berglind Ósk Óðinsdóttir**
Sími: 516 5009
Tölvupóstur: boo@rml.is
**Guðfinna Harpa Árnadóttir**
Sími: 516 5017
Tölvupóstur: gha@rml.is
***Jóna Þórunn Ragnarsdóttir***
Sími: 516 5029
Tölvupóstur: jona@rml.is
**Guðný Harðardóttir**
Sími: 516 5021
Tölvupóstur: gudnyh@rml.is
**Borgar Páll Bragason**
Sími: 516 5010
Tölvupóstur: bpb@rml.is
**Gunnar Guðmundsson**
Sími: 516 5022
Tölvupóstur: gg@rml.is

Einnig er hægt að hafa samband við skiptiborð á starfsstöðvum RML (sími 516 5000) til að óska eftir heysýnatöku eða til að óska eftir fóðurráðgjöf / fóðuráætlangerð. Nú þegar er hægt að panta heysýnatöku og í framhaldinu fóðurráðgjöf / fóðuráætlanagerð á heimasíðu RML www.rml.is. Ráðunautar RML stefna að því að hefja sýnatöku hjá bændum í fyrri hluta ágústmánaðar.

Eins og greint var frá í síðasta Bændablaði mun nýtt fyrirtæki; Efnagreiningar ehf á Hvanneyri, sinna efnagreiningum fyrir bændur. Við hjá RML munum liðsinna bændum með sýnatöku og túlkun niðurstaðna, hvar svo sem þeir kjósa að láta efnagreina sitt fóður.







Jötunn og Valtra efna til fræðsluferðar fyrir starfandi bændur til Finnlands í ágúst með heimsóknum í Valtra verksmiðjurnar og til finnskra bænda auk almenns fróðleiks um land og þjóð.

**Drög að dagskrá ferðarinnar eru eftirfarandi:**

**Þriðjudagurinn 18.08**
07:30 Flug með Icelandair til Helsinki.
15:00 Rútuferð frá Helsinki til Jyvaskyla. Á leiðinni verður kúabóndi heimsóttur.
19:00 Komið á gististaðinn Perunka Cottages (2 nætur).
19:45 Kvöldverður á gististaðnum.

**Miðvikudagurinn 19.08**
08:00 Brottför frá hóteli
08:30 Heimsókn í Valtra verksmiðjunnar í Soulathi, fræðsluerindi um finnskan landbúnað, prufuakstur, verksmiðjuskoðun og fræðsluerindi um fyrirbyggjandi viðhald dráttarvéla.
15:30 Heimsókn á bóndabæ með umfangsmikla akuryrkju.
17:30 Komið aftur til Perunka Cottages.
18:00 Kvölverður og Sauna í Tupaswilla sem er skammt frá.

**Fimmtudagurinn 20.08**
08:00 Brottför frá hóteli
11:00 Komið í mótoraverksmiðju AGCO Power þar sem framleiddir eru mótorar í Valtra MF og Fendt. Verksmiðjuskoðun, fræðsluerindi um hönnun mótora, mengunarvarnir og hvernig draga megi úr olíunotkun.
15:00 Heimsókn á bóndabæ eða til verktaka.
18:30 Komið á Hótel í Helsinki (2 nætur).
19:30 Kvöldverður á sérstökum veitingastað í Helsinki.

**Föstudagurinn 21.08**
08:00 Frjáls dagur í Helsinki.

**Laugardagurinn 22.08**
05:30 Brottför frá Hóteli.
06:30 Koma á flugvöll.
08:45 Flug til Íslands með Icelandair.
09:10 Lending í Keflavík.

Verð fyrir mann í tvíbýli aðeins
89.000,-

Þar sem aðeins 45 sæti eru í boði er miðað við að hámarki 2 miða á hvert lögbýli og fyrstur kemur fyrstur fer.

**Innifalið er:** Allar ferðir, gisting og matur alla dagana nema frjálsa daginn í Helsinki.
Fararstjóri er: Finnbogi Magnússon

Bókanir og upplýsingar um ferðina veita vélasölumenn í síma 480 0400

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

## Lesendabás

ÚTGÁFA Í TILEFNI AF 75 ÁRA AFMÆLI HÖFUNDAR




*Lífið er dans*

*Lög og textar eftir Hafstein Reykjalín Jóhannesson*
*Söngur:*
*Ari Jónsson, Edgar Smári, Páll Rósinkrans*
*Soffía Karlsdóttir & Þuríður Sigurðardóttir*

*Ljúf og þægileg dægurtónlist, kjörin í bílinn á ferðalögum. Skemmtileg tækifærisgjöf.*

*Fæst í verslunum Eymundsson og á N1 stöðvum*

# Öll við þurfum sól að fá

**Fjöllistamaðurinn og leigubílstjórinn Hafsteinn Reykjalín Jóhannesson sendi Bændablaðinu tölvupóst á dögunum sem hann setti saman í kjölfar dapurra frétta af kinda- og lambadauða víða um land. Póstur Hafsteins er svohljóðandi:**

Sorgarfréttir morguninn 10.06. 2015 um kinda- og lambadauða víða um land urðu tilefnið að þessu ljóði.

***Vorsins vængir***

Eitthvað tefur vorsins vængi,
við spennt biðum eftir því.
Meðan það er saman sængi,
sitthvor tegund rúmum í.

Verst er fyrir litlu lömbin,
lengst af eru blaut og köld.
Hálftóm jafnan verður vömbin,
vorið sýnir kalda öld.

Nú í byrjun sumars sýnist,
svalinn þekja holt og tún.
Margt þá lamba lífið týnist
látlaust þyngir augabrún.

Margir spá og vilja vita.
Verður kannski sól í dag?
Kalla þeir sem stöðugt strita
og standa bakvið þjóðarhag.

Þráin um að sólin sjáist,
sækir flesta landsmenn á.
Óska þess að enginn þjáist,
öll við þurfum sól að fá.

Hafsteinn var alinn upp á Hauganesi við Eyjafjörð. Hann er sannakallaður fjöllistamaður og gaf út nýja ljóðabók og geisladisk í tilefni af 75 ára afmæli sínu þann 1. apríl sl.

Ljóðabókin ber nafnið „Á lygnum sjó" og inniheldur yfir 90 ljóð og geisladiskurinn sem heitir „Lífið er dans" inniheldur 12 ljóð og lög eftir Hafstein.

Hafsteinn segir í formála ljóðabókarinnar að hann hafi verið svo heppinn að fá tækifæri til að njóta leiðsagnar Þórðar Helgasonar í gegnum Ljóðahópinn Gjábakka. Hópurinn hefur starfað í 15 ár og gefið út jafn margar ljóðabækur. Auk þess að taka þátt í þeirri útgáfu hefur Hafsteinn gefið út eigin ljóðabækur og er bókin Á lygnum sjó þriðja ljóðabók höfundar sem hann gefur út á eigin vegum.

Á nýja diskinum eru 11 frumsamin lög og ljóð með 5 þjóðþekktum söngvurum, þeim Ara Jónssyni, Edgar Smára, Páli Rósinkranz, Soffíu Karlsdóttur og Þuríði Sigurðardóttur. Eru þau útsett og leikin af Vilhjálmi Guðjónssyni tónlistarkennara.


Hafsteinn Reykjalín Jóhannesson.

Í tilefni af 75 ára afmælinu gaf Hafsteinn Tónlistarsafni Íslands hluta af verkum sínum. Þar er um að ræða nótnahefti með 40 lögum og ljóðum eftir hann, sem flest eru útsett af Össuri Geirssyni en sum af Vilhjálmi Guðjónssyni. Einnig 5 lög útsett fyrir 4 radda kór við texta eldri borgara í Kópavogi í útsetningu Össurar.

Hagkvæm fjármögnun atvinnutækja

**Landsbankinn býður fyrirtækjum** hagkvæma fjármögnun á bifreiðum, vélum og rekstrartækjum. Við bjóðum sveigjanleika í greiðslubyrði og allt að 80% lánshlutfall.

Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans á landsbankinn.is.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Ábendingar um þurrkun og meðferð heys á velli

Borgar Páll Bragason
Fagstjóri nytjaplantna
hjá RML
bpb@rml.is



**Aldrei er góð vísa of oft kveðin. Það á einnig við um góð heilræði. Fyrir rétt um ári síðan setti Bjarni Guðmundsson, prófessor á Hvanneyri, á blað eftirfarandi ábendingar um heyverkun sem rétt er að rifja upp núna:**

Hér fara á eftir nokkrar ábendingar um þurrkun og meðferð heys á velli. Þær eru að mestu byggðar á tilraunaniðurstöðum frá Hvanneyri en einnig annarri reynslu sem saman hefur sankast. Engan veginn er þó gefið að allar ábendingarnar eigi við alls staðar!

1. **Þroskastig grasanna**. Við góða verkun og geymslu heys eru það þroskastig grasanna við slátt, grastegundir vallarins og rækt í þeim sem mestu ráða um fóðurgildi heysins að vetri. Gætið því vel að vali sláttutímans.

2. **Veður og veðurspá**. Auk hinnar hefðbundnu veðurspár má minna á prýðisgóða þjónustu Veðurstofu Íslands á heimasíðunni www.vedur.is þar sem m.a. er baksíðan veðurspárit. Þar er langtímaspá sem reynst hefur afar notadrjúg við skipulagningu sláttar og heyverka. Fleiri bjóða slíka þjónustu, t.d. www.yr.no

3. **Tími til sláttar**. Í meðaltíð og betri virðist hagur af því að slá mjög árla morguns eða jafnvel að kvöldi. Sé blástur er rétt að breiða strax úr sláttumúgunum, þó síður ef „knosara“-sláttuvél var notuð. Hvað segir loftrakamælirinn? Sé hann um og neðan við 85% er dágóður þurrkur á nýslegið hey.

4. **Sláttunánd**. Ekki er rétt að beita sláttuvélinni mjög nærri rót; 5–6 cm stubbhæð er algeng. Í nýræktum er rótin opin og viðkvæm. Sé nærri farið er meiri hætta á plöntuskemmdum og því að mold og áburðarleifar (skítur) mengi heyið og geti valdið vandræðum við súrverkun þess.

5. **Heyinu snúið**. Flestir reyna að vanda sérstaklega fyrstu umferðirnar við heysnúninginn. Þannig verður þurrkun heysins jafnari, og minni hætta á blautum tuggum (lyskrum) sem valdið geta bölvun í súrverkuninni. Við „réttar“ aðstæður þarf ekki nema smátuggu blauta til þess að óæskilegar örverur fari á kreik í stæðu eða bagga. Í raun ætti ætti nýslegið gras aldrei að fá frið í sláttumúgum, nema slegið sé í rigningu. Í því felast m.a. kostir „knosunar“. Það þarf nefnilega að hægja á öndun og efnatapi heysins sem hraðast eftir sláttinn!

6. **Múgun – Görðun**. Margir nýta sér hagstæð áhrif næturmúgunar til þess að jafna og flýta þurrkun heysins. Þegar kemur að hirðingu eru mikil afköst við múgun líka leið til þess að fullnýta afköst dýrustu heyvinnuvélanna: bindivélar, pökkunarvélar, heyhleðsluvagns. Vanda rakstur heysins, einkum hinnar fíngerðu og dýrmætur snemmslægju.

7. **Þurrkstig heysins við hirðingu**. Margir þættir ráða því. Við votverkun heys í rúllum og ferböggum er mælt með forþurrkun heysins upp fyrir 40–45% (þá er að byrja að koma úr því heylykt). Sama stig hæfir öflugri ylsúgþurrkun. Meiri forþurrkun súrverkaðs heys léttir baggana enn og verkar vel á átlyst og þrif gripanna, a.m.k. sauðfjár og hrossa. Hafi skítur verið borinn á tún má mæla með meiri forþurrkun heysins af því en minni – hún dregur úr líkum á rangri verkun vegna mengunar úr búfjárskítnum.

8. **Notkun hjálparefna**. Virk hjálparefni geta bætt verkun heysins enda sé vel að verkun heysins staðið að öðru leyti. Flest þeirra eiga best við þegar þurrefni heysins er um og innan við 45%. Þeim þarf að dreifa mjög jafnt og vel í heyið. Þannig er frekast von til að þau greiði fyrir kostnað sinn með efnaríkara og lystugra heyi. Í mælingum á Hvanneyri hafa maurasýrurík hjálparefni reynst vel, einnig Kofasafi. Farið varlega í notkun óreyndra hjálparefna.

9. **Vanda baggagerðina**. Leggja þarf alúð við baggagerðina. Gefa bindivélinni færi á að matast vel og þjappa heyinu fast saman. Rúllubaggar sem að formi eru sem tommustubbar af hrífuskafti fara betur með heyið í geymslu og skemmast síður en sláturkeppslaga slytti.

10. **Plöstun – hjúpun**. Sexfalt plast virðist vera hin klassíska regla. Megi treysta góðri meðferð og vörslu má komast af með fjórfaldan hjúp. Sé áraunin hins vegar mikil og líkur á langri geymslu heysins er öryggi af átt-földum plasthjúp. Prófið að reikna áætlað plastverð á hvern bagga ykkar og bera það saman við áætlað verðmæti heysins í bagganum. Það hjálpar við val á fjölda plastlaga. Gæði plastsins er grundvallaratriði.

11. **Baggana strax heim í stæðu**. Þótt atgangur geti verið mikill í heyönnum er rétt að koma böggunum strax heim í stæðu. Heyið í þeim þarf frið til verkunar. Fuglar geta sótt í plasthjúpaða baggana dreifða um velli. Svo er það búmenning að koma heyinu strax á sinn snyrtilega stað til geymslu. Heyrst hefur af húsfreyju sem neitar bónda sínum um blíðu fyrr en rúllur þeirra hjóna eru komnar heim og til vetursetu.

12. **Staðarval baggastæðu**. Rúllum og ferböggum hæfir best svalur, skjólsæll og ekki of sólríkur geymslustaður. Sífelldur sveljandi reynir mjög á plasthjúpinn auk þess sem skjól getur ýtt undir það að snjór skýli böggum á vetri.

13. **Hey verkað í útstæðu**. Hröð og hæfileg forþurrkun (35–38% þe.), söxun heysins og síðan vönduð og mikil þjöppun heysins þannig að sem allra minnst súrefni verði eftir í því. Virkt hjálparefni bætir verkun heysins oftast og síðan frágangur stæðu og hjúps um hana sem engu lofti leyfir aðgang að heyinu.

14. **Kostnaður – Hagkvæmni**. Leiða reglulega hugann að því sem verða má til þess að auka hagkvæmni.

15. **Snyrtimennska – búmenning**. Fátt er fallegra en vel slegið og hirt tún síðsumars þar sem útihúsin hafa selskap af lítt áberandi en listilega settum heystæðum í þeim mæli sem heyin eru ekki geymd innan dyra.





NORÐLENSKA

**Laus störf í sauðfjársláturtíð á Húsavík og Höfn**

Norðlenska leitar að duglegu og jákvæðu fólki til að manna störf í sauðfjársláturtíð 2015.

Slátrun hefst á Húsavík fimmtudaginn 3. september og stendur fram undir loka október. Okkur vantar starfsfólk í almenn störf á sláturlínu.

Slátrun hefst á Höfn fimmtudaginn 17. september og stendur til loka október. Okkur vantar starfsfólk á númeratölvu, í réttarstjórn, aflífun, gærusal, kjötmat, umsjón með sögun og heimtöku bænda og almenn störf á sláturlínu.

Best væri að fá fólk sem er vant sveitastörfum og talar íslensku. Fyrirtækið útvegar húsnæði fyrir aðkomufólk.

Áhugasamir eru hvattir til að sækja um rafrænt á heimasíðu Norðlenska, www.nordlenska.is

**Frekari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 840 8805 eða netfang jona@nordlenska.is**





## Ný tegund af vatnalilju uppgötvuð í Ástralíu:

# Fannst í tjörn fullri af krókódílum

**Hópur grasafræðinga frá Kew-grasagarðinum í London og kollegar þeirra í Vestur-Ástralíu römbuðu á áður óþekkta vatnalilju fyrir skömmu.**

Grasafræðingarnir voru í leiðangri í vestanverðri Ástralíu að rannsaka og skrá tegundir vatnalilja þegar þeir fundu eina tegund sem ekki hefur verið skráð áður. Samkvæmt heimildum Bændablaðsins fannst lilja í tjörn sem var krökk af krókódílum sem ná sjö metrum að lengd og þurftu grasafræðingarnir að leggja sig í talsverðan lífsháska til að ná í eintak.

Tilgangur rannsóknanna er að kortleggja og koma eintökum af sjaldgæfum vatnaliljum í grasagarða og varðveita þær þar áður en þær verða útdauðar í náttúrunni.

Sýnishorn vatnaliljunnar óx í rúmlega hálfsmetra djúpu vatni og til hennar sást líka þar sem vatnið var mun dýpra. Krónublöð nýju liljunnar, sem ekki hefur verið gefið nafn, eru fíngerð, hvít og bleik að lit. /VH



## Ólögleg námuvinnsla:

# Gervihnattamyndir sýna ólöglega gullvinnslu á friðlandi í Amason

**Loft- og gervihnattamyndir sýna að námufyrirtæki hafa hafið ólöglega gullvinnslu á friðlandi í Perú-hluta Amason-regnskógarins sem ætlað er innfæddum.**

Myndirnar sýna talsverða skógareyðingu á landsvæði sem skilgreint er sem friðland og svæði sem ætlað er nokkrum ættbálkum indíána sem búa á svæðinu. Skógareyðingin er dreifð um svæðið sem bendir til að gullvinnslan sé í smáum stíl á hverjum stað en á móti kemur að svæðin eru mörg.

Ólöglegur námugröftur og gullvinnsla í Amason-skógi hefur aukist mikið undanfarin ár og í Perú er talið að skógareyðing af þeirra völdum nemi um 50.000 hekturum. Auk þess sem tré eru felld við gullvinnsluna er mengun af hennar völdum gríðarleg þar sem mikið af kvikasilfri er notað við hana og það berst í jarðveginn og út í árnar. /VH


## KYNINNGARFUNDIR UM FJARVIS.IS Á VESTFJÖRÐUM

Þriðjudaginn 30. júní verða haldnir kynningarfundir um skýrsluhaldskerfið í sauðfjárrækt, fjarvis.is.

Á fundunum verða kynntar þær breytingar og endurbætur sem urðu á kerfinu við uppfærslu í lok mars.

Fundirnir verða sem hér segir:

**Þriðjud. 30. júní - Holti, Önundarfirði kl. 14:00**

**Þriðjud. 30. júní - Birkimel, Barðaströnd kl. 20:00**

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Bændasamtök Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík





Í Skotlandi hefur nú verið rekið um hríð holdanautabú sem hefur sérhæft sig í framleiðslu á japönskum Wagyu-nautum en þau eru í sérflokki hvað snertir fitusprengi og mýkt kjöts. Til þess að mega framleiða slíkt kjöt þarf að fylgja margs konar hefðum, sagði Martine Chapman, en hún rekur búið og kjötvinnslu búsins ásamt manni sínum. Wagyu-naut eru frekar hægvaxta og geta á engan hátt keppt við hin hefðbundnu skosku holdanautakyn hvað t.d. vaxtarhraða og fóðurnýtingu snertir en bæta muninn upp með óvenju miklum gæðum kjötsins. Í dag er Wagyu-kjöt dýrasta nautakjötið sem hægt er að kaupa í Stóra-Bretlandi. sagði Martine.

# Royal Highland Show – einstök landbúnaðarsýning

**Dagana 19. til 23. júní sl. var haldin landbúnaðarsýningin Royal Highland Show í Skotlandi og sóttu sýninguna m.a. hópur íslenskra sauðfjárbænda, en ferðin var farin á vegum Félags sauðfjárbænda á Vestfjörðum.**

Tilgangur ferðalagsins var að sækja sýninguna heim, en einnig að kynna sér þarlendan landbúnað og menningu. Ferðinni verður gerð skil síðar, en hér á eftir fer samantekt Snorra Sigurðssonar, sem var fararstjóri í þessari ferð, um ýmislegt áhugavert sem fyrir augu bar á sýningunni.



Kjöt af japönskum Wagyu-nautum. Nautakjötið verður vart mikið fitusprengdara en þetta.

### *Fjögurra daga sýning*

Það er óhætt að segja að sýningin eigi sér langa hefð, en sýningin var haldin í fyrsta skipti árið 1822! Sýningin hefur síðan verið haldin reglulega, en sýningin í ár er sú 175. í röðinni. Sýningarsvæðið er rétt í útjaðri Edinborgar, og hefur aðsókn gesta að henni aukist undanfarin ár og um nýliðna helgi komu um 190 þúsund gestir þá fjóra daga sem sýningin stóð sem er aukning um á annan tug þúsunda gesta frá því í fyrra. Þessi sýning er með þeim stærri sem haldnar eru hér í Evrópu og sem dæmi um umfang hennar þá má nefna að sýningarsvæðið er alls 20 hektarar að stærð og auk þess eru nýttir 60 hektarar lands undir bílastæði, en alls er hægt að taka á móti 20 þúsund farartækjum á hverjum tíma.

### *Fjölbreytt að vanda*

Líkt og undanfarin ár var sýningin byggð upp í kringum búfjársýningu en alls voru rúmlega eitt þúsund kynbótanautgripir af 20 ólíkum kúakynjum sem kepptu um hylli kynbótadómaranna. Til mikils var að vinna en veitt voru vegleg peningaverðlaun fyrir bestu gripina. Þá mættu fjárbændur til leiks með 2.000 hrúta, ær og lömb og var þar hver annar glæsigripurinn á fætur öðrum. Síðast en ekki síst ber að telja hrossin, en alls voru í ár um 3 þúsund hross á sýningunni, öll sýnd í keppnum en keppt var í 38 ólíkum flokkum með hrossin s.s. í hindrunarstökki, kerrureið og fleira.

### *980 sýnendur*

Utan um, og í kringum gripasýningar og keppnir með þá, er svo fjölbreytt sýning á nánast öllu því sem tengist dreifbýli eins og vélum og tækjum,



Þetta einstaka Aberdeen Angus-naut, Black Broughton, sópaði til sín nánast öllum verðlaunum sem í boði voru á sýningunni. Nautið er í eigu feðganna Alastair og Graeme Fraser og sagði Graeme að Black Broughton væri einstakt naut fyrir margra sakir en einn af kostum nautsins væri hin blíða og góða lund. Aðspurður um muninn á Aberdeen Angus-nautum dagsins í dag og þeim nautum sem voru uppi þegar fósturvísar úr samnefndu kyni voru síðast fluttir til Íslands, sagði Graeme að undanfarin 20 ár hafi orðið gríðarlegar framfarir í kynbótum holdagripa. Angus-nautin væru í dag stór og kraftmikil, með sterka fætur og miklu meiri holdfyllingu afturparta en áður var. Þá hefur tekist að rækta lengri skrokka, sem gefa eðlilega af sér meira kjöt auk þess sem frampartarnir eru nú vel holdfylltir á bæði bóg og herðar. Mesta framförin hefði þó orðið í vaxtargetu og fóðurnýtingu og nefndi hann sem dæmi að kálfar undan Black Broughton ná að jafnaði um 400 kílóa fallþunga á einungis 16 mánuðum!

útivistarbúnaði, fatnaði, hannyrðum og heimavinnslu matvæla svo eitthvað sé nefnt. Alls stilltu 980 sýnendur upp tækjum og tólum á þessari sýningu og hafa sjaldan verið fleiri þátttakendur. Þá eru Skotar einstakir þegar kemur að því að keppa sín á milli. Flestir þekkja ástríðu skoskra bænda þegar kemur að því að bera saman kynbótagripi sína en færri vita e.t.v. að Skotar keppa einnig í gerð fjárstafa, í rúningi, stauraklifri, ullarfrágangi, í bakstri, útsaumi, kjötvinnslu og nánast hverju því sem hægt er að láta sér detta í hug að yfirhöfuð sé hægt að keppa í! Í raun er sýningin svo fjölbreytt að nær ómögulegt er að gera henni góð skil en myndirnar sem hér eru gefa örlítið innlit í það sem m.a. bar fyrir augu.

*Snorri Sigurðsson*
*sns@seges.dk*





Félag „göngustafagerðarfólks" var með áhugaverðan sýningarbás en þar sýndi Arthur A. Dent handverkið sem liggur að baki efsta hluta stafsins, sem er stolt hvers eiganda stafs. Handfangið er oft gert úr hrútshorni en það þarf bæði að pressa saman, svo holrýmið í því lokist. Þá er hornið hitað og sveigt til svo formið liggi rétt fyrir frekari vinnslu við pússun og síðar útskurð. Hreint einstakt handverk og skemmtilegt að sjá að það er til sérstakt félag sem styður við bakið á þeim sem búa til svona fallega göngu- eða fjárstafi. Í félaginu eru í dag 180 meðlimir.



Á sýningunni er vissulega mikil áhersla lögð á hefðbundið búfé en hænsnfuglar, býflugur og meira að segja ránfuglar fá einnig töluverða athygli.




Dráttarvélar á sýningunni voru á annað hundrað og flestar nýjar úr kassanum. Þessi hér fékk þó einnig að fljóta með og vakti verðskuldaða athygli, International Mogul 8-16, en vélar sem þessi voru smíðaðar í Bandaríkjunum 1914–1917.


# Kjarni málsins
# Ekkert viðhald

REHAU



Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða

gluggar@kjarnagluggar.is



Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN



friendtex



30-40% afsláttur af nýju glæsilegu sumarvörunum okkar

Skoðið flottu fötin á friendtex.is

Bonito ehf. • Friendtex • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is
Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00, lokað laugardaga.



REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is

# LELY ASTRONAUT A3

Til sölu mjög góður notaður og yfirfarinn
Lely Astronaut A3 mjaltaþjónn. Árgerð 2007

- Ný Atlas Copco SF4 loftpressa.
- Tölva, prentari og T4C hugbúnaður.
- 70 hálsbönd með QWES H hálskubbum með beiðslisgreiningu.
- Hefur alltaf verið á þjónustusamningi.
- Hentar líka sem mjaltaþjónn nr. 2 á sama bæ, (þá lægra verð án loftpressu, tölvu, prentara og CRS).
- Fyrst settur upp í nóvember 2007.
- Tilbúinn til afhendingar.




Verð kr. 12.200.000 án vsk.
Kominn heim á bæ með uppsetningu og byrjaður að mjólka
Allar nánari upplýsingar hjá Sverri í síma 896 2866

LELY

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



# Til sölu eign sem gefur mikla möguleika til atvinnureksturs



**Eignin er staðsett við Breiðumörk í Hveragerði** og gæti skapað tækifæri til ýmissar þjónustu og viðskiptamöguleika, svo sem tækifæri í ferðamennsku, garðyrkju eða veitingarekstri og margt fleira.

Um er að ræða garðyrkjustöð við aðalgötu bæjaruins. Húsasamstæðan skiptist í þrjú samstæð gróðurhús ásamt tengibyggingu. Í dag er í húsunum vel rekin rósa rækt. Pökkunaraðstaða er í millibyggingu. Lóðin er 3.920 fm að stærð sem gefur færi á heilmiklum stækkunar möguleikum, einnig er lóðin skráð sem lögbýli. Stöðin er í mjög góðum rekstri og hefur góð viðskiptasambönd.

Verð eignarinnar er 67 milljónir.

Innifalið í því verði er yfirstandandi ræktun svo og lausafé það sem til þarf við ræktun (áætlað matsverð er um 9 milljónir). Staðsetning og húsakynni bjóða upp á margskonar þjónustu- og eða verslunarmöguleika.

Hér er kjörið tækifæri fyrir hugmyndaríka fjölskyldu að skapa sér atvinnu og eða taka við núverandi rekastri og vera því eigin húsbændur með góða afkomumöguleika.

**Allar nánari upplýsingar hjá Fagvís fasteignamiðlun í síma 483-5900 eða 892-9330 Kristinn.**



**Jón Viðar Jónmundsson**
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is

# Æviafurðaeinkunn fyrir mjólkurkýr

**Hollendingar hafa um áratuga skeið staðið flestum öðrum fremur í mjólkurframleiðslu. Það sem mér hefur alltaf þótt einkenna þeirra rannsóknarstörf í nautgriparæktinni, sem ég held ég þekki frekast eitthvað til þarlendis, er hin mikla áhersla á hagnýtingu á niðurstöðum, að þær komi sem fyrst og best til nota í fjósinu.**

Í nýlegri alþjóðlegri rannsóknaskýrslu um nautgriparækt rekst ég á grein eftir einn af þessum þekktu hollensku nautgripasérfræðingum. Þarna birtist allt í einu ljóslifandi ein þeirra hugmynda sem ég óneitanlega velti oft fyrir mér en kom aldrei til framkvæmda frekar en mörgu öðru. Á þeim tíma að vísu var rannsóknarþekking okkar varla næg til þess að það væri mögulegt.

Það sem hér um ræðir er ævieinkunn um afurðir kúanna. Hann telur að með þessu séu ráðunautar loksins komnir með í hendurnar nákvæmlega tölurnar sem bændurnir hafi mikinn áhuga á að ræða og skoða. Hér eru flestir hlutir komnir í fullt samhengi. Þessi einkunn mælir í raun hvers má vænta um dætur hvers og eins nauts um æviafurðir þeirra, hve miklar þær verða og yfir hve langt framleiðslutímabil.



**Hér má sjá einn Íslandsmeistara í æviafurðum. Það er Hrafnhetta 153 í Hólmum í A-Landeyjum sem var 18 vetra þegar hún var felld þann 15. maí árið 2010. Hrafnhetta var fædd í febrúar 1992. Hún bar sínum fyrsta kálfi þann 24. október 1994. Þegar hún var felld hafði hún mjólkað í 15,2 ár og hafði skilað 111,194 kg á ferli sínum eða 7.315 kg að meðaltali á ári.**
Mynd / MHH

### *Kostnaður vegna viðhalds og endurnýjunar mjólkurkúastofnsins*

Ég vil aðeins reyna hér á eftir að gera grein fyrir hvernig þetta er gert vegna þess að ég sé ekki betur en okkur eigi hvað úr hverju að vera mögulegt að nýta þessa hugmynd að fullu. Áður vil ég víkja að þeim þætti sem ef til vill er hvað veikasti þáttur hjá íslenskum bændum í mati á framleiðsluhagkvæmni en kemur um leið mjög að hugsuninni að baki þessari einkunn.

Hér á ég að sjálfsögðu við kostnað vegna viðhalds og endurnýjunar mjólkurkúastofnsins. Að sjálfsögðu er ekki ástæða eða rými til að fjalla ítarlega um þetta efni, aðeins að benda á örfáar staðreyndir sem liggja fyrir. Þróun á aldri á kvígum þegar þær bera fyrsta kálfi hefur á síðustu áratugum verið ískyggileg. Ég fæ ekki betur séð að bændur úr mínu æskuhéraði nái varla í dag því meðaltali sem ég tel mig hafa alist upp við fyrir fimm áratugum. Þá var staðan í sumum öðrum héruðum að vísu ákaflega bágborin þar sem fjöldi bænda stjórnuðust af úreltum hefðarhugmyndum í þessum efnum. Uppeldi og aðbúnaði verður að vísu að haga það vel að kvígurnar séu tilbúnar fyrir framleiðslu við tveggja ára aldurinn. Uppeldið er framtíðarfjárfesting þar sem seint mun vera viturlegt að stjórnast af misskilinni sparsemi. Viðbótarmjólkurskeið er alltaf verðmætt hjá kúnni sem komin er í framleiðslu. Þar þarf ekki að leggja í viðbótarkostnað vegna uppeldis. Þó að ég verði manna síðastur til að neita því að talsverður árangur hafi náðst í ræktunarstarfinu í nautgriparæktinni á síðari árum þá eru þær framfarir ekki það ævintýralegar að aukin gæði á nýjum grip fari framúr hagnaði af að geta haft grip, sem þegar er kominn í framleiðslu, í framleiðslu eitt mjólkurskeið til viðbótar og sé hraust og heilbrigð (hér fer eðlislæg góð ending að skipta verulegu máli). Því miður held ég að menn séu slegnir einhverri glýju trúi þeir slíku. Með lækkandi burðaraldri kvígnanna og betri endingu skapast svigrúm til vals ásetningskvígnanna í stað þess að setja á hverja fædda kvígu (í fullri alvöru mega kúabændur velta fyrir sér hvort þeir við aðstæður hér á landi hefðu ekki jafnvel meira að sækja í þetta en kyngreiningu á sæði). Síðast og ekki síst þá skapar minna uppeldi aukið rými í fjósi og sparnað í fóðurnotkun. Til skamms tíma var mjólkurframleiðendum vegna framleiðslutakmarkana ef til vill haldið um of frá að velta þessum þætti fyrir sér. Með ótakmörkuðum framleiðsluheimildum eins og nú er fær þetta gríðarlega aukið vægi, mögulega hafa sumir bændur gleymt því. Ef til vill hefðu margir bændur góðan arð af því að taka upp reiknivél, jafnvel með samvinnu við ráðunaut sinn, og velta aðeins fyrir sér þeim möguleikum sem mögulega liggja þarna ónotaðir í fjósinu hjá honum. Látum nú af þessu rausi og snúum okkur að hvernig Holllendingarnir reikna ævieinkunnina í sinni nautgriparækt.

### *Einkunnir Holllendinga reiknaðar á nokkuð annan hátt*

Gögnin sem þeir nota við að reikna einkunn eru þeir öll með í höndunum. Þetta eru kynbótaeinkunnir fyrir framleiðslueiginleikana, mjólkurmagn og magn af mjólkurfitu og mjólkurpróteini.

Hér eru einkunnir Holllendinga reiknaðar á nokkuð annan hátt en gerist hér. Þeir nota svonefnt mælidagalíkan sem er það sem almennt er orðið víðast hvar erlendis. Það er frábrugðið okkar útreikningum að því leyti að hér er mjólkurmagn metið á grunni framleiðslunnar í heild yfir mjaltaskeiðið. Í mælidagalíkani er hins vegar metin einkunn fyrir mánaðarlega mælidaga frá byrjun til loka mjólkurskeiðsins og þær síðan á réttan hátt vegnar saman í einkunn fyrir mjólkurskeiðið allt. Vonandi kemur nýr og ferskur maður til að vinna þetta hér þannig að þetta verði unnið á þennan hátt einnig hér sem allra fyrst.( Þó að það komi ekki við því sem hér er rætt vil ég samt búast við að í sambandi við mat á júgurhreysti út frá frumutölu höfum við ef til vill enn meira að vinna með mælidagslíkani).

Þessi munur í útreikningum á magneiginleikum kemur hins vegar að næsta atriðinu í útreikningum Hollendinganna. Þar kemur að upplýsingum um lögun mjólkurlínuritsins, hefur kýrin flata eða bratta mjólkurkúrfu? Þetta fá þeir sjálfkrafa fram við útreikninga sína á grunni mælidagalíkansins. Auk þess reikna þeir einnig mjólkurmagnseinkunn fyrir þrjú fyrstu mjólkurskeiðin eins og hér er gert og nýta upplýsingarnar þaðan við mat breytinga á mjólkurskeiðum.

Í þessum efnum er ég ekki alveg tilbúinn að gleypa öll rök Holllendinganna hrá um það hvað breytingar milli mjólkurskeiða segja okkur í raun. Með hverju ári sem líður sannfærist ég hins vegar meira og meira um að sú ákvörðun Ágústar og mín að skoða mjólkurskeiðsnyt á hverju þrem fyrstu mjólkurskeiðunum sem sjálfstæða eiginleika var miklu framsýnni en við sjálfir gerðum okkur grein fyrir þá. Meðan ég var að vasast í nautgriparækinni fyrir allmörgum árum var ég nokkrum sinnum búinn að skrifa um það að breytingar í afurðum á milli mjólkurskeiða væri áreiðanlega talsvert ættgengur þáttur sem þörf væri á að skoða og meta betur hvað þar er mögulega verið að mæla og hvernig síðan mætti nýta þær upplýsingar í ræktunarstarfinu. Eins og margt annað komst þetta aldrei í verk hjá mér og ekkert hef ég séð frá þeim sem við þessum verkum tók um að þau hafi eytt tíma í að hugleiða það. Hafa vafalítið líkt og ég kynntist verið yfirsett öðrum verkefnum. Holllendingarnir gera ráð fyrir að mjólkurskeið eftir þriðja mjólkurskeiðið hegði sér líkt og það gerir. Í raun þekki ég engar erlendar rannsóknir þar um enda orðið ákaflega valið gagnasafn að vinna með sem erfitt er að meðhöndla tölfræðilega.

Til að sannreyna hvaða vit væri í þessum útreikningum sínum báru Holllendingarnir saman einkunnir nautanna og rauntölurnar afurða hjá dætrunum. Til að vaða ekki reyk vegna ónákvæmni í talnasafninu gerðu þeir kröfur um að hið minnsta væru fyrir hendi upplýsingar fyrir förgun 150 dætra nautsins. Sambandið þarna á milli reyndist mjög sterkt. Athygli vekur hinn gífurlegi munur á dætrahópunum í æviafurðum dætranna en hann var á bilinu 20–40 þúsund kg af mjólk

Þá er notað kynbótamat um endingu sem aðeins þarf að umreikna og umbreyta í dagafjölda þegar ævilíkur eru metnar. Síðasti þátturinn er síðan frjósemieinkunn en hún er hjá þeim eins og okkur metin á grunni bils á milli burða og þarf því aðeins að breyta henni í dagafjölda.

Eins og ég hef bent á þá eigum við að hafa nánast allt í höndunum til að yfirfæra þessa aðferð Holllendinganna til okkar. Þar bíður að mínu viti tæplega annað en að hefjast handa. Ég held að við mundum finna sama ávinning og þeir. Við værum komnir með tölur sem bæði bændur og ráðunautar skilja báðir eins og eru áhugaverðar. Þannig skapast árangur í framhaldinu.

Þegar ég er að ljúka greininni lendir inn á borð hjá mér hefti af tímariti ræktenda svartskjöldóttu kúnna (SD) í Danmörku. Það sem þar vekur athygli er að enginn þáttur er þar plássfrekari en umfjöllun sem lýtur að endingu kúnna. Gríðarlega margt er þar af áhugaverðu efni, bæði þarlendu og sem þeir hafa sótt til annarra landa. Áhugavert hefði verið að endursegja sumt af því en verður ekki gert hér.

### *Áherslur á endingu kúnna skilar sér í framleiðslunni*

Eitt skal samt nefna að á síðustu misserum hefur landsmet í æviafurðum verið að falla með nokkurra mánaða millibili hjá þessu langútbreiddasta kúakyni í Danmörku. Þetta er ákaflega sterk vísbending þess að áherslur á endingu kúnna skili sér af fullum þunga í framleiðslunni. Nýja landsmetið hjá þeim eru rúmlega 184 þúsund kg af mjólk og er greinilegt að íslenskar kýr eiga smávegalengd þangað enn.

Í lokin verð ég að víkja að ákveðnum ummælum í frásögn frá aðalfundi ræktunarfélagsins sem koma fram í blaðinu. Það kemur að vísu ekki við efni þessarar greinar en snýr verulega að því sem ég hef verið að skrifa að undanförnu hér í blaðinu. Þar segir að umtalsvert hafi dregið úr áhuga hjá dönskum mjólkurbændum í nýtingu blendingsræktar vegna þess gríðarlega forskots sem svartskjöldóttu kýrnar hafi náð með stofnstærð sinni og möguleikum á að taka í notkun val á grunni úrvals út frá erfðamenginu allnokkrum árum á undan hinum kynjunum. Þetta segir okkur víst að einhver sannleikur er að baki tröllasögum um möguleika þessa í ræktunarstarfinu sem ég hef áður verið að ýja að.

## Starfsfólk óskast

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins óskar eftir að ráða tvo starfsmenn til að sinna verkefnum og ráðgjöf í nautgriparækt. Ráðningin er til eins árs með möguleika á framlengingu.

**Ábyrgðarsvið, menntun og hæfniskröfur:**

- Skal hafa lokið háskólaprófi í búvísindum eða annari sambærilegri menntun. Framhaldsmenntun á sviði kynbóta, fóðrunar, aðbúnaðar, frjósemi, nautakjötsframleiðslu eða annara þátta er tengjast framleiðsluferlum í nautgriparækt æskileg.
- Mun starfa með faghópi nautgriparæktar og fóðrunar og vinna sem hluta af ráðgjafateymi sem sinnir alhliða ráðgjöf til kúabænda með sérstaka áherslu á ráðgjöf í fóðrun, frjósemi og kynbótum sem og almennri ráðgjöf til kúabænda
- Vinna að þróun og sölu á ráðgjöf á landsvísu og á það jafnt við um sérhæfða ráðgjöf sem og aðkomu að heildstæðri og þverfaglegri ráðgjöf í samstarfi við aðra starfsmenn RML
- Við leitum að einstaklingum með brennandi áhuga á nautgriparækt í sínum víðasta skilningi og hafa metnað og frumkvæði sem nýtast til að byggja upp þekkingu sem nýtist til að efla búgreinina.
- Áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum auk þess sem að viðkomandi þarf að halda utan um og stýra verkefnum innan fyrirtækisins samkvæmt vinnuferlum verkefnastjórnunar
- Kemur að öðrum verkefnum á einstökum fagsviðum sem starfsmaður hefur sérþekkingu til að gegna eftir því sem starfsaðstæður leyfa á hverjum tíma

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarnins er framsækið ráðgjafarfyritæki í eigu bænda og leggur metnað sinn í að viðhalda faglegri og óháðri ráðgjöf til aðila innan landbúnaðarins. Fyrirtækið er með starfstöðvar víðsvegar um landið en nánari upplýsingar um starfsemina má finna á vef þessrml.is .

Upplýsingar um starfið eru veittar með tölvupósti í gegnum netföng Karvels L. Karvelssonar (klk@rml.is) eða Gunnfríðar E. Hreiðarsdóttur (geh@rml.is ). Umsóknarfrestur er til 15. júlí Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á vef RML. www.rml.is. Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og starfsferil umsækjanda ásamt upplýsingum um umsagnaraðila.

RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is



**Guðmundur Jóhannsson**
Ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is



# Erfðagallinn flátta

**Flátta er erfðagalli sem lýsir sér í því að fram- og afturspenar öðrum megin á júgrinu eru samvaxnir í einn spena, aðeins örlítið klofinn í endann. Víða um land er fólk að nota fláttu um samvaxna dvergspena við annan hvorn afturspenann. Í slíkum tilvikum er hins vegar ekki um fláttu að ræða.**

Flátta erfist á víkjandi hátt. Aðalatriðið í sambandi við slíka eiginleika er að átta sig á því að meinsemdin kemur frá báðum foreldrum, á annan hátt getur eiginleikinn ekki birst. Slíkum galla er ekki hægt, með fullri vissu, að útrýma úr stofninum meðan genið sjálft er ekki þekkt, þannig að það megi finna með arfgerðargreiningu.

Samkvæmt skrifum Páls Zophoniassonar var eiginleiki þessi all útbreiddur í kúastofninum snemma á síðustu öld. Jafnvel dæmi þess að valið væri beint fyrir eiginleikanum þar sem sú þjóðtrú mun hafa verið til að „fláttur" væru sérstaklega góðar mjólkurkýr. Páll hélt því ætíð fram að um væri að ræða einfaldan víkjandi eiginleika. Ítarlegasta umfjöllun sem finna má um þetta er í grein eftir Pál í Búnaðarritinu 59. árgangi á síðu 61–62. Þar segir hann að hann bíði enn gagna til að geta skrifað vísindagrein um þetta. Því miður birtist hún aldrei. Hitt er þekkt að Páll var einn færasti vísindamaður heims á þeim tíma varðandi slíkar erfðir. Nokkrar vísindagreinar hans um aðra eiginleika frá þeim tíma hafa staðið tímans tönn öfugt við mjög margt sem talin voru vísindi á þeim tíma. Vegna þess hve tíðni eiginleikans er orðin lág í stofninum eru allar rannsóknir á þessum eiginleika nær ómögulegar, slíkt verða gervivísindi (Jón Viðar Jónmundsson, tölvupóstur, 10. júní 2015).

Laust fyrir 1960 kom eiginleikinn fyrir í dætrahópum undan nautum sem þá voru í afkvæmarannsókn í Laugardælum. Síðan virðast vart dæmi um slíka gripi um langt árabil og um tíma var talið að eiginleikanum hefði jafnvel verið útrýmt úr stofninum. Því miður er ekki svo. Laust fyrir 1990 kemur í notkun fyrsta nautið sem ber þennan galla (Draumur 84030). Síðan hafa örfá slík naut komið fram. Hins vegar er tíðni eiginleikans orðin mjög lág í stofninum, sem betur fer, og því illmögulegt að finna alla gripi við afkvæmarannsóknir. Lykilatriði er að sjálfsögðu að upplýsingar komi um alla gallagripi, vegna þess að þeir verða að hámarki 1–3 undan hverju nauti. Hættan er að sjálfsögðu, ef gallinn kemst í gegnum fyrstu hindrun, að naut sem bera hann komist í notkun sem reynd naut. Slíkt hefur því miður gerst. Þekkt eru tilvik undan Túna 95024 og Umba 98036 sem virðast báðir hafa búið yfir þessum galla. Nú síðast hefur sá alvarlegi hlutur hins vegar komið upp að eitt mesta kynbótanaut íslenskrar nautgriparæktar bar þennan erfðagalla. Við kúaskoðun nú í vor kom fram eitt tilvik undan þessu nauti og með arfgerðargreiningu hefur verið staðfest að um er að ræða Birting 05043. Ekki þarf að fjölyrða um hvílíkt áfall þetta er. Hins vegar er með ólíkindum, og sýnir kannski best hve lág tíðni þessa galla er orðin í stofninum, að ekki skuli hafa komið fram fleiri gripir og fyrr undan þessu mikið notaða nauti.

Það er nánast lífsspursmál að okkur berist vitneskja um þessi fáu tilvik sem upp koma. Alvarlegi hluturinn í þessu er að þar sem um víkjandi eiginleika er að ræða getur hann dulist kynslóð eftir kynslóð og komist einhver fjöldi nauta sem bera gallann í notkun getur tíðnin blossað upp með tilheyrandi tjóni. Gripir með slíkan galla eru náttúrlega ónýtir gripir.

Verði menn varir við fláttutilvik biðjum við um að tilkynnt sé um þau til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, t.d. í síma 516 5000 eða netfang rml@rml.is. Ekki er verra að slíkum tilkynningum fylgi mynd ef kostur er.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Bændablaðið
Kemur
næst út
9. júlí

Æðarbændur



Tökum á móti æðardúni til hreinsunar og sölu.
Við greiðum fyrir flutning dúnsins
til okkar í Dúnhreinsunina við
Axarhöfða í Reykjavik.
Hafið samband í síma 892 8080

Dúnhreinsunin ehf., við Axarhöfða í Reykjavik




Mikið úrval trjáa, runna, rósa, alparósa, berjarunna og ávaxtatrjáa.



Opið kl. 10:00 - 19:00 alla daga

NÁTTHAGI

Sími 483 4840 | GSM 698 4840
Heimasíða: www.natthagi.is
Ólafur Njálsson garðyrkjusérfræðingur




FRUM - www.frum.is

✔ Kverneland og Vélfang bjóða í takmarkaðan tíma frábært tilboð á öllum Kverneland plógum.
✔ 10% afslátt af verðlistaverði. — ✔ *Pantanir þurfa að berast fyrir 1. júlí 2015.*
✔ Kaupendur ákveða afhendingardag á tímabilinu 15. september 2015 til 1. mars 2016.
✔ Þú pantar núna og greiðir við afhendingu.

| | | |
|---|---|---|
| Verðdæmi Kverneland AB 3 skeri | Verð án vsk kr. 1,242,000,- | *Fullt verð kr. 1,380,000,-* |
| Verðdæmi Kverneland AD 5 skeri | Verð án vsk kr. 2,150,000,- | *Fullt verð kr. 2,420,000,-* |
| Verðdæmi Kverneland 150 S 3 skeri Variomat | Verð án vsk kr. 2,770,000,- | *Fullt verð kr. 3,095,000,-* |

*Verð miðast við gengi Evru 149 og fylgja gengisbreytingum.*

Kynnið ykkur markvissar uppfærslur á búnaði á heimasíðu Vélfangs og Vélfang facebook.
Og við gerum betur. Allir plógar afhentir samsettir
á afgreiðslustað flutningsaðila í þinni heimabyggð.
Bændur – verktakar – búnaðarfélög. Nýtið ykkur þetta einstaka tækifæri.
Nánari upplýsingar veita sölumenn Vélfangs Reykjavík og Akureyri.

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri

**Unnsteinn Snorri Snorrason**
Bútækniráðgjafi RML
uss@rml.is

# Kostnaður við gróffóðuröflun

**Senn líður að því að heyskapur hefjist (er reyndar hafin hjá einhverjum þegar þessi grein birtist). Kalt vor hefur seinkað grassprettu verulega. Tún hafa hins vegar tekið vel við sér eftir hlýindi undanfarinna daga.**

Í þessari grein ætla ég að fjalla um kostnað við gróffóðuröflun. Við leggjum auðvita megináherslu að afla fóðurs af því magni og gæðum sem við þurfum. En hvað kostar gróffóðrið? Eða kannski frekar: Hvað má gróffóðrið kosta?

### *Kostnaðarliðir*

RML hefur nú um nokkurt skeið unnið að því að gera einfalt reiknilíkan til þess að meta gróffóðurkostnað. Líkanið er fyrst og fremst hugsað sem verkfæri við ráðgjöf. Með tíð og tíma verður hluti þess vonandi aðgengilegur á heimasíður RML. Smíði á þessu líkani er hluti af verkefni sem hefur það að markmiði að bæta ráðgjöf varðandi gróffóðuröflun og þá ekki síst varðandi kostnað við gróffóðuröflun. Verkefnið er fjármagnað af RML með styrk úr fagfé nautgriparæktarinnar og sauðfjárræktarinnar. Ætlunin er að hefja þessa ráðgjöf í haust og verður hún kynnt nánar þegar nær dregur.

Gróffóðurlíkan RML er notað til að meta kostnað út frá gefnum forsendum á ákveðnu verðbili. Notað er verðbil til að undirstrika þann breytileika sem við sjáum í kostnaði milli búa (og reyndar líka innan búa). Þegar hver og einn setur sínar forsendur inn í líkanið fær hann út nákvæmari niðurstöðu enda byggja þær niðurstöður á þekktum forsendum.

Í gróffóðurlíkani RML er gróffóðurkostnaði skipt upp í 5 mismunandi kostnaðarliði. Þá má sjá í töflunni hér að neðan. Ekki verður farið við þetta tækifæri nánar í forsendur sem liggja að baki einstakra kostnaðarliða. Hver kostnaðarliður er samsettur úr einum eða fleiri kostnaðarþáttum. Að baki hverjum kostnaðarþætti liggja síðan forsendur sem hægt er að breyta.

| Kostnaðarliður | Kr/ha | | | Kr/kg þurrefnis<br>3.600 kg þ.e. / ha | | | Kr/rúllu<br>12,9 rúllur / ha | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ræktunarland** | **24.733** | **-** | **49.467** | **6,9** | **-** | **13,7** | **1.915** | **-** | **3.830** |
| Landleiga | 3.200 | - | 6.400 | 0,9 | - | 1,8 | 248 | - | 496 |
| Framræsla | 13.600 | - | 27.200 | 3,8 | - | 7,6 | 1.053 | - | 2.106 |
| Girðingar | 7.933 | - | 15.867 | 2,2 | - | 4,4 | 614 | - | 1.229 |
| **Áburður** | **50.000** | **-** | **79.000** | **13,9** | **-** | **21,9** | **3.872** | **-** | **6.117** |
| Tilbúinn áburður | 35.000 | - | 47.000 | 9,7 | - | 13,1 | 2.710 | - | 3.639 |
| Búfjáráburður | | - | | | - | | | - | |
| Endurræktun | 12.000 | - | 24.000 | 3,3 | - | 6,7 | 929 | - | 1.858 |
| Kölkun | 3.000 | - | 8.000 | 0,8 | - | 2,2 | 232 | - | 619 |
| **Vélavinna** | **26.000** | **-** | **36.000** | **7,2** | **-** | **10,0** | **2.013** | **-** | **2.787** |
| Sláttur | 4.000 | - | 6.000 | 1,1 | - | 1,7 | 310 | - | 465 |
| Snúningur (2 umferðir) | 12.000 | - | 14.000 | 3,3 | - | 3,9 | 929 | - | 1.084 |
| Rakstur | 10.000 | - | 16.000 | 2,8 | - | 4,4 | 774 | - | 1.239 |
| **Rúllubinding** | **26.998** | **-** | **38.747** | **7,5** | **-** | **10,8** | **2.090** | **-** | **3.000** |
| Rúllubinding og plöstun | 15.498 | - | 23.247 | 4,3 | - | 6,5 | 1.200 | - | 1.800 |
| Íblöndunarefni | 4.000 | - | 5.000 | 1,1 | - | 1,4 | 310 | - | 387 |
| Net | 1.500 | - | 2.500 | 0,4 | - | 0,7 | 116 | - | 194 |
| Rúlluplast | 6.000 | - | 8.000 | 1,7 | - | 2,2 | 465 | - | 619 |
| **Flutningar** | **7.995** | **-** | **10.394** | **2,2** | **-** | **2,9** | **619** | **-** | **805** |
| Dráttarvél og vagn | 7.995 | - | 10.394 | 2,2 | - | 2,9 | 619 | - | 805 |
| **Heildar kostnaður** | **114.193** | **-** | **170.540** | **32** | **-** | **47** | **8.842** | **-** | **13.205** |




Myndin hér að ofan sýnir hlutfallslega skiptingu kostnaðar við gróffóðurframleiðslu eftir kostnaðarliðum samkvæmt niðurstöðum gróffóðurlíkans RM fyrir gefnar forsendur. Myndin sýnir niðurstöður fyrir miðgildi líkansins við 3.600 kg þ.e./ha.




Á myndinni hér fyrir ofan má sjá niðurstöður úr gróffóðurlíkani RML fyrir kostnað við gróffóðuröflun út frá mismunandi uppskerumagni (kg þ.e./ha). Líkanið gefur niðurstöður á verðbili sem er græna svæðið á grafinu. Þegar bóndi hefur sett inn sínar eigin forsendur fær hann nákvæmari niðurstöðu sem er táknuð með svörtum punkti á myndinni. Brotnu línurnar eru hjálparlínur sem auðvelda aflestur. Niðurstaða fyrir gefnar forsendur og uppskerumagn 3.600 kg þ.e. /ha er kostnaður um 49,8 kr/kg þurrefnis. Rauða línan á grafinu táknar e.k. hagkvæmnimörk gróffóðuröflunar. Í raun er það afstætt hvar hver og einn dregur þessi mörk, það fer eftir aðstæðum hverju sinni. Þau má t.d. miða við markaðsvirði gróffóðurs á ákveðnu landsvæði, eigin markmið varðandi kostnað við gróffóðuröflun eða þá í þessu tilviki ódýra gerð af kjarnfóðri.





### *Ræktunarland*

Undir þennan kostnaðarlið fellur allur kostnaður sem telst til eignarhalds á landinu. Hér getur hvort sem er verið um að ræða beina leigu á landi eða kostnað vegna fjármagns sem bundið er í ræktunarlandinu og viðhald þess. Undir kostnaðarliðnum ræktunarland er líka kostnaður vegna framræslu og girðinga.

### *Áburður o.fl.*

Þetta er stærsti einstaki kostnaðarliður við gróffóðuröflun. Kostnaður við sjálfa áburðardreifinguna er hluti af áburðarkostnaði. Hér er líka sá kostnaður sem fellur til við dreifingu á búfjáráburði, endurræktun og kölkun.

### *Vélavinna*

Undir kostnaðarliðinn vélavinnu falla kostnaðarþættirnir sláttur, snúningur og rakstur. Þessir kostnaðarþættir eru hér teknir í sér kostnaðarlið til þess að geta greint í sundur mismunandi aðferðir við gróffóðuröflun (rúllur, stæðuverkun o.fl). Í hverjum kostnaðarþætti er gert ráð fyrir kostnaði vegna heyvinnuvélar, dráttarvélar og ökumanns.

### *Rúllubinding o.fl.*

Undir þennan kostnaðarlið fellur kostnaður við rúllubindinguna, íblöndunarefni ef það á við, net og rúlluplast. Í líkaninu er einnig hægt að meta kostnað við stæðuverkun þótt það sé ekki sýnt hér.

### *Flutningar*

Í líkaninu er hafður sérstakur kostnaðarliður fyrir flutninga á fóðri. Það verður sífellt algengara, með stækkandi búum, að tún í nokkurri fjarlægð eru tekin á leigu. Þessi flutningar geta verið nokkuð kostnaðarsamir og því veruleg þörf á því að taka tillit til þess. Á myndinni hér að neðan má sjá einfaldan samanburð á kostnaði við flutning á rúllum. Hér er gott dæmi um það hvernig líkanið nýtist við að bera saman ólíkar forsendur t.d. í þessu tilviki ef ætlunin væri að fjárfesta í stærri rúlluvagn.




**Á myndinni hér fyrir ofan má sjá dæmi um kostnað við flutning á rúllum miðað við mismunandi flutningsvegalengd annars vegar þar sem fluttar eru 8 rúllur í ferð og hins vegar þar sem fluttar eru 14 rúllur í ferð.**

Afköst ráðast af flutningsvegalengd, fjölda af rúllum sem eru fluttar í ferð, ökuhraða og tíma við lestun og losun. Í þessu dæmi er miðað við eftirfarandi einingaverð:

- **Ökumaður: 2.500 kr/klst**
- **Dráttarvél: 4.500 kr/klst**
- **Vagn: 750 kr/klst**
- Miðað er við að ökuhraði sé að jafnið 15 km/klst og tafir 10% af reiknuðum flutningstíma. Við lestun er gert ráð fyrir 0,9 mín/rúllu og við losun 0,4 mín/rúllu. Athugið að flutningsvegalengd er fjarlægð frá túni að stæðu. Þar sem flutningsvegalengd er 20 km eru eknir 40 km.

### *Niðurstöður*

Samkvæmt þeim forsendum sem settar eru inn í líkanið er kostnaður við gróffóðuröflun metinn á bilinu 38–59 kr. kg þurrefnis. Athugið að hér er alls ekki verið að setja fram leiðbeinandi verð á gróffóðri. Þó má gera ráð fyrir að stærsti hluti gróffóðurs sem framleitt er á Íslandi sé innan þessa verðbils og án vafa hluti ofan þess (því miður). Kostnaður á rúllubagga er oft það einingaverð sem bændur nota við viðskipti með gróffóður og því er sýnt í töflu einingakostnaður í kr/rúllu. Í þessum forsendum kostar rúllan á bilinu 10.500–16.500kr. Hér er þá miðað við rúllubagga sem er 619 kg. Þurrefnið er 45%, Rúmþyngd 162 kg þ.e. / m3. Því eru í rúllunni 279 kg þurrefnis.

Meginmarkmið þess að útbúa svona líkan er að auðvelda okkur að skilja annars vegar samsetningu kostnaðar og hvernig kostnaðurinn hagar sér út frá breytingum á forsendum. Þetta líkan er öflugt verkfæri sem hægt er að nýta við ráðgjöf t.d. varðandi fjárfestingu í búvélum eða heildstæða skipulagningu á gróffóðuröflun.

Við höfum í dag engar upplýsingar um kostnað við gróffóðuröflun á Íslandi. Á ráðstefnu sem haldin var í Noregi fyrr á þessu ári kom fram að kostnaður við gróffóðuröflun þar í landi hefur aukist um 30–40% á síðustu 8–10 árum. Niðurstöður norskra búreikninga sýna gífurlega mikinn breytileika í gróffóðurkostnað (kostnaður liggur á bilinu 3–5 NOK krónur / FEm sem er á bilinu 45–70 ÍSL krónur / FEm). Í sumum tilvikum er einingakostnaður gróffóðurs (kr/FEm) hærri en einingakostnaður kjarnfóðurs. Hvað skyldi þitt gróffóður kosta?

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



# Aukin hætta við notkun farsíma

**Fyrir nokkru var í Kastljósi á RÚV þáttur um aukningu á notkun farsíma bílstjóra í umferðinni. Þátturinn var vel unninn og viðtal við ýmsa sem málið varðar þ.á m. lögreglu og forvarnafulltrúa frá Samgöngustofu. Það þarf ekki að stoppa lengi og horfa inn í bíla þar til að maður sér bílstjóra vera að tala í síma.**

Umferð er dauðans alvara og að vera í símanum í umferð eins og hún er orðin í Reykjavík er mikið ábyrgðarleysi. Margoft hefur maður orðið vitni að undarlegu aksturslagi og ef vel er að gáð er ótrúlega oft orsök undarlegs aksturs að viðkomandi ökumaður er í símanum. Á fundi sem ég sat hjá Samgöngustofu í vor spurði ég lögfræðing Samgöngustofu hvar maður stæði lagalega séð ef maður rifi upp hurð hjá bílstjóra sem er að tala í farsíma og tæki símann af honum. Ekki gat lögfræðingurinn svarað þessu en sagði í leiðinni að hann myndi eftir tilfelli þar sem lögreglumaður tók síma af bílstjóra og fékk skammir fyrir.



Festing fyrir spjaldtölvu og farsíma frá John Deere

### *Í Írlandi er reynt að vera á undan slysunum með forvörnum*

Í ársskýrslu um banaslys frá HSA (Health & Safety Authority) á Írlandi fyrir 2014 sem birt var í janúar sl. var viðtal við forstjóra HSA. Þar tjáði hann sig um það sem þyrfti að leggja upp með í forvörnum fyrir árið í ár. Í þessu viðtali sagði hann að fyrst og fremst væri stefnt á að reyna að fækka slysum á börnum og einnig að þörf væri á að brýna fyrir stjórnendum dráttarvéla og bíla að láta farsímann í friði, en á síðasta ári hefðu orðið slys sem rekja hefði mátt til símanotkunar. Stjórnendur dráttarvéla hafi verið að senda smáskilaboð og að tala í símann þegar slys varð á síðasta ári.

### *Tryggingarfélög mættu taka meiri þátt í forvörnum*

Hægt er að fá ýmsan búnað sem á að minnka truflun vegna símnotkunar við akstur bíla, en ekki mikið er í boði í dráttarvélar. Dráttarvélaframleiðandinn John Deere vinnur mikið að forvarnamálum og hefur verið að hanna og bjóða upp á festingar fyrir síma og handfrjálsan búnað fyrir farsíma. Oftar en ekki eru það tryggingarfélög sem þurfa að bæta skaða sem hlýst af slysi. Sé hægt að rekja slys til farsímanotkunar ætti að vera eðlileg krafa eða heimild til að krefja viðkomandi bóta líkt og í slysum þar sem sá er veldur slysinu er ölvaður, þá hefur tryggingarfélagið endurkröfurétt á þann sem slysinu veldur. Mitt mat er að tryggingarfélögin ættu að hamra meira á hættunni við farsímanotkun með forvörnum og fræðslu því að það er þeirra hagur að slysum fækki.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

VERZLUN H. JÚLÍUSSONAR
STOFNUÐ 1919

MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM
* Grill og grillvörur
* Gas með 20% afslætti
* Hreinsivörur fyrir bíla
* Graseyðir
* Vinnufatnaður




Höfum þjónað Skagfirðingum og ferðamönnum í 96 ár
- Eldsneyti frá BP og OLÍS síðan 1932.

Verið velkomin

IS2010135715
Logi frá Oddsstöðum



Logi tekur á móti hryssum heima á Oddsstöðum í sumar. Hann vakti athygli í vor fyrir háan kynbótadóm 5 vetra hests, í gerð 8,66 og fyrir kosti 8,47. Í aðaleinkunn 8,55 og eru gangtegundirnar jafnar og heilsteyptar.

Logi er undan gæðingnum Óliver frá Kvistum, sem fór ungur úr landi, en hefur sannað getu sína á síðustu árum svo eftir er tekið.

Móðir Loga er gæðingamóðirin Brák frá Oddsstöðum.

Logi er spakur og gæfur, einnig vinsæll og mjög vel látinn hjá þeim sem hann hafa tamið og þjálfað.

Verð er 100.000 kr. + Vsk á fengna hryssu. Geymslugjald er 500 kr/dag á hryssu.

Upplýsingar: Sigurður Oddur Ragnarsson, sími 8950913.
Einnig; oddur@oddsstadir.is

# KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: ERIK CHRISTENSEN (CC BY-SA 3.0)

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 16 | KASTA | KRYDD | ÍSHROÐI | Í RÖÐ | LJÁR | ■ | MUNDA | HEITI | YNDIS | ÞEFA |
| | | | | TILVÍSUN | | | | | | | | | | |
| | | | | BOX | | | | | | MÁLMHÚÐA / HANGA | | | | |
| | | | | DÝRAHLJÓÐ | | | | TÝNA / DUNDA | | | | | | |
| | | | | SEINLÆTI / NÝLEGA | | | | | | | SVELGUR / MÓTMÆLI | | | |
| ■ | ↓ | TÆMA | SVIPAÐ / BOGI | | | | | | ÓHEILINDI / Í RÖÐ | | | | | SVIF |
| FEGRA | | | | | | GAUL | ÁN / HYGGST | | | | | FRAMBURÐUR | GILDRA | |
| MINNKA | | | | | HAMINGJU / KANTUR | | | | | HÆLA / HELDUR BROTT | | | | |
| HLJÓM | | | NEYTA / ÞÓTTI | | | | | | OFRA / FERÐAST | | | | | |
| FRAMKOMA | | | | MJÖG / NÆRÐAR | | | | HEGNA / RJÁLA | | | | | | MERGÐ |
| ■ | | SKÍTUR / MÖGL | | | | MJÖG | | | | | GRÖM / ÓSVIKINN | | | |
| ÞVO | | | | | | BÓK / ÁI | | | | LOFTTEGUND / HÁTTUR | | | | |
| MULDRA | | | | | | | STEINTEGUND / BARDAGI | | | | | FRÁ | VÖRUMERKI | |
| SKERGÁLA | | | | | ÍLÁT | | | | FÍFLAST | | | | | |
| TVEIR EINS | | | ESPA | | | | | | ÚTHLUTAÐIR | | | | | |

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 15 | BROTTREKSTUR | HEITI | ÓVARINN | TVEIR EINS | DÓMS | ■ | ÞRÓTTUR | BÁTUR | ÞYRPING | STEFNA |
| | | | | UTANYFIRFLÍK | S | T | O | R | M | J | A | K | K | I |
| | | | | HRUKKA | K | I | P | R | A | ÓHEILINDI / LEYSIR | F | A | L | S |
| | | | | UTANHÚSS | Ú | T | I | ÁLÍTA / HNUPLA | T | E | L | J | A | M |
| | | | | SKYNJAST / STEINTEGUND | F | I | N | N | S | T | FLÝTIR / ERFIÐI | A | S | I |
| ■ | R | HLJÓÐFÆRI | DVÍNA / TVEIR EINS | K | U | L | N | A | ASKUR / MUNNI | E | S | K | I | BLÓÐHLAUP |
| ÓSKIPTAN | A | L | L | A | N | LANDSPILDA | HLIÐ / ENN | P | O | R | T | ÞRÆLKUN | MJAKA | M |
| EKKERT | N | Ú | L | L | BÓT Á FLÍK / BRAGARHÁTTUR | L | E | P | P | VAFRA / GRÖM | R | Á | F | A |
| ÓLÆTI | A | T | EINRÆKTA / ÆSIR | K | L | Ó | N | A | RUNNI / MÆLIEINING | E | I | N | I | R |
| KRÁ | B | A | R | FAG / ELDSNEYTI | I | Ð | N | SÝNISHORN / ÚTLIMUR | Ú | R | T | A | K | GNÆGÐ |
| ■ | J | BÓKSTAFUR / VEGUR | E | M | M | FJÖRUGRÓÐUR | Þ | A | N | G | SARG / TALA | U | R | G |
| EINSKÆR | A | L | G | E | R | TÍMABILS / RANGL | Á | R | S | NÝLEGA / HÁTTUR | Á | Ð | A | N |
| GÁIR | L | E | I | T | A | R | DRYKKUR / SKÓLI | M | A | L | T | FRÁ | VÖRUMERKI | Ó |
| MILDA | L | I | N | A | KERALDI | Á | M | U | FÍFLAST | A | T | A | S | T |
| TIL | A | Ð | BOR | N | A | F | A | R | ÚTHLUTAÐIR | G | A | F | S | T |

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

## Bærinn okkar



# Miðdalur



**Haustið 2013 ákváðum við að færa okkur um set, vorum áður sauðfjárbændur í Fjósatungu í Suður-Þingeyjarsýslu. Fluttum við í Miðdal í desember 2013 og tókum við rúmlega 600 vetrarfóðruðum kindum. Jörðin er mjög vel uppbyggð, nýlegt íbúðarhús byggt 2008 og eldra íbúðarhús byggt 1966. Fjárhúsin eru mjög góð, 900 fm, sem við endurnýjuðum algjörlega að innan síðastliðinn vetur.**

**Býli:** Miðdalur og meðfylgjandi eyðijarðir eru Ytri-Svartárdalur, Fremri-Svartárdalur og Ölduhryggur.

**Staðsett í sveit:** Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.

**Ábúendur:** Ástþór Örn Árnason og Svana Ósk Rúnarsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum tvö börn, Lilju Dóru f. 17.09.11, hún lést af slysförum 15.03.13. Viktor Árni fæddist 01.10.14.

**Stærð jarðar?** Ræktað land er um 75 ha, jarðirnar samtals eru um 4500 ha.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Um 720 vetrarfóðraðar kindur og fjárhundarnir Píla og Blesa.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Fer algjörlega eftir árstíma, eins og á flestum búum þá byrjar dagurinn og endar á gegningum þegar fé er á húsi. Inni á milli er öðrum




verkefnum sinnt og við sjáum ekki fram á verkefnaskort.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Leiðinlegustu bústörfin eru að brasa með veikar skepnur og skafa grindur og taka til í fjárhúsum eftir sauðburð. Skemmtilegast er heyskapur í góðu veðri þegar ekkert bilar.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Stefnum að því að stækka og efla búið, fjölga fénu og einnig eru ýmsar aðrar hugmyndir í skoðun.



**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Við höfum miklar skoðanir á félagsmálum bænda sem erfitt er að tíunda í stuttri málsgrein. Það er von okkar að bændastéttin standi betur saman og lendi ekki í skotgröfum milli búgreina. Höfum trú á að það verði miklar breytingar á næstu árum og mjög mikilvægt að hafa sterkt fólk í forsvari fyrir okkur bændur.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vonandi vel ef fáir eiginhagsmunaaðilar ná ekki að ganga fram í því að ganga af landbúnaðinum dauðum. Við verðum að hafa trú á íslenskum landbúnaði. Afar mikilvægt er að við áttum okkur á því hvað við erum fámenn þjóð á heimsvísu ásamt því að vera eyland. Ef við getum ekki séð okkur sjálf fyrir matvælum þá gæti komið upp ástand sem yrði ekki búandi við.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Teljum að það séu tækifæri til að flytja út allar íslenskar búvörur, þetta er eingöngu spurning um framleiðslugetu umfram okkar þarfir og markaðssetningu. Við teljum að það sé ljóst að íslenskar landbúnaðarvörur eru í hæstu gæðaflokkum matvæla í heiminum.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Undanrenna, ab-mjólk, harðfiskur, smjör, vínber, ostar og bjór.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Grillað lambakjöt, ærfille og lundir.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Föstudagurinn 15. mars 2013.



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Hvíta kjötið er gott á grillið

**Það eru til margar aðferðir til að elda svína- og kjúklingakjöt. Hér eru ljúffengar grilluppskriftir með uppáhaldsbitum sannra matgæðinga. Svínasíða og kjúklingalæri eru bragðmiklir og safaríkir bitar. Stökk og góð fitan gerir þá fullkomna á grillið! Eftir vel heppnað grill er upplagt að fá sér berjaböku með ís.**



Grillaður grís.



Grilluð Miðjararhafs kjúklingalæri.

### Grillaður grís með púðursykursblöndu og bjór

› 2 stk. papríkur
› 1 stk. brokkólí
› 1 stk. laukur
› 2 stk. svínasíða í bitum
› 200 g púðursykur
› 1 ferna eplasafi (250 ml)
› 2 flöskur af uppáhalds bjórnum þínum (1 flaska til að drekka, hin í matinn)
› Salt, pipar og hvítlaukur til að nudda kjötið
› Ólífuolía

**Aðferð**
Skerið grænmetið gróft. Nuddið kjötið með salti og pipar (eða kryddi að eigin vali). Snúið og skerið í fitulagið, nuddið í rifurnar. Penslið með ólífuolíu á báðar hliðar. Setjið púðursykur í skál ásamt eplasafa. Setjið svínasíðuna (puruhliðin upp) beint ofan á grænmetið, vefjið inn í álpappír eða í ofnfast fat með loki ásamt púðursykursblöndunni og smá bjór.

Setjið fatið eða pakkann með álpappír á grillið við vægan hita og eldið í um 3–3 1/2 klst.

Takið af grillinu og látið kólna í 20–30 mínútur.

Brúnið yfir opnum eldi í nokkrar mínútur til að fá fallega karmelluhúð á kjötið.

### Grilluð Miðjarðarhafs kjúklingalæri

› 1 tsk. hakkað ferskt timjan eða blóðberg
› 1 tsk. hakkað ferskt rósmarín
› 1/4 búnt söxuð steinselja eða skógarkerfill
› 1 tsk. salt
› 1/2 tsk. ferskmalaður svartur pipar
› Ólífuolía eins og þarf
› 8 lárviðarlauf
› 8 kjúklingalæri
› 2 sítrónur, skornar í báta

**Aðferð**
Blandið saman í skál hökkuðum jurtum, salti og pipar. Bætið ólífuolíu (ca 2 msk.) og nuddið vandlega á kjúklingalærin. Setjið lárviðarlauf ofan á hvert læri. Setjið á eldheitt grill (þegar öll kol eru hvít og þakin grárri ösku, forhitið gasgrill í a.m.k. 5 mínútur.)

Setjið kjúklinginn (skinnhliðina upp) á grillið og eldið þar til kjötið hefur brúnast, um 5 mínútur. Snúið kjúklingnum og eldið í 20 mínútur á vægum hita á skinnhliðinni.

Færið kjúklinginn að kalda hlutanum á grillinu og eldið þar til húðin er stökk og kjötið er eldað í gegn (70 °C). Berið kjúklinginn fram strax með sítrónubátum og salati.

### Berjakaka að breskum sið:

Berja-„crumble“ er breska útgáfan af



bandarískum bökum. Það er klassísk samsetning af sætum rabarbara og sætum berjum, toppað með stökkum hafra- og heslihnetumulningi. Ekki skemmir kúla af ís til að fullkoma réttinn.

› 3/4 bolli hveiti um 150 g
› 2/3 bolli plús 1/2 bolli sykur (140 g og 90 g)
› Ögn af salti
› 6 matskeiðar (100 g) kalt smjör, skorið í teninga
› 1/2 bolli (100 g) gamaldags haframjöl
› 1/2 bolli (100 g) heslihnetur, ristaðar, og hakkaðar
› 1/2 vanillubaun eða vanilludropar
› 1 askja ber (kirsuber eða jarðarber)
› 12 stilkar rabarbari (helst rauður) skerið þvert og svo í bita
› Vanilluís

Sameinið hveiti og fyrri hlutann af sykrinum, 2/3 bolli sykur og salt í miðlungsskál, hrærið saman. Bætið í smjöri. Nuddið saman með fingurgómunum þar til blandan festist saman. Blandið í höfrum og hnetum. Gott að gera daginn áður.

Hitið ofninn í 175 °C. Smyrjið bakstursfat. Setjið 1/2 bolla sykur í stóra skál ásamt vanillu. Blandið vel saman. Bætið berjum og rabarbara ásamt sykri í skál, myljið deigi yfir.

Bakið mulninginn þar til deigið er stökkt, í um 45 mínútur. Látið kólna í 15 mínútur. Setjið heitan mulninginn í skálar. Berið fram með ís.

PRJÓNAHORNIÐ garn@garn.is

# Stutt hettupeysa

**Stærð:**

4 ára.

**Yfirvídd:**

62 sm.

**Garn:**

Kartopu Basak nr K792 bleikur, 2 dokkur. Basak er til í 33 litum sjá nánar á www.garn.is

**Prjónar:**

Hringprjónn 60 sm nr 4 eða sú prjónastærð sem þarf til að fá 23 lykkjur = 10 sm í sléttu prjóni

**Perluprjón:**

Umferð 1: *1 slétt, 1 brugðin* endurtakið *-* út umferðina

Umferð 2: *1 brugðin, 1 slétt* endurtakið *-* út umferðina

Endurtakið þessar tvær umferðir

**Aðferð:** Peysan er öll prjónið fram og til baka, hvert stykki fyrir sig.

**Bakstykki:** Fitjið upp 70 lykkjur og prjónið stroff 2 slétt, 2 brugðið fram og til baka, 4 sm. Skiptið yfir í perluprjón og prjónið þar til stykkið mælist 15 sm (mælt með stroffi). Fellið af fyrir handvegi í annarri hverri umferð 2, 1, 1 lykkju. Prjónið áfram perluprjón þar til heildarlengd mælist 31 sm. Geymið stykkið.

**Forstykki:**





**Aukið er út jafnt og þétt þeim megin á framstykki sem er nær miðju að framan. Athugið að um leið og lykkjum fjölgar bætist við kaðall og perluprjón að honum loknum; 6 lykkjur perluprjón, 11 lykkjur kaðalmunstur, 17 lykkjur perluprjón eftir að útaukningu er að fullu lokið.**

Fitjið upp 4 lykkjur og prjónið perluprjón 2 umferðir, aukið út í upphafi umferðar frá réttu: 3, 3, 3, 2, 2 lykkjur (munið eftir kaðli) og síðan 1 lykkju í annarri hverri umferð alls 17 sinnum. Þegar stykkið mælist 11 sm er fellt af fyrir handvegi eins og á baki 2, 1, 1 lykkjur. Prjónið áfram þar til stykkið mælist 27 sm fella þá af í hálsmáli 5, 3, 2, 1, 1 lykkjur = 18 lykkjur á öxl. Prjónið þar til stykkið mælist 31 sm. Prjónð annað framstykki en speglið.

**Ermar:** Byrjað er á að prjóna kaðalinn og lykkjur síðan teknar upp á hvorri langhlið fyrir stroff og ermi. Fitjið upp 13 lykkjur og prjónið kaðal, fram og til baka, 17 sm fellið af. Takið upp meðfram annarri langhliðinni 32 lykkjur og prjónið fram og til baka stroff (2 slétt, 2 brugðið) 4 sm. Fellið af. Takið upp meðfram hinni langhliðinni 48 lykkjur og prjónið perluprjón fram og til baka. Aukið út í 8. hverri umferð í upphafi og enda umferðar þar til 62 lykkjur eru á prjóninum. Prjónið áfram þar til ermin mælist 26 sm (stroff og kaðall mælt með). Fellið af fyrir handvegi og síðan með því að móta ermakúpul; 3, 2, 10x1, 2, 3, 4 lykkjur í upphafi hverrar umferðar. Fellið af þær lykkjur sem eftir eru. Prjónið aðra ermi eins.

**Listi á framstykki:** Takið upp 82 lykkjur (deilanlegt með 4+2) og prjónið stroff 2 slétt, 2 brugðið, 4 sm. Fellið laust af. Á hægra framstykki er gert ráð fyrir tveimur hnappagötum.

Lykkið eða saumið saman axlir, saumið saman hliðar, saumið ermar í.

**Hetta:** Takið upp lykkjur í hálsmáli (ekki lykkjurnar af listanum) 15 lykkjur af hægra framstykki, 26 lykkjur af baki, 15 lykkjur af vinstra framstykki. Prjónið slétt prjón fram og til baka, 2 umferðir, aukið út í 3. umferð í 72 lykkjur þannig; prjónið 1 lykkju slétt, (aukið út um 1 lykkju, prjónið 3 lykkjur slétt) x8, (aukið út um 1 lykkju, prjónið 2 lykkjur slétt) x3, (aukið út um 1 lykkju, prjónið 3 lykkjur slétt) x8, aukið út um 1 lykkju, prjónið 1 lykkju slétt. Haldið áfram að prjóna slétt prjón fram og til baka þar til hettan mælist 23 sm eða sú hæð sem þið viljið. Fellið af með þremur prjónum eða lykkið saman hettuna.

**Frágangur:**

Gangið frá endum og saumið tölur í. Þvoið flíkina og leggið til þerris.

Uppskrift frá KARTOPU TEKSTIL þýdd með leyfi frá þeim af Guðrúnu Maríu Guðmundsdóttur.

Góða skemmtun,

*Inga Þyri Kjartansdóttir*







## Háskólinn á Hólum

**Auglýst er til umsóknar staða reiðkennara við Háskólann á Hólum**

Um er að ræða 100% starf sem felst aðallega í reiðkennslu nemenda í BS námi við hestafræðideild. Hluti starfsins er fólginn í þjálfun á hestakosti skólans auk rannsókna- og þróunarvinnu. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Hæfni og menntunarkröfur**

Reiðkennaramenntun og reynsla af reiðkennslu, keppni og sýningum. Umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum og ferilskrá.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við ríkið. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Vinsamlegast sendið umsóknir til Háskólans á Hólum, 551 Sauðárkróki eða á netfangið umsoknir@holar.is fyrir 17. júlí 2015. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í ágúst.

Nánari upplýsingar veita Sveinn Ragnarsson deildarstjóri í síma 861-1128 eða Mette Mannseth í síma 898-8876. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 3 | | 2 |
| 4 | | | | 1 | | | | |
| 2 | | 5 | 4 | | | | 6 | |
| | | 1 | | | 6 | 9 | | |
| | | | 5 | 9 | | | | |
| | | 6 | | | | 4 | 3 | |
| | 7 | | 6 | | | | 9 | |
| 6 | | | | | 2 | | 7 | 8 |
| | | | 1 | 8 | | | | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | 1 | 7 | | | |
| 9 | | | 3 | | | 8 | | |
| | | | | | 6 | | 1 | 9 |
| | 4 | | | | | | 2 | 6 |
| | | | 8 | | | | | |
| | 5 | | | | 4 | | | |
| | 9 | | | | | | | 7 |
| 6 | 7 | 4 | | | 3 | | | 1 |
| | | | | | | | 3 | 4 |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | | 6 |
| | 9 | | | | | 4 | | |
| 8 | | | | | 1 | | 7 | |
| 9 | | | | 7 | | 2 | | |
| | | | 4 | 3 | 8 | | | |
| | | 7 | | 6 | | | | 4 |
| | 2 | | 5 | | | | | 9 |
| | | 3 | | | | | 5 | |
| 5 | | | | | 3 | 1 | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | | | 7 | |
| 3 | | 9 | | 8 | 7 | | | |
| | | | | | | | 3 | |
| | 5 | | 8 | | 2 | | | |
| 8 | 9 | | | | | | 5 | 3 |
| | | | 5 | | 1 | | 8 | |
| | 1 | | | | | | | |
| | | | 3 | 5 | | 6 | | 4 |
| | 8 | | | 6 | | | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Spilar á píanó og ætlar að verða bóndi

**Elva María er ellefu ára vatnsberi sem býr að Búlandi í Skaftártungu. Hún heldur upp á hunda og ketti og spilar á píanó. Í fyrrasumar fór hún í skemmtilega ferð til Danmerkur.**



**Nafn:** Elva Marín Elvarsdóttir.

**Aldur:** Ég er 11 ára.

**Stjörnumerki:** Vatnsberi.

**Búseta:** Búland í Skaftártungu.

**Skóli:** Kirkjubæjarskóli á Síðu.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Íþróttir.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur og hestur.

**Uppáhaldsmatur:** Kjöt í karrí sem mamma gerir.

**Uppáhaldshljómsveit:** 1D.

**Uppáhaldskvikmynd:** Shallow Hal og Step up.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég sá bróður minn í fyrsta skipti.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég spila á píanó.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Bóndi.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Þegar ég tók snuð upp úr klósettinu.

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert?** Að vakna á morgnana til að fara í skólann.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Já, ég fór til Danmerkur.

## Vélabásinn



liklegur@internet.is

### Nissan X-Trail:

# Nýr sjö manna gjörbreyttur Nissan X-Trail á góðu verði

**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Hæð | 1.695 mm |
| Breidd | 1.820 mm |
| Lengd | 4.653 mm |

**Í mörg ár átti ég Nissan X-Trail sem þjónaði mér ágætlega sem jepplingur, en nú er kominn nýr X-Trail sem hægt er að fá í nokkrum útgáfum. Ég fékk fyrir skömmu til prufuaksturs hjá BL Nissan X-Trail Tekna Plus sjö sæta dísilbíl með 130 hestafla vél.**

Bíllinn sem ég prófaði er sá dýrasti með mestum útbúnaði og kostar 6.690.000, en ódýrasti fjórhjóladrifni X-Trail bíllinn er frá 5.890.000 og er þá fimm manna. Ódýrasti X-Trail bíllinn er hins vegar bara með framhjóladrifi og kostar frá 5.490.000.



Nissan X-Trail Tekna. Myndir / HLJ

***Mikið lagt upp úr öryggi og þægindum farþega***

